

Höfuðborgarsvæðið

2040







Útgefandi

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH
2015

Svæðisskipulagsnefnd 2014–2018:

Reykjavíkurborg:

Hjálmar Sveinsson *formaður*
Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson *varaformaður*
Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarkaupstaður:

Guðlaug Kristjánsdóttir
Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson
Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir *ritari*
Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarneskaupstaður:

Bjarni Torfi Álfþórsson
Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson
Gunnar Leó Helgason

Svæðisskipulagsnefnd 2010–2014:

Reykjavíkurborg:

Páll Hjaltason *formaður*
Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson
Margrét Júlía Rafnsdóttir / Elfur Logadóttir

Hafnarfjarðarkaupstaður:

Sigríður Björk Jónsdóttir *varaformaður*
Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson *ritari*
Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir
Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarneskaupstaður:

Ólafur Egilsson / Bjarni Torfi Álfþórsson
Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson
Sigurbjörn Hjaltason

Ljósmyndir

Páll Guðjónsson

Hönnun

Darri Úlfsson

Kynning og samráð

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu þann 24. ágúst 2012 samkomulag um endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 var unnið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Á vinnslutímanum var haft viðtækt samráð við umsagnaraðila og almenning.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti verkefnislýsingu, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga, þann 24. maí 2013. Verkefnislýsingin var send umsagnaraðilum og kynnt opinberlega.

Haustið 2013 boðaði svæðisskipulagsnefnd hóp íbúa á umræðufund um sviðsmyndagreiningu á þróun

höfuðborgarsvæðisins. Niðurstöðurnar voru í kjölfarið kynntar öllum sveitarstjórnnum.


Vorið 2014 var vinnslutillaga, ásamt drögum að umhverfismati og öðrum fylgigögnum send til umsagnaraðila og kynnt opinberlega, samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Tillaga að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins ásamt fylgigögnum var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd þann 22. ágúst 2014. Að lokinni afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna var tillagan auglýst og kynnt í samræmi við 24. gr. skipulagslaga. Opið var fyrir athugasemdir frá 12 desember 2014 til 2. febrúar 2015.

Afgreiðsla og gildistaka

Á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 10. apríl 2015 var samþykkt að senda endanlega tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 til lokaafgreiðslu aðildarsveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 25 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af aðildarsveitarstjórnnum, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda samanber 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Borgarstjórn Reykjavíkurborgar
samþykkti svæðisskipulagið 2. júní 2015



Bæjarstjórn Garðabæjar
samþykkti svæðisskipulagið 7. maí 2015



Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar
samþykkti svæðisskipulagið 27. maí 2015



Bæjarstjórn Kópavogsbæjar
samþykkti svæðisskipulagið 12. maí 2015



Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
samþykkti svæðisskipulagið 6. maí 2015



Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar
samþykkti svæðisskipulagið 13. maí 2015



Hreppsnefnd Kjósarhrepps
samþykkti svæðisskipulagið 26. maí 2015



Skipulagsstofnun
staðfesti svæðisskipulagið 29. júní 2015

Sýn

Höfuðborgarsvæðisins

2040

Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir launum og lífskjörum sem eru á borð við þau bestu í heiminum. Rannsóknastofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórrí nýsköpun á fjölmörgum sviðum. Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarsamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Höfuðborgarsvæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill starfa þar um lengri eða skemmri tíma eða njóta þess sem gestir.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 nefnist Höfuðborgarsvæðið 2040 og er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin. Höfuðborgarsvæðið er eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru.

Á Íslandi er hefur einungis eitt borgarsvæði og sem slíkt gegnir höfuðborgarsvæðið veigamiklu hlutverki sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og menningar fyrir landið allt.

Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífellt meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lykilatriði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir.

Síðustu áratugi hefur höfuðborgarsvæðið verið í örur vexti og flest bendir til að svo verði áfram. Með auknum vexti blasa við flóknar áskoranir, fyrirséðar og ófyrirséðar, sem íbúar svæðisins standa frammi fyrir og er stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 mótuð til að leiðbeina við úrlausn þeirra. Lykilatriði í stefnunni er að sá vöxtur verði

hagkvæmur og ekki verði gengið á umhverfisgæði þeirra sem þar búa fyrir. Það er því nauðsynlegt að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli og án þess að óbyggt land verði brotið í sama mæli og síðustu áratugi.

Nýtt hágæðakerfi almenningssamgangna, Borgarlína, getur gegnt þar lykilhlutverki og tengt kjarna allra sveitarfélaganna saman með samgöngu- og þróunarási. Með Borgarlínu verður til skilvirkur valkostur í samgöngum, þar sem íbúar geta gengið að hágæða almenningssamgöngukerfi og ferðast fljótt um höfuðborgarsvæðið.



Byggðapróun verður samofin góðu samgönguneti. Uppbyggingu íbúða og atvinnu verður beint í sem mestum mæli inn á svæði sem njóta góðra almenningssamgangna. Farþegagrunnur almenningssamgangna verður því styrktur og þannig skapast skilyrði fyrir bætta þjónustu. Borgarlína og samgöngumiðuð uppbygging sem beint er á kjarna víðs

vegar um höfuðborgarsvæðið mun styrkja öll hverfi. Álag á miðborgina minnkar með því að skapa fleiri eftirsóknarverð svæði sem eru tengd hágæða almenningssamgöngum.

Hið gjöfula samstarf sem lagður er grunnur að í nýju svæðis- skipulagi – Höfuðborgarsvæðið 2040 – verður drifkraftur fyrir farsæla uppbyggingu nútíma borgarsvæðis þar sem unnið verði að sjálfbærri þróun. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru ólík og mikilvægt er að þau fóstri sín sérkenni til að allir geti fundið byggð við sitt hæfi. Þannig verði skapaður frjósamur jarðvegur sem laði það besta fram á svæðinu öllu.

ÞEMAKORT OG SKÝRINGARMYND

Þemakort til vinstri sýnir meginstef Höfuðborgarsvæðisins 2040 um kjarna og vaxtamörk. Dregin er upp einföld skýringarmynd af höfuðborgarsvæðinu með kjörnum og samgöngu- og þróunarás sem tengir sveitarfélögin saman meðfram nýjum almenningssamgöngum - Borgarlínu. Nánari umfjöllun um stefnuna er í 3. kafla.



Ávörp

Heildin er sterkari en summa einstakra hluta er stundum haft á orði þegar ólíkir þættir koma saman og mynda eina sterka heild. Þetta orðatiltæki á vel við á höfuðborgarsvæðinu þar sem við höfum sjö ólík sveitarfélög sem öll hafa sína sérstöðu en njóta um leið nálægðarinnar hvert við annað. Þessi mynd er staðfest í nýju svæðisskipulagi sem hér er kynnt.

Höfuðborgarsvæðið er eitt búsetusvæði og íbúar þess njóta sameiginlega þeirra gæða sem það býður upp á, hvort sem horft er til menningar, útivistarsvæða eða atvinnutækifæra. Með góðri samvinnu sveitarfélaganna og sameiginlegri stefnu um byggðarþróun, samgöngumál og umhverfismál, svo dæmi séu tekin, aukast lífsgæði íbúa, hægt verður að bjóða upp á betri þjónustu og um leið stuðla að aukinni hagkvæmni og sjálfbærni. Í samvinnunni felast gullin tækifæri sem við eigum að vera óhrædd við að grípa.

Um leið og við styrkjum heildina inn á við með lífsgæði íbúa í huga styrkist hún jafnframt út á við. Höfuðborgarsvæðið er auk íslenskrar náttúru það sem helst dregur ferðamenn og fjárfesta til landsins. Með því að styrkja höfuðborgarsvæðið eru undirstöður atvinnulífsins styrktar og svæðið verður eftirsóknarverðara heim að sækja bæði fyrir landa okkar af landsbyggðinni og þá sem koma lengra að.

Ég óska íbúum á höfuðborgarsvæðinu til hamingju með nýtt svæðisskipulag.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar
formaður stjórnar SSH 2012-2014

Stundum er sagt að við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er ekki alveg rétt. Við vitum heilmikið, sem betur fer. Að öðrum kosti væri ekkert hægt að skipuleggja til framtíðar. Við vitum að gott byggingarland er ekki ótakmarkað, að jarðeldsneyti er takmörkuð verðmæti og að bruni á jarðeldsneyti veldur verulegri mengun. Við vitum, eftir að hafa lesið ítarleg fylgiskjöl svæðisskipulagsins, að íbúum höfuðborgarsvæðisins mun fjölga um 70 000 þúsund til ársins 2040. Haldi byggðin áfram að þróast út á við, eins og hún hefur gert síðustu áratugina, og ferðavenjur verða þær sömu, mun bílaumferð aukast langt umfram íbúafjölgun, að öllum líkindum, og umferðartafir verða verulegar.

Svæðisskipulagið er skipulagsáætlun sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það byggir á skuldbindandi samkomulagi sveitarfélaganna frá 24. ágúst 2012 um að stefna að hagkvæmri og sjálfbærri borgarþróun. Í fylgiskjali samkomulagsins er hnykkt sérstaklega á því. Þar segir að markmið um sjálfbæra þróun verði „ráðandi í skipulagi svæðisins með blandaðri landnotkun, þéttingu byggðar og vistvænum samgöngum“.

Þessar skýru áherslur ganga eins og rauður þráður í gegnum svæðisskipulagið. Það er í takt við borgarþróun víða í heiminum í dag því æ fleiri gera sér grein fyrir þeim miklu lífsgæðum sem vistvænt, hagkvæmt, fjölbreytt og fallett borgarumhverfi býr yfir.

Höfuðborgarsvæðið á að vera framúrskarandi fyrir þá sem hér búa og starfa. Þannig og aðeins þannig getur það tekið þátt í þeirri miklu alþjóðlegu samkeppni borganna um fólk, fyrirtæki, fjármagn og viðskipti.

Svæðisskipulagið er virk skipulagsáætlun sem verður fylgt eftir allan tímann sem það verður í gildi. Í samkomulagi sveitarfélaganna segir að sveitarfélögin skuldbindi sig til að virða skipulagið og hafa það að leiðarljósi við gerð aðalskipulags og endurskoðunar þess.

Í svæðisskipulaginu er gengið út frá því að höfuðborgarsvæðið sé eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður, með sameiginleg grunngerfi, útivistarsvæði, auðlindir, útmörk, landslag og náttúru.

Að baki skipulagsins liggur mikil fagleg og þverpólísk vinna. Það byggir á ítarlegu umhverfismati, mannfjöldaspám, greinargerð um vatnsvernd, íbúðþingi, sviðsmyndagreiningu, umferðarmati, ferðavenjukönnunum og mati á ferðavenjum, greinargerð um hagkerfi og greinargerð um náttúru og útivist. Öllum þeim sem unnu að skipulaginu er þakkað fyrir að hafa fært okkur mikilvægt leiðarljós inn í framtíðina.

Hjálmar Sveinsson

formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2014–2018

Í fyrsta kafla er fjallað um hvers konar svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðið 2040 er og gert grein fyrir sögulegu samhengi þess.



Annar kafli dregur fram þær áskoranir sem höfuðborgarsvæðið stendur frammi fyrir næstu áratugi og nauðsynlegt er að svæðisskipulagið taki mið af.



Í þriðja kafla er stefnan sett fram undir leiðarljósum, í markmiðum og aðgerðum. Stefnan er skýrð frekar með þemakortum og skýringarmyndum.



Fjórði kafli er helgaður framfylgd og árangursmati Höfuðborgarsvæðisins 2040.



Í fimmta kafla er að finna lýsingu á hvernig umhverfisáhrif stefnunnar voru metin og tilgreind þau viðmið sem höfðu áhrif á mótun stefnunnar.



1

HVAÐ ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

| | |
|------------------------------------------------------------|--------|
| Inngangur | bls 12 |
| Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi | 14 |
| Túlkun og framfylgd | 14 |
| Sögulegt og landfræðilegt samhengi | 16 |

2

HELSTU ÁSKORANIR

| | |
|--------------------------------------------|----|
| Áframhaldandi vöxtur | 18 |
| Breyttar húsnæðisþarfir | 20 |
| Veikleikar í stjórnkerfinu | 21 |
| Alþjóðleg samkeppnishæfni | 22 |
| Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð | 22 |
| Lýðheilsa | 23 |

3

STEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

| | |
|----------------------------------------------------------------|----|
| LEIÐARLJÓÐ 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins | 24 |
| LEIÐARLJÓÐ 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi | 28 |
| LEIÐARLJÓÐ 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni | 38 |
| LEIÐARLJÓÐ 4: Heilnæmt umhverfi | 52 |
| LEIÐARLJÓÐ 5: Gott nærumhverfi | 60 |
| Landnotkun – megindrættir | 74 |
| | 80 |

4

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

| | |
|-------------------------------------------------------------------|----|
| LEIÐARLJÓÐ 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins | 82 |
| Innleiðing í skipulagsáætlanir | 85 |
| Endurskoðun | 90 |
| Árangursmæling | 90 |
| | 92 |

5

UMHVERFISMAT SVÆÐISSKIPULAGSINS

| | |
|----------------------------|-----|
| Samantekt umhverfisskýrslu | 98 |
| Áfangaskipting | 100 |
| Niðurstaða matsvinnu | 102 |
| Tengsl við aðrar áætlanir | 103 |
| Vöktun og eftirfylgni | 105 |
| | 105 |

FYLGIRIT

106

VIÐAUKI

108

Matsþættir og matsspurningar

108



HVAD ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

Inngangur

Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi

Túlkun og framfylgd

Sögulegt og landfræðilegt samhengi

Lykilhugtök

2

HELSTU ÁSKORANIR

Áframhaldandi vöxtur

Breyttar húsnæðisþarfir

Veikleikar í stjórnkerfinu

Alþjóðleg samkeppnishæfni

Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð

Lýðheilsa

3

STEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

LEIÐARLJÓÐ 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

LEIÐARLJÓÐ 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi

LEIÐARLJÓÐ 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

LEIÐARLJÓÐ 4: Heilnæmt umhverfi

LEIÐARLJÓÐ 5: Gott nærumhverfi

Landnotkun – megindrættir

4

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

LEIÐARLJÓÐ 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

Innleiðing í skipulagsáætlanir

Endurskoðun

Árangursmæling

5

UMHVERFISMAT

Samantekt umhverfisskýrslu

Áfangaskipting

Niðurstaða matsvinnu

Tengsl við aðrar áætlanir

Vöktun og eftirfylgni

HVAÐ ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

Inngangur

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu samþykktu í ágúst 2012, með sérstöku samkomulagi, að vinna að heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Nýtt svæðisskipulag skyldi taka mið af þeim eðlisbreytingum sem urðu á svæðisskipulagsstiginu með nýjum skipulagslögum. Skrifstofu SSH var falin verkefnisstjórn og í lok árs 2012 var ráðinn svæðisskipulagsstjóri til að leiða verkefnið í samvinnu við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins. Margir hafa komið að verkefninu; þverfaglegt ráðgjafateymi, stutt lykilstarfsmönnum sveitarfélaga, mótaði tillögur og einnig var haft samráð við lykilstofnanir s.s. Vegagerðina og Skipulagsstofnun.


Nýtt svæðisskipulag, sem hefur fengið yfirskriftina Höfuðborgarsvæðið 2040, er sameiginleg áætlun sveitarfélaganna um uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu til næstu 25 ára.

Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi

Í Höfuðborgarsvæðinu 2040 er að finna ýmis nýmæli og breytingar frá svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu og hvernig áætlunin nýtist sveitarfélögunum og öðrum hagsmunaaðilum við þróun byggðar.

Með nýjum skipulagslögum nr. 123/2010 var lögfest að ávallt skuli vera í gildi svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Í skipulagslögum og skipulagsreglugerð 090/2013 kemur fram skýr vilji löggjafans til að skerpa á ólíku hlutverki skipulagsáætlana eftir skipulagsstigum, samspili þeirra og koma í veg fyrir óþarfa skörun. Lögð er áhersla á að breyta umgjörð svæðisskipulags frá því að vera staðbundið landnotkunarskipulag yfir í að móta sameiginlega sýn, með meginstefnu um helstu hagsmunabætti sveitarfélaganna, sem aðrar skipulagsáætlanir byggjast á.

Höfuðborgarsvæðið 2040 er því stefnumótandi áætlun þar sem sett eru fram leiðarljós, markmið og aðgerðir, um þau viðfangsefni sem snerta sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna. Höfuðborgarsvæðið 2040 mun ekki fjalla um einstakar framkvæmdir né útfæra nákvæmlega staðsetningu ákveðinnar landnotkunar. Slíkar ákvarðanir eru settar fram og útfærðar í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem skulu vera í samræmi við stefnumarkandi áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040, sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nánari umfjöllun um tengsl við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 er í 5. kafla.



KRÝSUVÍK

KORT 1 – SVEITARFÉLÖG SEM MYNDA HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélagamörk eru byggð á grunni Landmælinga Íslands, en óvissa ríkir um legu þeirra á vissum stöðum.

KJÓSARHREPPUR
 REYKJAVÍKURBORG
 MOSFELLSBÆR
 KÓPAVOGSBÆR

GARÐABÆR
 HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR
 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

Túlkun og framfylgd

Til að stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 geti haft tilætluð áhrif er mikilvægt að sameiginlegur skilningur ríki um hvernig beri að túlka stefnuna þegar þarf að yfirfara samræmi aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna og meta hvort þær séu í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Höfuðborgarsvæðið 2040 endurspeglar þá þróun sem hefur orðið á sviði skipulagsmála á heimsvísu þar sem borgarsvæði eru skipulögð í víðu samhengi til að takast á við flókin viðfangsefni sem ná yfir stjórnsýslumörk. Ekki er um hefðbundið landnotkunarskipulag að ræða og eru efnistöð og framsetning stefnunnar sett fram í greinargerð og studd með þemauppdráttum. Stefnan markar umgjörð um aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna.

Í Höfuðborgarsvæðinu 2040 eru skipulagsþættir sem hafa mikið svæðisbundið gildi festir í svæðisskipulagi og breyting á þeim kallar á breytingu á svæðisskipulagi ef vikið er frá þeim. Um aðra skipulagsþætti er mörkuð almenn stefna og útfærslu vísað til aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna. Það verður mat svæðisskipulagsnefndar í hverju tilfalli hvort breytingar á almennri stefnu eru í samræmi við svæðisskipulag eða kalla á breytingu á því. Mat svæðisskipulagsnefndar byggir á samræmi tillögunnar við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og þá skipulagsþætti sem eru festir í svæðisskipulagi annars vegar og mótuð er almenn stefna um hins vegar. Sjá nánar töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Nánar er fjallað um framkvæmd og eftirfylgni Höfuðborgarsvæðisins 2040 í kafla 4 og þá skipulagsþætti sem eru festir í svæðisskipulagi annars vegar, og mótuð almenn stefna um hins vegar (tafla 3).

Sögulegt og landfræðilegt samhengi

Allt frá því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hófu með sér formlegt samstarf árið 1976 með stofnun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa skipulagsmál verið eitt af meginverkefnum. Þetta svæðisskipulag er það þriðja frá upphafi og leysir af hólmi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024.

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem varðar sameiginlega hagsmuni þeirra. Sjö sveitarfélög standa að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins: Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.

Þessi sveitarfélög eiga í margþættu samstarfi með formlegum samstarfsverkefnum s.s. Sorpu bs., Strætó bs., skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Einnig er samstarf um framtíðar stefnumótun með gerð sóknaráætlunar og endurskoðun á vatnsverndarsvæðum. Höfuðborgarsvæðið 2040 tekur mið af þessum samstarfsverkefnum sveitarfélaganna, sem skjóta styrkari stoðum undir árangursríkt samstarf sveitarfélaganna.



2

1

HVAÐ ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

Inngangur

Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi

Túlkun og framfylgd

Sögulegt og landfræðilegt samhengi

Lykilhugtök

HELSTU ÁSKORANIR

Áframhaldandi vöxtur

Breyttar húsnæðisþarfir

Veikleikar í stjórnkerfinu

Alþjóðleg samkeppnishæfni

Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð

Lýðheilsa

3

STEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

LEIÐARLJÓÐ 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

LEIÐARLJÓÐ 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi

LEIÐARLJÓÐ 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

LEIÐARLJÓÐ 4: Heilnæmt umhverfi

LEIÐARLJÓÐ 5: Gott nærumhverfi

Landnotkun – megindrættir

4

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

LEIÐARLJÓÐ 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

Innleiðing í skipulagsáætlanir

Endurskoðun

Árangursmæling

5

UMHVERFISMAT

Samantekt umhverfisskýrslu

Áfangaskipting

Niðurstaða matsvinnu

Tengsl við aðrar áætlanir

Vöktun og eftirfylgni

HELSTU ÁSKORANIR

Áframhaldandi vöxtur


Höfuðborgarsvæðið hefur verið í örum vexti frá því í byrjun síðustu aldar og dregið að sér sífellt stærra hlutfall af landsmönnum öllum. Síðustu 25 ár fjölgaði íbúum svæðisins um 70.000 og gera má ráð fyrir að til ársins 2040 haldi íbúafjöldinn áfram að vaxa. Ef lítið er til þróunar alls landsins þá átti tæp 90% af allri fjölgun síðustu 25 ára sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Suðvesturhornið hefur einnig verið í vexti meðan íbúafjöldi annarra landshluta hefur ýmist staðið í stað eða minnkað.

Þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu er nú orðið nær samfellt frá Hafnarfirði í suðri til Mosfellsbæjar í norðri. Hin síðari ár hefur byggðin þynnst verulega, þannig að meira landrými fer nú undir hvern íbúa en nokkru sinni fyrr. Árið 2012 bjuggu að meðaltali um 35 íbúar á hverjum hektara, sem er mjög dreifð byggð fyrir borgarsvæði. Íbúaspá höfuðborgarsvæðisins (Fylgirit 3) gerir ráð fyrir að árleg fjölgun verði um 1,1% og til ársins 2040 fjölgi íbúum á höfuðborgarsvæðinu um ríflega 70.000. Íbúaspáin reiknar með að hlutfall höfuðborgarsvæðisins af allri fjölgun landsmanna verði áfram um 90%. Einnig má búast við áframhaldandi vexti á suðvesturhorni landsins.

Á sama tíma og íbúum fjölgar benda spár til mikillar fjölgunar ferðamanna. Einnig má gera ráð fyrir að íbúum nággranna byggða fjölgi töluvert og að stór hluti íbúa þar muni sækja vinnu, nám og þjónustu á höfuðborgarsvæðið.

Landrými til uppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu er takmörkuð auðlind og erfitt er að halda áfram að dreifa uppbyggingu út frá núverandi byggð. Árið 1985 voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu um 133.000 eða ríflega 70 þúsund færri en árið 2012. Þá bjuggu að meðaltali 54 íbúar á hektara, en árið 2012 var það hlutfall komið niður í 35 íbúa á hektara. Frá 1985


hafa 37,5 km² verið teknir undir íbúðabyggð, sem er álíka stórt landsvæði og Reykjavík vestan Suðurlandsvegjar ásamt Seltjarnarnesi. Nær ómögulegt verður að finna svo mikið byggingarland fyrir næstu 70 þúsund íbúa þegar tekið er tillit til allra takmarkana sem eru á landnotkun (Fylgirit 1B). Fólksfjölgun fylgir aukið álag á innviði höfuðborgarsvæðisins. Bílaumferð hefur vaxið hlutfallslega meira en íbúafjöldi síðustu áratugi með breytingum á ferðavenjum. Lengd ferða hefur aukist eftir því sem mörk byggðarinnar hafa þanist út. Hlutfall ferða sem farnar eru á bíl á höfuðborgarsvæðinu er með því hæsta sem finnst í borgum af sambærilegri stærð á norðlægum slóðum eða um 75%.



SKÝRINGARMYND 1:
VÖXTUR SÍÐUSTU
ÁRATUGA

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 70.000 á milli árána 1985 og 2012, sem er jafnmikil fjölgun og gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu. Sá vöxtur var óhagkvæmur, tók undir sig mjög mikið landsvæði með tilheyrandi þynningu byggðar og nær tvöföldun á bílaeign.

Fólksfjölgun í aldurshópum frá 2010 – 2040



Hlutfall aldurshópa af fjölgun frá 2010 - 2040

| Hlutfall | 21% | 13% | 29% | 38% | = 100% |
|--------------|--------|-------|--------|--------|----------|
| Fólksfjölgun | 14.500 | 9.000 | 20.000 | 26.500 | = 70.000 |
| Aldursbil | <20 | 20-39 | 40-66 | +67 | |

SKÝRINGARMYND 2: BREYTINGAR Í ALDURSDREIFINGU

Miklar breytingar eru fyrirsjáanlegar í aldersdreifingu íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Af þeirri 70.000 íbúa viðbót sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu er 67% hennar fjölgun í aldurshópum yfir 40 ára.

Hlutdeild almenningssamgangna í ferðum innan svæðisins er lág í alþjóðlegum samanburði, einungis 4% ferða (Fylgirit 5).

Í upphafi skipulagstímabilsins eru um 126 þús. fólksbifreiðar á skrá á höfuðborgarsvæðinu. Að jafnaði eru því yfir 1,5 fólksbifreiðar á hverju heimili. Ef fólksbifreiðum fjölgar í sama hlutfalli og íbúum og ferðavenjur verða óbreyttar, munu rúmlega 40 þús. fólksbifreiðar bætast við bílafloata höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Það jafngildir öllum fólksbifreiðum í Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ til samans (Fylgirit 5).

Breyttar húsnæðisþarfir

Aldursskipting íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur breyst verulega á síðustu 20 árum og hefur miðaldur hækkað úr 31,3 árum í 34,2 ár. Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram á næstu áratugum. Til ársins 2040 verður langmest fjölgun í elsta aldurshópnum, 67 ára og eldri, eða um 38%. Samhliða þeirri þróun verður hægari fjölgun í aldurshópnum 20–39 ára eða um 13% aukning (Fylgirit 3).

Þróun í lýðfræði á höfuðborgarsvæðinu bendir í þá átt að heimilum án barna fjölgi hlutfallslega meira en heimilum með börn. Þróun á sambærilegum borgarsvæðum erlendis gefur vísbendingar um hvert þróunin stefnir og hvaða áhrif það mun

hafa á breyttar kröfur til húsnæðismarkaðarins, þ.e.a.s. þörf á húsnæði fyrir einstaklinga og barnlaugar fjölskyldur (Fylgirit 7).

Breytt aldurssamsetning og fjölskyldumynstur eru líkleg til að hafa markverð áhrif á húsnæðismarkaðinn. Á grundvelli þessa má gera ráð fyrir hlutfallslega minni spurn eftir íbúðum fyrir barnafólk. Sú aukna spurn sem er nú eftir minni íbúðum er því líkleg til að verða viðvarandi, sérstaklega í ljósi mikillar fjölgunar í aldurshópnum 67 ára og eldri.

Erfiðleika hefur gætt á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu síðustu árin. Skortur á húsnæði á viðráðanlegu verði hefur aukist verulega frá efnahagshruni jafnt til kaups og leigu. Leigumarkaðurinn hefur lengi verið óstöðugur og íbúar haft lítið annað val en að fjárfesta í eigin húsnæði (Fylgirit 7).

Kannanir sem gerðar hafa verið sýna aukna ásókn í smærri íbúðir miðsvæðis þar sem gott aðgengi er að margvíslegri þjónustu. Að sama skapi hefur verið erfiður markaður fyrir stór einbýlishús í jaðri höfuðborgarsvæðisins (Fylgirit 7).

Veikleikar í stjórnkerfinu

Tvö stjórnarsýslustig eru á Íslandi, ríki og sveitarfélög. Sveitarstjórnarlög tryggja hverju sveitarfélagi sjálfsákvörðunarrétt og samstarf sveitarfélaga kristallast á þeim rétti.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) voru stofnuð árið 1976, sérstaklega sem samstarfsvettvangur um skipulagsmál. Frá stofnun hafa samtökin gengið í gegnum nokkur skeið þar sem mismikil áhersla er lögð á skipulagsmál. SSH er hvorki formlegt stjórnvald né er sveitarfélögunum skylt að eiga aðild að samtökunum. Samstarfið innan SSH byggist því á vilja sveitarfélaganna til þátttöku í frjálsu samstarfi og hvernig það þjónar þeirra hagsmunum á hverjum tíma. Með nýjum skipulagslögum er svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins eina lögbundna samstarfsverkefnið.

Veikleikar eru í stjórnkerfinu sem m.a. felast í lítilli langtíma stefnumótun ríkisins og að stefnur og áætlanir skorti innbyrðis tengsl og samhæfingu. Einnig er algengt að verkefni og aðgerðir eigi sér ekki örugga stoð í fjárlagagerð.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga gengur vel á mörgum sviðum. Of algengt er þó að togstreita og vantraust sé í samskiptum milli aðila. Í sumum tilvikum telur ríkið sveitarfélögin skorta getu til að standa faglega að ákvörðunum. Í öðrum telja sveitarfélögin ríkið ganga bak fjárhagslegra samninga sem nauðsynlegir eru til að fylgja verkefnum eftir eins og að er stefnt.

Þessi togstreita hefur þau áhrif að skipulagsáætlanir verða oft ómarkvissar. Þetta á einkum við þegar ósamkomulag er milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgöngumannvirkja og rekstur almenningssamgangna. Framtíð Reykjavíkurflugvallar er dæmi um slíkt mál.

Alþjóðleg samkeppnishæfni

Fólksflutningar úr dreifbýli í þéttbýli – sérstaklega í borgarumhverfi – er ein stærsta umbreyting á ásýnd byggðar í heiminum á síðustu öld. Fátt bendir til að sú þróun muni hætta, þó búast megi við að það hægi töluvert á henni í þróuðum hagkerfum líkt og á Íslandi. Alþjóðleg samkeppni milli borgarsvæða harðnar með hverju ári og helst í hendur við flæði fólks,

fjármagns og fyrirtækja þvert á landamæri og landshluta. Kröfur eru gerðar um spennandi umhverfi til að starfa í, búa í og stunda tómstundir. Borgir eru efnahagslegur drifkraftur þjóðríkja og suðupottur hugmynda og nýsköpunar.


Í nýlegum úttektum hefur komið í ljós að höfuðborgarsvæðið stendur hinum Norðurlöndunum að baki samhliða því sem samkeppnishæfni Íslands hefur minnkað í alþjóðlegum samanburði (Fylgirit 4).

Ísland er fámennnt land og höfuðborgarsvæðið eina borgarsvæðið. Höfuðborgarsvæðið á því ekki í samkeppni við önnur borgarsvæði innanlands, heldur mun frekari samkeppni við erlendar borgir með íbúafjöldann 100.000–500.000 íbúa. Mikilvægt er að landið verði áfram valkostur fyrir vel menntað fólk til að setjast að.

Með markvissu skipulagi má móta umgjörð um ýmsa málaflokka á borð við lífsgæði, sjálfbærni, heilsu, öryggi og samgöngur, sem vega þungt í samkeppnishæfni svæða út á við. Hæfni til nýsköpunar er forsenda samkeppnishæfni borga sem og ríkja í nútímasamfélagi (Fylgirit 4).

Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð

Athafnir manna á síðustu 50 árum hafa valdið meiri breytingum á vistkerfi heimsins en á nokkru öðru tímabili í sögu mannsins og dregið hefur úr líffræðilegum fjölbreytileika. Þeir þættir sem hafa valdið mestum áhrifum eru m.a. eyðing búsvæða, ósjálfbær nýting náttúruauðlinda og mengun (Fylgirit 1B). Aukin losun gróðurhúsalofttegunda af manna völdum veldur loftslagsbreytingum og meðal afleiðinga er að yfirborð sjávar hækkar með aukinni flóðahættu, gróðurbelti færast til, breytingar geta orðið á ýmsum lífsskilyrðum í sjó og því er spáð að hlýnun af manna völdum næstu hundrað árin geti orðið á bilinu 1,8–4,0°C (Fylgirit 1B).



SKÝRINGARMYND 3: SAMKEPPNISHÆFNI Á NORÐURLÖNDUM

Mæling PVC á samkeppnishæfni höfuðborga á Norðurlöndunum í 10 málaflokkum. Markvisst skipulag og áætlanagerð getur haft mikil áhrif á þróun málaflokkanna.

Loftgæði á höfuðborgarsvæðinu ráðast að miklu leyti af bíla-umferð en hún hefur aukist mikið sl. áratugi með tilheyrandi útstreymi gróðurhúsalofttegunda og svifryksmengun. Auk áhrifa á loftgæði leiðir losun gróðurhúsalofttegunda til hærra hitastigs og hlýnunar á jörðinni. Mikilvægt er því að draga úr losun og eru margvíslegar mótvægisáðgerðir mögulegar t.d. í samgöngum með aukinni notkun almenningsgangna og að fleiri velji að hjóla eða ganga (Fylgirit 1B). En til að slíkar mótvægisáðgerðir í samgöngum gangi upp þarf að stemma stigu við útpenslu borgarinnar, beina vextinum í auknum mæli inn á við og ná þannig að byggja upp hagkvæmar samgöngur.

Lýðheilsa

Mörg heilsuvandamál nútímans, svo sem hjartasjúkdómar, sykursýki, offita, stoðkerfisverkir og þunglyndi, tengjast lífsstíl sem einkennist af kyrrsetu og hreyfingarleysi. Síðustu áratugi hafa rannsóknir dregið fram að mjög miklar líkur séu á að skipulag byggðar og umhverfis þettbýlis geti örvað eða latt fólk til útiveru og hollra lífnaðarháttanna. Skipulag sem einkennist af stuttum vegalengdum, þéttri byggð, blöndun íbúða og atvinnustarfsemi, áherslu á almenningsgangur, göngu og hjóleiðar ásamt góðu aðgengi að útivistarsvæðum, ýtir undir hreyfingu fólks (Fylgirit 1B).

Áhrif umhverfisins á sálfræðilegar eða andlegar hliðar heilsu skipta líka máli og leita þarf leiða til þess að gera borgarumhverfið þannig úr garði að það auki vellíðan, bæti andlega heilsu og hvetji til hreyfingar.

Umhverfi má telja heilsuvænt ef það:

- Tryggir hreint vatn og loft og er almennt ómengað.
- Hvetur fólk til reglubundinnar hreyfingar.
- Kveikir jákvæðar hugsanir og tilfinningar.
- Ýtir undir að fólk hittist og eigi samskipti sem styrkir bæði félagslega heilsu einstaklinga og samfélagsins.
- Hefur sterk sérkenni sem skapa skýra ímynd í hugum fólks sem aftur styrkir sjálfsmynd einstaklinga og samfélags.
- Hefur kyrrlát svæði í nágrenninu til slökunar og endurnæringar.

Niðurstöður rannsókna um jákvæð áhrif náttúrunnar á heilsu manna gefa tilefni til að huga betur að því hvaða hlutverki náttúrulegir þættir eins og vatn, fuglalíf, tré og annar gróður geta gegnt í að skapa heilnæmt borgarumhverfi (Fylgirit 1B).

3

1

HVAÐ ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

Inngangur

Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi

Túlkun og framfylgd

Sögulegt og landfræðilegt samhengi

Lykilhugtök

2

HELSTU ÁSKORANIR

Áframhaldandi vöxtur

Breyttar húsnæðisþarfir

Veikleikar í stjórnkerfinu

Alþjóðleg samkeppnishæfni

Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð

Lýðheilsa

STEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

LEIÐARLJÓÐ 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

LEIÐARLJÓÐ 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi

LEIÐARLJÓÐ 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

LEIÐARLJÓÐ 4: Heilnæmt umhverfi

LEIÐARLJÓÐ 5: Gott nærumhverfi

Landnotkun – megindrættir

4

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

LEIÐARLJÓÐ 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

Innleiðing í skipulagsáætlanir

Endurskoðun

Árangursmæling

5

UMHVERFISMAT

Samantekt umhverfisskýrslu

Áfangaskipting

Niðurstaða matsvinnu

Tengsl við aðrar áætlanir

Vöktun og eftirfylgni

STEFNA HÖFUÐBORGAR- SVÆÐISINS 2040

Höfuðborgarsvæðið 2040 er sameiginleg sýn á vöxt svæðisins til næstu 25 ára og byggist á því sjónarmiði að aukin og markviss samvinna sé lykillinn að farsælli úrlausn á því flókna verkefni sem er uppbygging góðrar borgarbyggðar.

Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040, sem hér er lögð fram, markar stefnu í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vilja vinna að breytingum á og sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna. Höfuðborgarsvæðið 2040 er ekki allsherjar lausn á öllum þeim flóknu skipulagsviðfangsefnum sem íbúar svæðisins munu standa frammi fyrir næstu 25 árin. Stefnan er yfirgrípsmikil áætlun sem er stefnumarkandi í fjölmörgum skipulagsþáttum og er ætlað að stuðla að betri skipulagsákvörðunum.

Þau viðfangsefni í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 sem lúta að nýtingu lands eru sett fram í fimm leiðarljósum sem skiptast niður í ákveðin markmið. Undir hverju markmiði hafa verið skilgreindar aðgerðir sem beinast annars vegar að svæðisskipulagsnefnd og SSH og hins vegar að sveitarfélögum og byggðasamlögum sem þau reka. Einnig er athyglinni beint að nauðsynlegri aðkomu annarra s.s. stjórnvalda, stofnana og félaga sem ekki lúta stjórn sveitarfélaganna. Sú framsetning er mikilvæg til að stefnan geti haft tilætluð áhrif á ákvarðanatöku þvert á ráðuneyti og milli stjórn-sýslustiga. Með þessu er lögð áhersla á mikilvægi fjölbættrar aðkomu svo vel megi takast til við hið flókna úrlausnarefni sem þróun höfuðborgarsvæðisins er. Það verður í höndum svæðisskipulagsnefndar og skrifstofu SSH að beita sér fyrir samstarfi með ofangreindum aðilum, sbr. markmið 6.2.

Aðgerðir sem beinast að svæðisskipulagsnefnd, SSH og sveitarfélögum eiga sér bakland í samkomulagi sem sveitarfélögin gerðu með sér um gerð nýs svæðisskipulags, sóknar-áætlun og öðrum stefnumótandi verkefnum. Þær aðgerðir

sem beinast að öðrum eiga oftast rætur í lögskipuðu hlutverki þeirra eða koma úr fyrirliggjandi áætlunum eða öðrum stefnuskjölum. Dæmi um slíka áætlun er samgönguáætlun ríkisins.

Við mótun markmiða og aðgerða var sérstaklega litið til þeirra áskorana sem höfuðborgarsvæðið stendur frammi fyrir og þeirrar sýnar sem stefnt er að. Jafnframt var stuðst við umhverfismat svæðisskipulagstillögunnar. Þar var settur fram listi yfir þætti sem hafa áhrif á lýðheilsu og lífsgæði í borgum og hann yfirfarinn m.t.t. sjálfbærni, samkeppnishæfni og stefnu íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og skipulagsmálum. Við vinnslu umhverfismatsins voru matsþættirnir skilgreindir út frá líkani Barton og Grant, sjá 5. kafla. Við mótun Höfuðborgarsvæðisins 2040 voru drög að stefnumiðum rýnd m.t.t. samræmis við þessi viðmið um lýðheilsu, sjálfbærni og samkeppnishæfni til að tryggja að áhrif stefnunnar á umhverfi, samfélag og efnahag yrðu sem jákvæðust.

Sá hluti stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 sem snýr að auknu samstarfi sveitarfélaganna um umgjörð og áherslu skipulagsmála er sjötta leiðarljósið sem fær sérstaka umfjöllun í 4. kafla: Innleiðing og árangursmat. Þar er meðal annars lagður grunnur að fjögurra ára þróunaráætlun sem gerðar verða eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar með stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 að leiðarljósi.

Stefnan er sett fram í texta (með leiðarljósum, markmiðum og aðgerðum), á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsuppdættir. Áherslur sem koma fram í texta undir leiðarljósum og markmiðum teljast einnig til stefnu.

Við túlkun stefnunnar og samræmingu við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna skal taka mið af þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi og þeim sem mótuð er almenn stefna um, sjá töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

LEIÐARLJÓÐ 1

Hagkvæmur vöxtur



Skýr mörk eru dregin milli þéttbýlis og dreifbýlis. Vaxtarmörk beina vexti í auknum mæli að kjörnum og þróunarsvæðum með háu þjónustustigi almenningssamgangna. Með samgöngumiðaðri, blandaðri uppbyggingu mun íbúum og störfum fjölga án þess að álag á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins aukist í sama hlutfalli.

Með uppbyggingu innan núverandi þéttbýlis er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samgangna, veitna og almannþjónustu og dregið úr þrýstingi um uppbyggingu á óbyggðum svæðum.

Gott ræktarland er verðmæti sem haldið er við með vaxtarmörkum. Staðbundin matvælaframleiðsla færir í vöxt og mikilvægt er fyrir borgarsvæðið að öflugur landbúnaður sé innan 50 km frá markaði.

LEIÐARLJÓÐ 2

Skilvirkar samgöngur



Skipulag samgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins tryggir skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og sífellt fleiri gesti. Áhersla er lögð á eflingu hagkvæmra, vistvænna samgöngumáta sem auka ekki álag á stofnvegakerfið. Skilvirkni samgangna á mælikvarða hagkvæmni og umhverfis er aukin.

Þétt og aðlaðandi uppbygging íbúða og atvinnu í göngufæri frá almenningssamgönguásum gefur einstaklingum og fjölskyldum fjölbreytta valkosti í vali á ferðamáta, sem styður við minni umhverfisáhrif, bættu lýðheilsu og sparnað í samgöngukostnaði heimilanna.

Stofnleiðir vega, almenningssamgangna, göngu og hjólréiða mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stærri hverfiseiningar þeirra vel saman. Þessi stofnkerfi eru samþætt þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að nota fleiri en einn ferðamáta í hverri ferð kjósi þeir það.

LEIÐARLJÓÐ 3

Sókn og samkeppnishæfni



Höfuðborgarsvæðið er alþjóðlegt borgarsvæði. Það verður að standa jafnfætis sambærilegum borgarsvæðum í samkeppni um mannauð, fjármagn og fjárfestingar.

Efnahagskerfi svæðisins byggist á margþættum grunni sem svarar atvinnuþörfum einstaklinga með ólíka menntun og starfsmannþörfum fyrirtækja.

Grunnur að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins fæst með því að beina fjárfestingum í innviði sem auka við fjölbreytta uppbyggingu atvinnulífsins. Sérstök áhersla er lögð á nýsköpun og þekkingaruppbyggingu og sköpun verðmætra og vel launaðra starfa.

LEIÐARLJÓÐ 4

Heilnæmt umhverfi



Hreint loft, ómeðhöndlað drykkjarvatn, nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu og marka sérstöðu svæðisins umfram önnur borgarsvæði.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga greiðan aðgang að sameiginlegu útivistarsvæði umhverfis borgina. Þetta gefur þeim færi á að viðhalda góðri heilsu, slaka á og endurnærast, hvort sem um ræðir ströndina, Græna trefilinn, heiðar eða fjöll.

Aukin samvinna er um nýtingu neysluvatns og viðhald vatnsverndar sem tryggir íbúum aðgang að hreinu og ódýru neysluvatni.

LEIÐARLJÓÐ 5

Gott nærumhverfi




Höfuðborgarsvæðið samanstendur af ólíkum hverfum sem bjóða upp á mismunandi umhverfi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og atvinnulíf.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa aðgang að viðeigandi húsnæðiskosti á viðráðanlegu verði á öllum stigum lífsins. Íbúðarbyggð þarf að mynda sólrík og skjólgóð nærsvæði, sem stuðla að samveru fólks nærri heimilum. Íbúar búa að góðu og vel hönnuðu borgarumhverfi, sem er í sátt við veðurfar, sólfar, fyrirliggjandi umhverfi og sérstöðu hvers sveitarfélags.

Sjálfbærar hverfiseiningar byggjast á fjölbreyttum húsakosti og blandaðri landnotkun með nærþjónustu í göngufæri og aðgengi að öflugum almenningssamgöngukerfi.

LEIÐARLJÓÐ 6 – Sjá 4. kafla

Árangursrík samvinna



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga með sér náð, viðvarandi samstarf og vinna sameiginlega að byggðapróun með sérstaka áherslu á samþættingu skipulags byggðar, samgangna og þjónustuframboðs. Samstarfsvettvangur er á grunni SSH og verkefni unnin eftir stefnumótun svæðisskipulagsnefndar.

Ein lykilafrúð samstarfsins er virkt svæðisskipulag sem nálgast skipulag höfuðborgarsvæðisins heildstætt og leiðbeinir þróun þess í átt að hagkvæmni og sjálfbærni með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Gerð fjögurra ára þróunaráætlana og viðhald lykiltalna sem snerta viðfangsefni svæðisskipulagsins er grunnurinn að góðri eftirfylgni. Leitast er við að víkka samstarfið þannig að viðhald lykiltalna nái yfir allt suðvesturhorn landsins.

LEIÐARLJÓS 1




Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

Vaxtarmörk marka skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis. Nýrri byggð verður fyrst og fremst beint á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunar-svæði. Samgöngu- og þróunarásar tengja sveitarfélögin saman og leggja grunn að nútíma almenningsamgöngum.

Síðustu áratugi hefur vöxtur höfuðborgarsvæðisins leitt til dreifðari byggðar og aukinna vegalengda íbúa að þjónustu, störfum og afþreyingu. Byggnábrúun og uppbygging þjónustu hefur á köflum verið ómarkviss og stutt illa við markmið um sjálfbærni (Fylgirit 1B). Höfuðborgarsvæðið 2040 leggur megináherslu á að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt þannig að byggðin dreifi ekki óhóflega úr sér. Leiðarljós 1 styður sveitarfélögin við að ná fram hagkvæmum vexti í þróun byggðar og draga þar með úr útpenslu og óhagkvæmri uppbyggingu sem hefur neikvæð áhrif á umhverfi og lífsgæði íbúa og takmörkuð jákvæð hagræn áhrif.

Samgöngu- og þróunarár er hryggjarstykkið í Höfuðborgarsvæðinu 2040 og verður langtíma verkefni á samstarfs-vettvangi sveitarfélaganna í útfærslu og þróun. Í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 eru stigin fyrstu skref í skilgreiningu þróunarárssins og mörkun viðmiða fyrir áframhaldandi greiningu á endanlegri legu, sem verður tekin að undan-genginni ítarlegri kostnaðar- og ábatagreiningu fyrir sveitarfélögin og notendur. Samgöngu- og þróunarársinn mun tengja sveitarfélögin saman og liggja um kjarna þeirra sbr. töflu 2, bls.32. Samgöngumiðuð þróunarsvæði skulu tengjast við samgöngu- og þróunarár með vistvænum samgöngum með háu þjónustustigi. Við ákvörðun um legu hágæða almennings-samgangna – Borgarlínu – mótast samgöngu- og þróunarár endanlega. Mikilvægt er að uppbygging Borgarlínu verði samhliða þéttingu núverandi byggðar (Fylgirit 6).



SKÝRINGARMYND 4: SAMGÖNGU- OG ÞRÓUNARÁRAR

Samgöngu- og þróunarár er hryggjarstykkið í nýju svæðisskipulagi og tengir sveitarfélögin saman. Kjarnar og þróunarsvæði við hann munu njóta nútíma almenningsamgangna og bjóða upp á eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði. Við útfærslu samgöngu- og þróunarára í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeglar leiðarljós 1, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 1.1** Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka.
- 1.2** Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%.
- 1.3** Gott landbúnaðarland verður nýtt undir matvælaframleiðslu og náttúruríkt umhverfi varðveitt.

MARKMIÐ 1.1

Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka.

Öll uppbygging þéttbýlis verður að eiga sér stað innan skilgreindra vaxtarmarka. Borgarbyggð er samheiti yfir allt þéttbýli (e. urban) innan vaxtarmarka. Nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis eða í þétu og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er, eftir því sem staðhættir leyfa. Með uppbyggingu innan núverandi þéttbýlis er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samgangna, veitna og almannaþjónustu og dregið úr þrýstingi um uppbyggingu á óbyggðum svæðum.

Vaxtarmörk draga skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla að sjálfbærri byggð innan marka og varðveislu náttúrusvæða og landbúnaðarlands utan marka. Innan vaxtarmarka verður þéttbýlið, íbúðir, verslun og þjónusta, iðnaður og annað sem tilheyrir borgarumhverfi auk útivistarsvæða. Utan markanna verði t.d. vatnsverndarsvæði og önnur verndarsvæði, stærri útivistarsvæði, landbúnaður, frístundabyggð, óbyggð svæði og annað sem tilheyrir dreifbýli. Almennt eru vaxtarmörkin 50 m breitt belti þar sem þéttbýli og dreifbýli mætast. Þetta á þó ekki við ef þau skil miðast við takmarkandi landnotkun s.s. vatnsvernd eða aðra friðun.

Í slíkum tilvikum ráða skil takmarkandi landnotkunar. Með auknum þéttingarmöguleikum á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum er gert ráð fyrir að vaxtarmörkin dugi vel fram yfir skipulagstímabilið. Því er mikilvægt að halda byggðinni ekki einungis innan þeirra heldur að sú byggð verði einnig í samræmi við markmið 1.2.

Byggðin verður látin þróast á þeim stöðum þar sem veðurfar og loftslagsbreytingar hafa minnst áhrif á búsetu. Að jafnaði skal velja byggðinni stað undir 100 m hæð yfir sjávarmáli þar sem úrkoma og lágt hitastig að vetri hafa takmarkandi áhrif á umferð um svæðið. Sveitarfélögin þurfa að taka sérstakt tillit til hækkunar sjávar við útfærslu byggðar við ströndina í sínu skipulagi t.d. með setningu lágmarkskóta.

Fylgst verður grannt með mannfjöldaþróun og spár endurnýjaðar reglulega þannig að sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar séu með sem áreiðanlegastar upplýsingar á hverjum tíma með það að markmiði að stuðla að sem mestu jafnvægi á byggingarmarkaði.

Við útfærslur vaxtarmarka og þróunar byggðar í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svo að markmið 1.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

1.1.1 Svæðisskipulagsnefnd fylgist með og tryggir samræmi vaxtarmarka og aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga.

1.1.2 SSH uppfærir mannfjöldaspá við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar og miðlar þeim upplýsingum til svæðisskipulagsnefndar og sveitarfélaganna vegna nauðsynlegrar samræmingar.

Sveitarfélög og byggðarsamlög

1.1.3 Sveitarfélögin leggja vaxtarmörkin til grundvallar sínum aðalskipulagsáætlunum.


1.1.4 Sveitarfélögin, byggðarsamlög og veitustofnanir taki mið af framtíðar þéttbýlismörkum við þróun stoðkerfa.

KORT 2 – KJARNAR OG VAXTARMÖRK

Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga.

Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Allt þéttbýli á að þróast innan þeirra til ársins 2040 en lega vaxtarmarka skal skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins.

- LANDSKJARNI
- SVÆÐISKJARNI
- BÆJARKJARNI
- VAXTARMÖRK
- VEGIR
- BORGARBYGGÐ (2012)



Vaxtarmörk draga skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla að sjálfbærri byggð og varðveislu náttúrusvæða og landbúnaðarlands.

1.1.5 Sveitarfélögin taki mið af uppfærðum mannfjölda-spám við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar og í samráði við Vegagerðina og veitustofnanir vegna uppbyggingar grunnkerfa samgangna og veita.

Aðkoma og aðgerðir annarra

1.1.6 Ríkið taki mið af vaxtarmörkum í sinni stefnumótun og áætlanagerð.

MARKMIÐ 1.2

Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni.

Meginþunga uppbyggingar verður beint á svæði meðfram samgöngu- og þróunarsí sbr. viðmið í töflu 1. Þar verða miðkjarnar og vel tengd samgöngumiðuð þróunarsvæði með þétttri byggð fyrir íbúðir, störf og nærþjónustu. Þessar áherslur styðja við notkun almenningsgangna og að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Miðkjarnarnir og samgöngumiðuð þróunarsvæði verða lykilsvæði fyrir uppbyggingu, blönduð byggð og miðstöð verslunar og þjónustu líkt og fram kemur í töflu 2. Nauðsynlegt er að starfsemi sem ýtir undir fjölbreytta verslun og þjónustu sé beint inn á þessi svæði. Stefna um fjölda, stigskiptingu og gróf staðsetning miðkjarna er fest í svæðisskipulagi.

Fylgst verður grannt með uppbyggingu á miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Gerð er grein fyrir svæðum sem skilgreind hafa verið sem mögulegir miðkjarnar

og samgöngumiðuð þróunarsvæði í fylgiriti 7 um byggðarþróun, þar er einnig kort sem sýnir stöðuna 2012. Skemmrí þróunaráætlanir dragi fram hversu mikil uppbygging er áætluð á þeim svæðum.

Verði miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýrinni er mikilvægt að Reykjavíkurborg beini uppbyggingu á svæði sem eru við aðra miðkjarna eða eru samgöngumiðuð. Leiðakerfi almenningsgangna verður þróað í takt við þróunaráætlanir með það að markmiði að fjölga samgöngumiðuðum þróunarsvæðum innan höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulagsnefnd viðheldur upplýsingum um hvort þróun uppbyggingar er eins og að er stefnt og gerir þær aðgengilegar.

Við útfærslur miðkjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kaffa.

Svo að markmið 1.2 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

1.2.1 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur kortagrunni og lykil-tölum um staðsetningu og uppbyggingu íbúða og starfa í miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum með hliðsjón af töflu 1.

1.2.2 Svæðisskipulagsnefnd setur fram leiðbeinandi viðmið um útfærslu á miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum.

1.2.3 Svæðisskipulagsnefnd setur fram fjögurra ára þróunaráætlun í samvinnu við sveitarfélögin. Í áætluninni komi


fram fjöldi íbúða og starfa í miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum með hliðsjón af töflu 1.

Miðkjarnar eru þéttbyggð svæði með fjölbreytilegri starfsemi og gegna lykilhlutverki í þjónustu við nálæga byggð. Kjarnarnir eru flokkaðir í lands-, svæðis- og bæjarkjarna.

Samgöngumiðuð þróunarsvæði eru reitir sem eru vel tengdir við almenningsamgöngur, Borgarlínu eða hefðbundinn strætó með hátt þjónustustig.

SKÝRINGARMYND 5:
MIÐKJARNAR OG SAMGÖNGUMIÐUÐ ÞRÓUNARSVÆÐI

Meðfram nýju hágæða almenningsamgöngukerfi, Borgarlínu, myndast þétt blönduð byggð. Þessi byggðarlína nefnist samgöngu- og þróunarsvæði. Mesti þéttleiki byggðarinnar er í kjörnum og við biðstöðvar. Önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði geta myndast utan samgöngu- og þróunarsvæðis þar sem strætó er með hátt þjónustustig. Við útfærslu samgöngu- og þróunarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.



Sveitarfélög og byggðarsamlög

1.2.4 Sveitarfélög útfæra markmið 1.2 í sínu aðalskipulagi og gera sérstaklega grein fyrir:

- Nánari útfærslu á staðsetningu og afmörkun miðkjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða á skipulagsupprætti aðalskipulags, með hliðsjón af korti 2 og töflu 2.
- Nánari áætlun um uppbyggingu íbúða og starfa í miðkjörnum og á öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum, með hliðsjón af töflu 1.

1.2.5 Sveitarfélögin og Strætó bs. vinni markvisst að eflingu þjónustustigs almenningsamgangna í takt við fjögurra ára þróunaráætlanir.

1.2.6 Sveitarfélögin og Strætó bs. leggja til lykiltölur um húsnæðisuppbyggingu og þróun almenningsamgangna.

Aðkoma og aðgerðir annarra

1.2.7 Ríkið og stofnanir þess beini starfsemi sinni á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði.

TAFLA 1 – VIÐMIÐ UM SKIPTINGU UPPBYGGINGAR Á MIÐKJARNA OG SAMGÖNGUMIÐUÐ ÞRÓUNARSVÆÐI

1. Leiðbeinandi viðmið fyrir frekari skipulagsvinnu innan höfuðborgarsvæðisins.
2. Viðmið fyrir samgöngumiðuð þróunarsvæði skulu höfð til hliðsjónar við útfærslu á aðalskipulagi aðildarsveitarfélaga og skipulagi almenningssamgangna hjá Strætó bs.
3. „Annað þéttbýli“ vísar til allra svæða innan vaxtarmarka sem ekki eru skilgreind sem kjarnar eða uppfylla kröfur sem gerðar eru til samgöngumiðaðra þróunarsvæða.

4. Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040. Sveitarfélög geta vikið frá viðmiðum fyrir einstaka flokka t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða.

| ÍBÚÐIR | 2012 | | 2025 – Viðmið | | 2040 – Viðmið | |
|-------------------------------|---------------|-------------|---------------|-------------|----------------|-------------|
| | # | % | # | % | # | % |
| Landskjarni | 7.800 | 9% | 9.950 | 10% | 10.600 | 10% |
| Svæðiskjarni | 1.250 | 2% | 2.250 | 2% | 2.700 | 2% |
| Bæjarkjarnar | 4.600 | 6% | 7.400 | 8% | 10.300 | 9% |
| Kjarnar alls | 13.650 | 17% | 19.650 | 20% | 23.600 | 21% |
| Samgöngumiðuð þróunarsvæði | 11.450 | 14% | 24.750 | 25% | 52.000 | 45% |
| Annað þéttbýli | 56.000 | 67% | 52.400 | 53% | 37.400 | 32% |
| Dreifbýli | 2.000 | 2% | 2.050 | 2% | 2.100 | 2% |
| Höfuðborgarsvæðið alls | 83.100 | 100% | 98.850 | 100% | 115.100 | 100% |

| STÖRF | 2012 | | 2025 - Viðmið | | 2040 - Viðmið | |
|-------------------------------|----------------|-------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| | # | % | # | % | # | % |
| Landskjarni | 12.800 | 10% | 15.000 | 11% | 17.000 | 11% |
| Svæðiskjarni | 5.600 | 5% | 7.000 | 5% | 8.000 | 5% |
| Bæjarkjarnar | 12.800 | 10% | 15.500 | 11% | 17.000 | 11% |
| Kjarnar alls | 31.200 | 25% | 37.500 | 27% | 42.000 | 27% |
| Samgöngumiðuð þróunarsvæði | 17.800 | 15% | 35.500 | 25% | 60.000 | 38% |
| Annað þéttbýli | 64.100 | 53% | 58.000 | 42% | 48.000 | 30% |
| Dreifbýli | 8.000 | 7% | 8.000 | 6% | 8.000 | 5% |
| Höfuðborgarsvæðið alls | 121.100 | 100% | 139.000 | 100% | 158.000 | 100% |



TAFLA 2 – VIÐMIÐ UM EINKENNI MIÐKJARNA

- Viðmiðunarstaðsetningu miðkjarna má sjá á þemakorti, nánari útfærsla verður í aðalskipulögum sveitarfélaga.
- Þessi viðmið lýsa megináherslum landnotkunareinkenna og samgönguáherslna sem miða á við í kjörnum og á samgöngumiðudum þróunarsvæðum. Viðmiðunum er ekki ætlað að greina eða forgangsraða svæðisbundinni uppbyggingu eða samgöngubótum. Svæðisskipulagsnefnd og sveitarfélögin í samvinnu við Strætó bs. og samgönguyfirvöld
- Leiðarnet með háu þjónustustigi er sá hluti af leiðakerfi Strætó bs. sem nú hefur hátt þjónustustig alla virka daga og burði til aukinnar eftirspurnar. Leiðakerfi með háu þjónustustigi byggist á strætókerfinu en ætlað er að þróa viðbótar hágæðakerfi – Borgarlínu. Frekari upplýsingar um almenningssamgöngukerfi eru í fylgiriti 6.

| FLOKKAR | EINKENNI LANDNOTKUNAR | SAMGÖNGUEINKENNI |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>LANDSKJARNI Landskjarninn, miðborg Reykjavíkur, er bæði miðstöð fyrir svæðisbundna starfsemi og fyrir landið í heild. Þar er fjölbætt starfsemi og helstu stofnanir landsins, stjórnvíska ríkisins og borgarinnar, Alþingi, dómstólar, mennta- og vísindastofnanir og heilbrigðisstofnanir sem þjóna landinu öllu, svo og miðstöð viðskiptalífs, þekkingar og nýsköpunar.</p> <p>SVÆÐISKJARNI Svæðiskjarninn, Smárinn og Mjódd, þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu en einnig bæjarhlutum, hverfum og náasta umhverfi.</p> | <p>Fjölbætt starfsemi, stofnanir, samfélagsþjónusta og afþreyingariðnaður.</p> <p>Gera skal ráð fyrir einni eða fleiri stoppistöðvum hágæðakerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, og aðgengi að fjölda strætisvagnaleiða er gott.*</p> <p>Byggðin er þétt (miðborg) til meðalþétt (svæðiskjarni) blanda íbúða og atvinnustarfsemi. Tryggja ber að visst hlutfall íbúða verði á viðráðanlegu verði.</p> <p>Gott aðgengi að almenningsgörðum og góðum almenningssvæðum og/eða náttúruríkum svæðum.</p> <p>Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjólgott, gleður augað og hvetur til útiveru.</p> <p>Smáralind og nágrenni hennar fær aukið vægi sem svæðisbundinn þjónustukjarni sem styrkt er með annars konar atvinnustarfsemi og íbúabygð.</p> | <p>Aðgengi að almenningssamgöngum skal vera gott.*</p> <p>Almenningssamgöngur hafa forgang í gatnakerfi (sérreinar, forgangur á gatnamótum, forgangsstýringar á umferðarljósum).</p> <p>Gott aðgengi að stofnvegakerfi.</p> <p>Hágæða umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfar- endur sem styðja mjög við virka ferðamáta.</p> <p>Kröfur um hámarksfjölda bílastæða og aðrir skipulags- skilmálar styðja mjög við notkun almenningssam- gangna í ferðum að/frá svæðinu. Hærri bílastæðagjöld hvetja til notkunar almenningssamgangna og virkra ferðamáta.</p> |
| <p>BÆJARKJARNAR Miðbær Hafnarfjarðar og Garðabæjar, Hamraborg, miðbær Seltjarnarness og Mosfellsbæjar, Kringlan, Skeifan, Vogar, Mjódd, Keldur/Keldnaholt.</p> <p>Bæjarkjarnar eru miðstöðvar opin- berrar þjónustu, verslunar, almennrar þjónustu, atvinnu, menningar- og afþreyingar sem þjónar bæjarfélaginu/ borgarhluta sérstaklega.</p> | <p>Fjölbreytt starfsemi; þjónustufyrirtæki, verslanir, skrifstofur og afþreying sem þjónar heilu sveitarfélagi eða hverfishluta.</p> <p>Gera skal ráð fyrir a.m.k. einni stoppistöð hágæðakerfis almenningssam- gangna, Borgarlínu, og góðu aðgengi að strætisvagnaleiðum.*</p> <p>Miðstöð opinberrar þjónustu og menningarstofnana.</p> <p>Þéttleiki er mikill. Íbúðarhúsnæði þarf að vera fjölbreytt að gerð og eignarhaldi, ávallt skal hluti íbúða vera á viðráðanlegu verði.</p> <p>Gott aðgengi að almenningsgörðum og góðum almenningssvæðum og/eða náttúruríkum svæðum.</p> <p>Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjólgott, gleður augað og hvetur til útiveru.</p> | <p>Aðgengi að almenningssamgöngum skal vera gott*. Miðað skal við að bæjarkjarnar tengist framtíðar samgöngu- og þróunarási (hágæðakerfi) ef uppbygging styður við nægjanlega eftirspurn farþega.</p> <p>Almenningssamgöngur hafa forgang í gatnakerfi (sérreinar, forgangur á gatnamótum, forgangsstýringar á umferðarljósum).Gott aðgengi að stofnvegakerfi.</p> <p>Hágæða umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfar- endur sem styðja mjög við virka ferðamáta.</p> <p>Kröfur um hámarksfjölda bílastæða og aðrir skipulags- skilmálar styðja mjög við notkun almenningssam- gangna í ferðum að/frá svæðinu.</p> |
| <p>SAMGÖNGUMIÐUD PRÓUNARSVÆÐI Svæði þar sem aðgengi að almenn- ingsamgöngum er gott*. Getur tengst framtíðar samgöngu- og þróunarási (hágæðakerfi) ef uppbygging styður við nægjanlega eftirspurn farþega.</p> <p>Áhersla þarf að vera á vöxt á völdum stöðum samsíða leiðum í hágæða- kerfi almenningssamgangna eða strætisvagnaleiðum, þéttast nærri stoppistöðvum, minni þéttleiki fjær.</p> | <p>Endanleg staðsetning er útfærð af sveitarfélögum í samvinnu við SSH og Strætó bs. þar sem aðgengi að almenningssamgöngum er eða verður gott.*</p> <p>Fjölbreytt starfsemi; þjónustufyrirtæki, verslanir, skrifstofur og afþreying sem þjónar nærumhverfinu og/eða stærra svæði.</p> <p>Þéttleiki þarf að vera miðlungs hár til mikill. Íbúðarhúsnæði þarf að vera fjöl- breytt að gerð og eignarhaldi, ávallt skal hluti íbúða vera á viðráðanlegu verði.</p> <p>Gott aðgengi að almenningsgörðum og góðum almenningssvæðum og/eða náttúruríkum svæðum.</p> <p>Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjólgott, gleður augað og hvetur til útiveru.</p> | <p>Almenningssamgöngur hafa forgang í gatnakerfi (sérreinar, forgangur á gatnamótum, forgangsstýringar á umferðarljósum).</p> <p>Gott aðgengi að stofnvegakerfi.</p> <p>Hágæða umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfar- endur sem styðja mjög við virka ferðamáta.</p> <p>Kröfur um hámarksfjölda bílastæða og aðrir skipulags- skilmálar styðja mjög við notkun almenningssam- gangna í ferðum að/frá svæðinu.</p> |

* Við mat á aðgengi skal miða við skilgreiningu Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA report 11/2013). Þar segir að aðili eða starfsemi hafi aðgengi að almenningssamgöngum ef minna en 5 mín. (ca. 400 m) ganga er að stoppistöð strætisvagna og/eða minna en 10 mín. (ca 800 m) ganga að stoppistöð hágæðakerfis almenningssamgangna. Aðgengi flokkast gott ef fleiri en 10 brottfarir á klst. eru í boði á viðkomandi stoppistöð.

MARKMIÐ 1.3

Gott landbúnaðarland verður nýtt undir matvælaframleiðslu og náttúruríkt umhverfi verður varðveitt.

Staðbundin matvælaframleiðsla færirst sífellt í vöxt og eftir-sóknarvert er fyrir borgarsvæði að gróskumikill landbúnaður sé innan 50 km frá markaði eða innan þeirra viðmiða sem gilda um staðbundin smásölufyrirtæki sem afhenda matvæli beint til neytenda. Mikilvægi landbúnaðarsvæða í nálægð við stóran markað er vaxandi. Á sama tíma hefur ásókn á landbúnaðarsvæði í nágrenni við borgarsvæðið aukist. Þörf er á að stíga ákvæðin skref til að vernda gott ræktarland. Tækifæri til staðbundinnar matvælaframleiðslu eru t.d. í Kjós, á Kjalarnesi og í Mosfellsdal.

Stuðla þarf að aukinni vernd ræktarlands í samstarfi við önnur nærliggjandi byggðarlög og landskipulagsstefnu. Náttúrufar á höfuðborgarsvæðinu er mjög fjölbreytt. Mörg svæði hafa verið friðlýst eða njóta verndar á annan hátt.

Fylgja þarf eftir friðun með markvissri stýringu og upplýsingagjöf (Fylgirit 8).

Við útfærslur landbúnaðarsvæða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svo að markmið 1.3 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

1.3.1 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur, í samvinnu við sveitarfélögin og ríkið, upplýsingum um gott ræktarland og náttúruríkt umhverfi.

1.3.2 Svæðisskipulagsnefnd leitar leiða í samvinnu við sveitarfélögin og ríkið til að forðast árekstra landbúnaðar við aðra starfsemi s.s. útivist, frístundabyggð og náttúruvernd.

Sveitarfélög og byggðarsamlög

1.3.3 Sveitarfélögin tryggja nýtingu landbúnaðarlands fyrir matvælaframleiðslu og takmarka uppbyggingu sem skerðir það. Þau gera einnig grein fyrir nánari útfærslu til að viðhalda og styðja við gott landbúnaðarland í aðalskipulagsáætlunum.

1.3.4 Sveitarfélögin safna saman upplýsingum um landbúnaðarsvæði og áætlanir þeim tengdum og útfæra stefnu í aðalskipulagi á grunni þess.

Aðkoma og aðgerðir annarra

1.3.5 Landskipulagsstefna taki mið af mikilvægi þess að borgarsvæði hafi aðgang að staðbundnum matvælum með aukinni vernd góðs ræktarlands fyrir matvælaframleiðslu.

1.3.6 Kalla þarf eftir því að ríkið og stofnanir leiti allra leiða til að skerða ekki gott landbúnaðarland við framkvæmdir s.s. vegagerð og lagningu háspennulína.

1.3.7 Þörf er á að ríkið og stofnanir viðhaldi skráningu á góðu ræktarlandi.

Með **borgarbyggð** er vísað til alls þéttbýlis innan vaxtarmarka.

LEIÐARLJÓS 2




Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi

Ferðapörf verður uppfyllt á skilvirkan* og fjölbreyttan máta. Fólksfjölgun verður mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli.

* Skilvirkni þéttbýlissamgangna felst í að uppfylla ferðaparfir fólks með sem minnstum tilkostnaði og umhverfisáhrifum

Síðustu áratugi hefur vöxtur svæðisins og gildandi svæðis- skipulag kallað á miklar fjárfestingar í stofnvegakerfi sem ekki hafa náð fram að ganga nema að hluta til. Ekki hefur tekist að auka afkastagetu kerfisins í takt við vöxt bílaumferðar og neikvæð áhrif umferðar hafa aukist. Umferðarspár vegna vegaáætlunar 2007–2018 sýndu að þrátt fyrir tillögur sveitarfélaganna um miklar framkvæmdir til að bæta afkastagetu stofnvegakerfisins dygði það ekki til (Fylgirit 5). Árið 2011 voru 76% allra ferða á höfuðborgarsvæðinu farnar á einkabíl, 4% með almenningssamgöngum og íbúar fóru um 20% ferða sinna gangandi og hjólandi. Í stefnumótun Höfuðborgarsvæðisins 2040 um samgöngur er lögð aukin áhersla á fleiri valkosti, samgöngumáta sem taldir eru hagkvæmari og vistvænni en einkabíll.

Undir leiðarljósi 2 eru sett fram markmið sem snerta samgöngur á landi og tengsl þeirra við alþjóðlegar flutningsgáttir. Einnig að innanlandsflugvöllur verði á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægi þess að eyða óvissu um staðsetningu hans.



SKÝRINGARMYND 6: SKILVIRKT SAMGÖNGUKERFI

Almenningssamgöngur mynda tveggja laga kerfi sem léttir á stofnvegakerfinu og styrkir uppbyggingu miðkjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeglar leiðarljós 2, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 2.1** Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.
- 2.2** Hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 12%.
- 2.3** Hlutdeild göngu- og hjólreiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%.
- 2.4** Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

MARKMIÐ 2.1

Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.

Nútímalegt skipulag samgangna snýst um að uppfylla ferðabörf fólks óháð ferðamáta. Því þurfa hið opinbera, sveitarfélög og ríki að horfa heildstætt á alla ferðamáta í skipulagi og fjármögnun samgangna. Við uppbyggingu samgöngukerfisins þarf verklag að vera með þeim hætti að ávallt sé leitað hagkvæmustu lausna til að ná settum markmiðum. Í þéttri byggð getur verið erfitt og dýrt að stytta ferðatíma og draga úr umferðartöfum með uppbyggingu mannvirkja. Reynslan hefur sýnt að ólíklegt er að hefðbundnar lausnir í vegagerð geti uppfyllt ferðabörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar á hagkvæman hátt (Fylgirit 5). Ljóst er að leita þarf víðtækari lausna.

Skilvirkni þéttbýlissamgangna felst í að uppfylla ferðaparfir fólks með sem minnstum tilkostnaði og umhverfisáhrifum. Skilvirknin grundvallast á samþættingu samgangna og byggðapróunar og eflingu hagkvæmra og vistvænna samgangna. Byggðapróun samofin góðu samgöngukerfi er því kjarninn í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og þeirri áherslu að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Þróun síðustu áratuga varpar ljósi á þá víxlverkandi þætti sem eiga sér stað milli samgangna og byggðapróunar á höfuðborgarsvæðinu og undirstrikar jafnframt nauðsyn þess að þróun til framtíðar sé grundvölluð á fleiri þáttum en öflugu kerfi fyrir bílaumferð.

Hlutdeild skilvirkra samgangna eykst ef meginþunga vaxtar er beint að kjörnum og á samgöngumiðuð þróunarsvæði. Með því styttest ferðir fólks og ferðatími við daglegar athafnir

og stutt er við aukið framboð á nærþjónustu. Stóraukin áhersla á hagkvæmar og vistvænar samgöngur styður við breytt ferðamataval og samgönguvalkosti sem aftur skapa betri grundvöll fyrir þéttingu byggðar. Í kjörnum og á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum er í skipulagi lögð áhersla á að fólk geti farið erinda sinna innan hverfis gangandi eða hjólandi og að stór hluti þeirra ferða sem farnar eru að/frá hverfinu verði með almenningssamgöngum. Þannig eru gæði byggðar hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og loftgæði aukin. Um leið minnkar orkuþörf samgangna, notkun jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda.

Stefnt er að því að finna miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýri annan stað. Með samkomulagi ríkis og Reykjavíkurborgar haustið 2013 var innanlandsflugvelli í Vatnsmýri tryggður sess í skipulagi til ársins 2022. Þessir aðilar ásamt Icelandair Group standa að fullkönnun á kostum til rekstrar innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu. Í framhaldinu þarf að taka ákvörðun um framtíðarstaðsetningu flugvallar. Þegar niðurstaða liggur fyrir verður hún bundin í svæðisskipulagi.

Við útfærslur miðstöðvar innanlandsflugs í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.



Svo að markmið 2.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

2.1.1 SSH, sveitarfélögin og ríkið kanni hvort skynsamlegt sé að halda áfram á þeirri leið að færa verkefni sem tengjast samgöngum yfir til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Leggja þarf sérstakt mat á hvort hagkvæmt sé fyrir samfélagið allt að verkefni Vegagerðarinnar innan þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu verði færð til SSH.

2.1.2 Svæðisskipulagsnefnd setur fram samræmdar leiðbeiningar um samgöngumiðaða byggðaðróun sem hafa á til viðmiðunar í miðkjörnum og á völdum svæðum. Þar verða m.a. sett fram viðmið um þéttleika byggðar, aðgengi að almenningssamgöngum og bílastæðafjölda og aðrar aðgerðir sem ýta undir vistvænar samgöngur.

2.1.3 Svæðisskipulagsnefnd setur fram fjögurra ára þróunaráætlun í samvinnu við sveitarfélögin þar sem fjallað er um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, uppbyggingu og rekstur samgangna á tímabilinu o.fl. Við vinnslu þróunaráætlana verða unnar mannfjöldaspár, greiningar á núverandi stöðu samgangna, umferðarspár og spár um þróun almenningssamgangna til forgangsröðunar aðgerða á tímabilinu. Þróunaráætlanir verða gerðar með hliðsjón af viðmiðum í töflu 1 og 2 og eiga að samræmast stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og þeim aðgerðum og viðmiðum sem þar koma fram.

2.1.4 SSH viðheldur, í samvinnu við sveitarfélögin, Strætó bs. og Vegagerðina, virkum gagnagrunni með lykilupplýsingum um bílaumferð, farþegafjölda almenningssamgangna og ferðavenjur og flæði fólks milli heimilis og vinnu.

2.1.5 Svæðisskipulagsnefnd festir staðsetningu á innanlandsflugvelli í svæðisskipulag þegar ákvörðun um framtíðarstaðsetningu liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að það verði eigi síðar en í lok árs 2018.

2.1.6 SSH vinnur að því að ríkisframlag í vélknúnar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu taki í auknum mæli mið af þeim tekjum sem ríkið hefur af samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarfélög og byggðasamlög

2.1.7 Í skipulagi samgangna leitast sveitarfélögin við að uppfylla ferðapörf fólks með sem hagkvæmustum hætti, óháð ferðamáta. Sveitarfélögin vinna að því að litið verði heildstætt á samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með því að grunnkerfi almenningsamgangna og hjólreiða fái sambærilega stöðu og stofnvegakerfið og fjármagn í stofnframkvæmdir, viðhald og rekstur í áætlunum ríkisins. Með heildstæðri sýn hins opinbera á fjármagn til samgangna verði stuðlað að því að hagkvæmasta leiðin að markmiðum hverju sinni verði valin.

2.1.8 Sveitarfélögin innleiða markmið 2.1 í aðalskipulagsáætlanir sínar og útfæra þar landnotkun og skipulagsaðgerðir sem styðja almenningsamgöngur og virka ferðamáta, stytta vegalengdir og draga úr þörf á vélknúnum ökutækjum.

2.1.9 Sveitarfélögin beina meginþunga uppbyggingar að samgöngu- og þróunarási sbr. markmið 1.2, eftir því sem hann myndast, og vinna skipulagsáætlanir í samræmi við leiðbeiningar um samgöngumiðuð þróunarsvæði, til að:

- Tryggja að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli.
- Tryggja góðan farþegagrunn og góða nýtingu bæði hágæðakerfis og strætisvagnakerfis.

2.1.10 Sveitarfélögin og byggðasamlög taka upp vistvæna samgöngustefnu með samgöngustyrkjum fyrir starfsfólk sitt.

2.1.11 Sveitarfélögin og byggðasamlög leitast við að hraða innleiðingu vistvænnar orku í samgöngur með því að mæta þörfum nýrra orkugjafa í aðal- og deiliskipulagsáætlunum, með vistvænum innkaupum á farartækjum og þjónustu og öðrum hagkvæmum leiðum.

Aðkoma og aðgerðir annarra

2.1.12 Ríkið vinni að því að samþætta samgönguáætlun við aðra áætlanagerð og opinbera stefnumótun. Ríkið taki mið af stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040, verði samráðsaðili við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar sveitarfélaganna og taki mið af þeim við forgangsröðun fjármagns í reglubundinni endurskoðun samgönguáætlunar hverju sinni.

2.1.13 Ríkið leggi áherslu á að leita hagkvæmstu lausna til að ná markmiðum samgönguyfirvalda og horfi á samgöngu-kerfið sem eina heild. Nýir innviðir verði skipulagðir og forgangsraðað með hliðsjón af félagshagfræðilegri greiningu. Ríkið styðji við aðgerðir sem stuðla að breyttum ferðavenjum til að draga úr þörf á uppbyggingu umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

2.1.14 Vegagerðin og samgönguyfirvöld vinni áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélög með aukinni áherslu á almenningsamgöngur, göngu og hjólreiðar með þau markmið að leiðarljósi að draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og auka nærþjónustu við borgarana. Með áætluninni verði dregið úr mikilvægi einkabíla, ásamt því að draga úr orkuþörf samgangna og breyta ferðavenjum. Í sjálfbærri samgönguáætlun verði settar fram skuldbindingar ríkis og sveitarfélaga til langs tíma.

2.1.15 Ríkið og stofnanir þess taki upp vistvæna samgöngustefnu með samgöngustyrkjum og stjórnvöld vinni með fyrirtækjum og stofnunum að því að móta og útfæra markvissa samgöngustefnu fyrir vinnustaði.

2.1.16 Vegagerðin ásamt svæðisskipulagsnefnd, sjái um framkvæmd reglulegrar könnunar á ferðavenjum íbúa höfuðborgarsvæðisins og SV–hornsins í tengslum við gerð stefnumótandi samgönguáætlunar og mat á framfylgd stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040. Að hámarki líði fjögur ár á milli ferðavenjukannana. Vegagerðin viðhaldi, í samvinnu við sveitarfélögin og Strætó bs., virkum gagnagrunni með lykilupplýsingum um bílaumferð, farþegafjölda almenningsamgangna og ferðavenjur og flæði fólks milli heimilis og vinnu.

2.1.17 Ríkið og sveitarfélögin nái samkomulagi um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan skili sér í landsskipulagsstefnu og samgönguáætlun.

MARKMIÐ 2.2

Hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 12%.

Almenningssamgöngur innan þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins eiga að mynda heildstætt tveggja laga kerfi. Annars vegar verður byggt upp nýtt hágæðakerfi almenningssamgangna, Borgarlína, sem flytur fjölda fólks á milli helstu kjarna og valinna þróunarsvæða. Hins vegar er strætisvagnakerfi, sem verður aðlagð hágæðakerfinu og myndar net um þéttbýli höfuðborgarsvæðisins.

Unnið verður að markvissri þróun og uppbyggingu Borgarlínu, hágæða almenningssamgöngukerfis sem hefur mikla flutningsgetu, hátt þjónustustig og ferðast í sérrými, þ.e. kemst greitt milli staða óháð tögum í bílaumferð (Fylgirit 6).

Áætlanir um uppbyggingu húsnæðis og hágæðakerfis verða samtvinnaðar til að hægt sé að uppfylla ferðarþarfir sem flestra íbúa og ferðamanna með kerfinu og byggja um leið sterkari farþegagrunn. Þannig myndar hágæðakerfið kjarnann í samgöngu- og þróunarási höfuðborgarsvæðisins.

Hefðbundið strætisvagnakerfi verður lagað að hágæðakerfinu, hágæða stoppistöðvar skipulagðar með tilliti til aðgengis hjólandi og gangandi og grundvöllur þess að veita gott aðgengi einkabíla að endastöðvum í hágæðakerfinu verður kannaður.

Við útfærslur Borgarlínu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Hágæðakerfi almenningssamgangna, annað hvort hraðvagnakerfi (e. Bus Rapid Transit) eða léttlestarkerfi (e. Light Rail Transit) eru til staðar eða í uppbyggingu á fjölmörgum borgarsvæðum sem eru með sambærilegan íbúafjölda og í örum vexti eins og höfuðborgarsvæðið.

Svo að markmið 2.2 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

2.2.1 Svæðisskipulagsnefnd, í samvinnu við sveitarfélög, greinir nánar og ákvarðar eins og hægt er legu hágæðakerfis almenningsgangna (Borgarlínu) og útfærslu samgöngu- og þróunaráss. Þeirri grunnvinnu skal lokið fyrir lok árs 2016. Í ferlinu verður hagkvæm áfangaskipting á uppbyggingu kerfisins ákvörðuð út frá núverandi byggð og skipulagðri byggðapróun. Samhliða verða uppbyggingaráform endurskoðuð og sett verður fram tímasett stefna um uppbyggingu sveitarfélaganna á samgöngu- og þróunarsnum. Þeirri stefnu skal fylgja í þróunaráætlunum til að tryggja að tímasetning uppbyggingar byggðar og Borgarlínu fylgist að. Lega samgöngu- og þróunarsáss og uppbygging hans skal bundin í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins þegar hún liggur fyrir með breytingu eða endurskoðun sbr. töflu 3. Sveitarfélögin innleiða jafnframt samgöngu- og þróunars í aðalskipulagsáætlanir.

2.2.3 Svæðisskipulagsnefnd hefur þróunaráætlun hverju sinni til grundvallar í viðræðum við ríkið vegna endurskoðunar samgönguáætlunar og mótunar annarra opinberra áætlana.

2.2.4 SSH fylgir eftir niðurstöðum þróunaráætlunar í viðræðum við ríkið vegna endurskoðunar samgönguáætlunar og mótunar annarra opinberra áætlana.

2.2.5 SSH kallar eftir fjármögnun frá sveitarfélögum og ríki til að markmið um a.m.k. 12% hlutdeild almenningsgangna árið 2040 gangi eftir.

Sveitarfélög og byggðasamlög

2.2.6 Sveitarfélögin vinna með svæðisskipulagsnefnd og SSH nánari greiningu og ákvarða eins og hægt er legu hágæðakerfis almenningsgangna og útfærslu samgöngu- og þróunaráss. Þeirri grunnvinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016. Sveitarfélögin innleiða að því loknu legu hágæðakerfis og helstu stoppistöðvar almenningsgangna í aðalskipulagsáætlanir.


2.2.7 Sveitarfélögin og Strætó bs. aðlaga þjónustu strætisvagna að hágæðakerfi þannig að til verði tveggja laga samþætt almenningsgangakerfi með skilvirkum tengingum.

2.2.8 Sveitarfélögin skapa góðar tengingar og góða aðstöðu fyrir reiðhjól við stoppistöðvar hágæðakerfis og meginstoppistöðvar strætisvagna til að auðvelda samtengingu þessara ferðamáta. Sveitarfélögin, í samvinnu við SSH, kanna kosti og galla þess að færa ábyrgð og fjármuni vegna stoppistöðva frá sveitarfélögum til Strætó bs.

Aðkoma og aðgerðir annarra

2.2.9 Vegagerðin taki þátt í nánari greiningu og ákvörðun um legu hágæðakerfis almenningsgangna og útfærslu samgöngu- og þróunaráss. Þeirri grunnvinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016.

2.2.10 Nauðsynlegt er að samgönguyfirvöld tryggja nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar og reksturs almenningsgangna þannig að markmið um a.m.k. 12% hlutdeild þeirra árið 2040 gangi eftir.



KORT 3 – HJÓLREIÐASTÍGAR OG TÍÐNI STRÆTISVAGNA

Kortið sýnir helstu göngu- og hjólaleiðir sem hafa svæðisbundið vægi og eru virkar árið 2014. Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að að stofnleiðum muni fjölga á skipulagstímanum eftir því sem byggðin þróast. Til helstu göngu- og hjólaleiða flokkast einnig stigur yfir Fossvog sem er í aðalskipulagsáætlunum Reykjavíkur og Kópavogs. Nýjar stofnleiðir með svæðisbundið vægi verða skilgreindar í tengslum við gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Við útfærslu helstu göngu- og hjólaleiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

- HELSTU GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR (2014)
- STOPPISTÖÐVAR MEÐ HÁTT ÞJÓNUSTUSTIG (2014) FLEIRI EN 10 FERÐIR Á KLUKKUSTUND.
- STOPPISTÖÐVAR MEÐ MIÐLUNGS ÞJÓNUSTUSTIG (2014) 4-10 FERÐIR Á KLUKKUSTUND.

- LANDSKJARNI
- SVÆÐISKJARNI
- BÆJARKJARNI
- VAXTARMÖRK
- BORGARBYGGÐ (2012)

MARKMIÐ 2.3

Hlutdeild göngu og hjólreiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%.

Haldið verður áfram þeirri uppbyggingu helstu göngu- og hjólaleiða innan þéttbýlis milli sveitarfélaga og hverfis- eininga sem hafin er í samstarfi sveitarfélaganna og Vega- gerðarinnar. Helstu göngu- og hjólaleiðir eiga að tengja allt þéttbýli höfuðborgarsvæðisins saman og auðvelda notkun virkra ferðamáta.

Eftirnefndar aðgerðir samhliða þeim skipulagsáherslum og aðgerðum sem settar eru fram undir leiðarljósi 2.1 styrkja til muna grundvöll þess að íbúar höfuðborgarsvæðisins geti valið að fara ferða sinna gangandi og hjólandi.

Við útfærslur helstu göngu- og hjólaleiða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svo að markmið 2.3 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

2.3.1 Svæðisskipulagsnefnd setur fram viðmið um hönnun, merkingar og rekstur göngu- og hjólaleiða sem sveitarfélög hafa til hliðsjónar. Þannig verður unnið að samræmdri útfærslu og þjónustustigi á helstu göngu- og hjólaleiðum á svæðinu.

2.3.2 Við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar greinir svæðis- skipulagsnefnd hvar bæta þarf helstu göngu- og hjólaleiðir eftir því sem höfuðborgarsvæðið þróast. Sú greining verði grundvöllur samvinnu við ríkið við gerð samgönguáætlunar og annarrar opinberrar stefnumótunar.

Sveitarfélög og byggðasamlög

2.3.3 Sveitarfélögin innleiða helstu göngu- og hjólaleiðir inn í aðalskipulagsáætlanir og útfæra þær nánar ásamt innri göngu- og hjólaleiðum sveitarfélaganna sem eiga að mynda heildstætt kerfi.

2.3.4 Sveitarfélögin tryggja að skilgreindu þjónustustigi á helstu göngu- og hjólaleiðum, sbr. aðgerð 2.3.1, verði náð.


2.3.5 Sveitarfélögin tryggja góðar göngu- og hjólaleiðir að/ frá stoppistöðvum hágæðakerfis og meginstoppistöðvum strætisvagnakerfis.

Aðkoma og aðgerðir annarra

2.3.6 Mikilvægt er að ríkið taki áfram þátt í að efla göngu og hjólréiðar sem valkosti í samgöngum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að jákvæðum áhrifum á heilsu manna.

2.3.7 Samgönguyfirvöld vinni að því í samgönguáætlun hverju sinni að vegfarendum verði tryggt öruggt og heilnæmt umhverfi, óháð ferðamáta.

2.3.8 Vegagerðin vinni áfram með sveitarfélögum að uppbyggingu stofnleiða göngu og hjólréiða.



SKÝRINGARMYND 7: GÖTUR FYRIR ALLA FERÐAMÁTA

Götuumhverfið í miðkjörnum þarf að styðja við alla ferðamáta. Við hönnun og útfærslu miðbæjargatna er mikilvægt að leggja áherslu á öruggt umhverfi sem styður við iðandi mannlíf.

MARKMIÐ 2.4

Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

Meirihluti ferða innan höfuðborgarsvæðisins 2040 verður á einkabíl þótt ferðavenjur breytist umtalsvert með þróun samgöngukerfa og byggðar sem stefnt er að og vöxtur bíla-umferðar verði mun hægari en síðustu áratugi. Stofnvegakerfið gegnir áfram mjög mikilvægu hlutverki í flutningum fólks og vöru og í hugsanlegri rýmingu höfuðborgarsvæðisins á hættu- og neyðartímum.

Stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu eiga að mynda heildstætt tveggja laga kerfi. Stofnvegir verða flokkaðir í meginstofnvegi og stofngötur með mismunandi áherslum fyrir hvorn flokk fyrir sig auk þess sem ráðist verður í frekari undirflokkun. Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru í gegnum höfuðborgarsvæðið og að/frá svæðinu með áherslu á alþjóðlegar megingáttir samgöngukerfis landsins. Aðrir stofnvegir, þ.e. stofngötur höfuðborgarsvæðisins, geta þróast með bætta sambúð þéttbýlis og umferðar að leiðarljósi (fylgirit 6).

Meginstofnvegur liggur norður suður í gegnum svæðið. Við þennan stofnveg er aðal inn- og útflutningshöfn landsins og aðal inn- og útflutningsflugvöllur landsins. Sá meginstofnvegur samanstendur af Reykjanesbraut frá Sundahöfn og suður úr og Vesturlandsvegi frá Reykjanesbraut og norður úr. Þriðja megingangur höfuðborgarsvæðisins við aðliggjandi svæði, Suðurlandsvegur frá Vesturlandsvegi og austur úr,

Stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu eiga að mynda heildstætt tveggja laga kerfi, meginstofnvega og stofngatna sem verða endurhannaðar eftir því sem byggð og samgöngur þróast.


er einnig í fyrsta flokki meginstofnvega. Á þessum meginstofnvegum verður umfram aðra meginstofnvegi og stofngötur hugað sérstaklega að greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar.

Vesturlandsvegur um sundin (Sundabraut) og tenging Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu til að beina fjarumferð framhjá þéttbýli, þ.e. nýjar útfærslur meginstofnvega eins og þeir eru í dag, verða áfram til skoðunar. Sveitarfélögin taka frá rými í skipulagsáætlunum fyrir mögulegar tilfærslur þessara meginstofnvega. Gengið verður út frá að Sundabraut verði hluti af norður-suður meginstofnvegi, verði hún byggð á skipulagstímabilinu, en samhliða fari núverandi Vesturlandsvegur norðan Suðurlandsvegur úr flokki meginstofnvega. Sama gildi um mögulega nýja útfærslu Reykjanesbrautar.

Annar flokkur meginstofnvega myndi hringtengingu innan höfuðborgarsvæðisins. Sú hringtenging samanstendur af Fjarðarhrauni, Hafnarfjarðarvegi, Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar og Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.

Aðrir stofnvegir en þeir sem taldir eru að ofan verða í flokki stofngatna. Við endurbætur og endurhönnun á stofngötum verður minni áhersla lögð á framkvæmdir sem hafa það markmið að auka afkastagetu en meiri á aðgerðir sem hafa það markmið að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar á nærumhverfið og smærri staðbundnar aðgerðir til að bæta umferðarflæði. Afkastageta stofngatna verður ekki minnkun nema að greining sýni að ásættanlegt þjónustustig náist áfram eða aðilar séu sammála um annað. Á köflum geta þessar stofngötur þróast yfir í borgargötur og kannaðir verða möguleikar á aukinni nýtingu aðliggjandi svæða undir byggð. Á það sérstaklega við þar sem stofngötur liggja um miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði (fylgirit 6).

Við útfærslur meginstofnvega og stofngatna í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.



KORT 4 – STOFNVEGIR

Kortið sýnir þá stofnvegi sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun 2011-2022 og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. Nánari lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina. Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga: Sundabraut og Ofanbyggðarvegur

sem meginstofnvegir og Öskjuhlíðagöng sem stofngata. Við útfærslu meginstofnvega og stofngatna í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.



Svo að markmið 2.4 ná fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

2.4.1 Svæðisskipulagsnefnd, í samvinnu við Vegagerðina, greinir nánar framtíðarsýn um tveggja laga stofnvegakerfi á svæðinu: meginstofnvegi og stofngötur. Meginstofnvegum og stofngötum verður jafnframt skipt í undirflokkka í samræmi við nærumhverfi og mikilvægi á svæðisvísi. Í kjölfar ástandsgreiningar verða ásættanlegt þjónustustig, hámarkshraði, hámarksfjöldi tenginga og fleiri tæknileg atriði skilgreind fyrir hvern flokk fyrir sig. Þeirri vinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016. Sveitarfélögin innleiða niðurstöður vinnunnar í aðalskipulagsáætlanir að því loknu.

2.4.2 Svæðisskipulagsnefnd vinnur greiningu á núverandi stöðu samgangna á svæðinu og umferðarspár við mótun fjögurra ára þróunaráætlunar. Á grundvelli þeirrar vinnu og stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 setur nefndin fram tillögur að forgangsröðun í samgöngumálum á tímabilinu. Þær tillögur verði grundvöllur viðræðna við ríkið um endurskoðun samgönguáætlunar og mótun annarra opinberra áætlana.

2.4.3 Svæðisskipulagsnefnd vinnur greiningu á almannahættu vegna náttúruvár á höfuðborgarsvæðinu og rýmingaráætlun í samvinnu við almannavarnir. Sú áætlun og niðurstöður greiningar á flöskuhálsum í samgöngukerfinu við rýmingu verði til hliðsjónar í samvinnu við ríkið við endurskoðun samgönguáætlunar.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

2.4.4 Sveitarfélögin innleiða í aðalskipulagsáætlanir flokkun stofnvega á höfuðborgarsvæðinu og aðrar niðurstöður vinnu sbr. aðgerð 2.4.1 og útfæra nánar.

2.4.5 Sveitarfélögin tryggja öruggt og gott flæði bíla-umferðar á meginstofnvegum. Sveitarfélögin taka frá rými í skipulagsáætlunum fyrir nýjar útfærslur meginstofnvega sem áfram verða til skoðunar, þ.e. Vesturlandsveg um sundin (Sundabraut) og tengingu Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.

2.4.6 Sveitarfélögin í samráði við Vegagerðina vinna tillögur að endurhönnun meginstofnvega og stofngatna, eftir því sem byggð og samgöngur þróast. Áherslur verða á aðgerðir

og framkvæmdir sem geta aukið umferðaröryggi og dregið úr neikvæðum áhrifum umferðar á nærumhverfið og smærri staðbundnar aðgerðir til að bæta umferðarflæði. Afkastageta stofnvega sem eru á forræði Vegagerðarinnar verður ekki minnkuð nema að greining sýni að ásættanlegt þjónustustig, sbr. aðgerð 2.4.1, náist áfram eða aðilar séu sammála um annað.

2.4.7 Tillögurnar sbr. 2.4.6 verði grundvöllur samvinnu við ríkið við endurskoðun samgönguáætlunar og mótun annarra opinberra áætlana. Sveitarfélögin kanni möguleika á aukinni nýtingu aðliggjandi svæða undir byggð, sérstaklega þar sem meginstofnvegir og stofngötur liggja um miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði.

Aðkoma og aðgerðir annarra

2.4.8 Ríkið verði samráðsaðili við gerð fjögurra ára þróunaráætlana sveitarfélaganna og taki mið af tillögum sveitarfélaganna um forgangsröðun aðgerða á meginstofnvegum og stofngötum við reglubundna endurskoðun samgönguáætlunar hverju sinni.

2.4.9 Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins og tengdir aðilar vinni með sveitarfélögunum að verkefni um rýmingu á höfuðborgarsvæðinu og frekari rannsóknum því tengdu.

2.4.10 Ríkið vinni að því að þróa áfram og festa í sessi formlegt verklag við ákvarðanir um uppbyggingu vegakerfisins í þéttbýli þar sem kostnaður og ábati mismunandi leiða að markmiðum samgönguyfirvalda er borinn saman.

2.4.11 Samgönguáætlun leggi áherslu á að tryggja greiðar tengingar höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar við alþjóðlegar megingáttir, Reykjavíkurböfn og Keflavíkurlugvöll.

2.1.12 Samgönguyfirvöld vinni aðgerðaáætlun um aukin loftgæði í helstu þéttbýliskjörnum í samstarfi við sveitarfélögin, viðhalda kortlagningu umferðarhávaða og vinni að laga-setningu sem gerir sveitarfélögum kleift að skilgreina sérstök umhverfissvæði og um leið að takmarka þar umferð til að auka loftgæði.

LEIÐARLJÓS 3




Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

Höfuðborgarsvæðið býður upp á eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk, fyrirtæki og fjárfestingar. Kjarnar með nútíma samgöngum skapa möguleika á spennandi uppbyggingu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi um alla borgarbyggðina.

Um allan heim er þróunin sú að fólk og fyrirtæki sækja í aukum mæli á öflug borgarsvæði. Landamæri skipta æ minna máli og því getur það skipt sköpum fyrir Ísland að höfuðborgarsvæðið sé samkeppnishæft á alþjóðavísu. Höfuðborgarsvæðið keppir einkum við erlend borgarsamfélög um ungt, vel menntað fólk og fyrirtæki. Höfuðborgarsvæðið stendur öðrum borgarsvæðum að baki hvað varðar efnahagssumsvif skapandi greina og ýmsa aðra þætti sem snerta líf skjör og samkeppnishæfni. Að óbreyttu er því hættu á að höfuðborgarsvæðið og þar með landið allt dragist aftur úr í samkeppni um fólk og fjármagn (Fylgirit 4).

Í Höfuðborgarsvæðinu 2040 er ein megináherslan á að auka samkeppnishæfni með því að skapa góð skilyrði fyrir þekkingariðnað og aðra vaxtarsprotu. Einn helsti styrkleiki höfuðborgarsvæðisins er fólgin í nálægð við alþjóðlegar gáttir, Keflavíkurflugvöll og Sundahöfn. Þetta auðveldar fyrirtækjum aðgengi að erlendum mörkuðum. Atvinnulíf þarf að geta treyst á öflugum innviði s.s. nútímalegar samgöngur og örugg fjarskipti. Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins eykst enn fremur ef svæðið verður áfram eftirsóknarvert til búsetu og þar skipta sköpum þættir á borð við aukin umhverfisgæði, bættu lýðheilsu og aðgengi að náttúrulegu umhverfi.



SKÝRINGARMYND 8: SAMSPIL SKILVIRKRA SAMGANGNA OG EFTIRSÓKNARVERÐRA UPPBYGGINGARSVÆÐA

Höfuðborgarsvæðið sem eitt markaðs- og atvinnusvæði. Atvinnustarfsemi nýtur góðs af nýju hágæðakerfi sem einfaldar ferðamáta. Svæðið býður upp á fjölbreytt umhverfi fyrir ólíkar þarfir atvinnulífsins.

Eftirfarandi markmið, sem endurspegla leiðarljós 3, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 3.1** Alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.
- 3.2** Samstarf sveitarfélaga á suðvesturhorninu um hagkvæma byggðaþróun verður eft.

MARKMIÐ 3.1

Alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.

Til að atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu blómstri verður að tryggja að samgöngur stuðli áfram að nálægð við erlenda markaði og að landnotkun uppfylli þarfir ólíkrar atvinnu-starfsemi. Þjóða þarf fyrirtækjum upp á eftirsóknarverða staðsetningarkosti á kjörnum eða samgöngu- og þróunarási þar sem Borgarlína, nýtt hágæðakerfi almenningsamgangna, einfaldar ferðalög fólks um höfuðborgarsvæðið. Ferðaþjónusta mun njóta góðs af uppbyggingu við samgöngu- og þróunarás og dreifa úr álagi við uppbyggingu gistirýmis og annarrar aðstöðu sem hefur hingað til mikið einskorðast við miðborg Reykjavíkur.

Miðstöð þekkingar og nýsköpunar með markvissri klasa-uppbyggingu vísinda- og tæknigarða nálægt tveimur stærstu háskólum landsins. Háskólasjúkrahús mun styrkja samkeppnisstöðu höfuðborgarsvæðisins og auka hlutdeild þekkingargreina í hagkerfinu.


Sundahöfn er megin vöruflutningahöfn höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Hún er megingátt vöruflutninga til og frá Íslandi og hefur mikilvægt hlutverk í vörudreifingu fyrir höfuðborgina og landið allt.

Tryggja verður að sjávarútvegur geti þróast áfram sem grunnatvinnugrein með því að festa í sessi hlutverk fiskihafna og ýta undir nýsköpun sem tengist greininni.

Nauðsynlegt er að starfsemi sem ýtir undir fjölbreytta verslun og þjónustu sé beint inn á kjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Þetta á einkum við stærri verslanir sem draga til sín aðra uppbyggingu. Þessar verslanir geta aðlagð sig þeim kröfum sem gerðar eru til kjarna sbr. töflu 2. Sé talin brýn þörf á uppbyggingu verslunarmiðstöðva (e. mall) og verslunarsamstæðna sem ekki falla undir viðmið kjarna skal hún rökstudd, sbr. töflu 3. Beina skal slíkri uppbyggingu á svæði sem eru vel tengd við stofnvegi og þar sem slík uppbygging getur fallið vel að umhverfinu.

Á höfuðborgarsvæðinu er svæði fyrir orkufrekan iðnað sem tengist grunnneti flutningslína raforku. Nýta þarf slík svæði til að skjóta sterkari stoðum undir samkeppnishæfni svæðisins án þess þó að gengið sé á umhverfisgæði. Stefnt er að því að háspennulínur innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.

Við útfærslur miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar, hafna í grunnneti, orkufreks iðnaðar, háspennulína, verslunarmiðstöðva og verslunarsamstæðna í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.








KORT 5 – ATVINNUSVÆÐI OG MIÐKJARNAR

Kortið dregur fram stefnu um uppbyggingu miðkjarna sem eiga að stuðla að eftirsóknarverðum atvinnusvæðum um allt höfuðborgarsvæðið. Beina á uppbyggingu verslunar og þjónustu á miðkjarna. Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Innan landskjarnans er stefnt að markvissri uppbyggingu miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar. Nánari afmörkun atvinnusvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Við útfærslu hafna í grunnneti og svæða fyrir orkufrekan iðnað í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

-  FISKIHÖFN
-  ALPJÓÐAFLUGVÖLLUR
-  VÖRUFLUTNINGAHÖFN
-  ORKUFREKUR IÐNAÐUR
-  MIÐSTÖÐ ÞEKINGAR OG NÝSKÖPUNAR

-  LANDSKJARNI
-  SVÆÐISKJARNI
-  BÆJARKJARNI
-  VAXTARMÖRK
-  VEGIR
-  BORGARBYGGÐ (2012)

Svo að markmið 3.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

3.1.1 Svæðisskipulagsnefnd leiðbeinir sveitarfélögum við innleiðingu stefnumiða sem bæta munu samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins s.s. nútímalega uppbyggingu á kjörnum og tengingu við vistvæna samgöngumáta.

3.1.2 SSH viðheldur upplýsingum um dreifingu starfa og öðrum hagtölum sem tengjast þekkingargreinum, nýsköpun og ferðaþjónustu og gera aðgengilegar.

3.1.3 Svæðisskipulagsnefnd leitar leiða með samtökum atvinnulífsins til að kortleggja dreifingu og framboð verslunarhúsnæðis og annars atvinnuhúsnæðis og vinna spár um framtíðarþörf.

3.1.4 Í framsetningu fjögurra ára þróunaráætlana verði m.a. horft til atvinnuuppbyggingar í kjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum.

3.1.5 SHH stuðlar að aukinni samvinnu við háskóla, háskólasjúkrahús og aðra þekkingargeira um uppbyggingu nýrrar þekkingarmiðstöðvar.

Sveitarfélög og byggðasamlög

3.1.6 Sveitarfélögin hafi til hliðsjónar að við uppbyggingu kjarna verði mótað umhverfi sem laðar að nýjar fjárfestingar.

3.1.7 Sveitarfélög tryggja að fiskvinnsla og önnur hafnsækin starfsemi hafi nægt landrými við helstu fiskihafnir. Óskyldri starfsemi verði beint á samgöngu- og þróunaráttir eftir því sem við á.

3.1.8 Sveitarfélögin marka stefnu um uppbyggingu gistirýmis og annarrar aðstöðu fyrir ferðaþjónustu.

3.1.9 Strætó bs. vinnur að því að umgjörð almennings-samgangna verði notendavæn fyrir erlenda ferðamenn og ýti þannig undir dreifingu ferðaþjónustu um höfuðborgarsvæðið.

Aðkoma og aðgerðir annarra

3.1.10 Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Landspítalinn Háskólasjúkrahús vinni með sveitarfélögunum og SSH að markvissri uppbyggingu þekkingarmiðstöðvar og höfuðborgarsvæðisins sem háskólaborg.

MARKMIÐ 3.2

Samstarf sveitarfélaga á suðvesturhorninu um hagkvæma byggðapróun verður eftl.

Mikilvægt er að gott jafnvægi sé í búsetuskilyrðum og þróun atvinnulífs á landinu öllu. Mörg mál sem snerta atvinnulífið og byggðapróun krefjast að leitað sé hagkvæmra leiða sem ná út fyrir mörk höfuðborgarsvæðisins við úrlausn þeirra s.s. sorpmál og vöru- og fólksflutningar.

Horfa þarf heildstætt á samspil höfuðborgarsvæðisins við suðvesturhornið og landið allt. Mikilvægt er að ríkið styðji í sínum stefnum við farsæla uppbyggingu á þeim svæðum landsins sem eru í örur vexti og leggi þannig sitt af mörkum til farsællrar byggðapróunar á suðvesturhorninu. Ríkið og stofnanir þess þurfa ásamt sveitarfélögum að leita leiða til að viðhalda gagnagrunni lykiltalna sem nær yfir allt suðvesturhorn landsins. Einnig munu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leita hagkvæmra lausna í samstarfi við nágrannabyggðir um úrlausn sorpmála, efnistöku og -losunar og annarra mála sem lúta ekki landfræðilegum mörkum.

Skilvirkar og öruggar samgöngur eru lykilatriði þegar sá hópur sem sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið frá nágrannabyggðum fer stækkandi. Á meginstofnvegum sem tengja höfuðborgarsvæðið við nágrannabyggðir þarf að viðhalda greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar. Gert er ráð fyrir að hægt verði að auka afkastagetu meginstofnvega sem tengjast höfuðborgarsvæðinu þ.m.t. Hvalfjarðarganga. Auka þarf hlutdeild almenningsamgangna og samspil þeirra við nýtt hágæða almenningsamgöngukerfi – Borgarlínu.

Í Reykjavík og Hafnarfirði eru mikilvægar hafnir eins og í nágrannabæjunum Akranesi, Reykjanesbæ, Sandgerði, Grindavík og Þorlákshöfn. Á Grundartanga er vöruflutningahöfn sem þjónar þeirri starfsemi sem þar er.


Ef kemur til aukinna hafnarumsvifa, t.d. vegna nýrra verkefna, verður þörf fyrir nýja hafnaraðstöðu endurmetin í takt við breyttar aðstæður. Mikilvægt er að náð samstarf verði við ríkið og nágrannabyggðir um framtíðarstaðsetningu slíkrar hafnar til að nýta innviði sem best.

Urðun á Álfsnesi verður hætt á skipulagstímabilinu, eigi síðar en 2020 eins og kveðið er á um í samkomulagi eigenda Sorpu frá 25. október 2013. Ekki er gert ráð fyrir nýjum urðunarstað innan höfuðborgarsvæðisins. Lögð verður áhersla á að minnka þörf fyrir urðun sorps með aukinni meðhöndlun s.s. gasgerð, endurnýtingu og endurvinnslu. Mikilvægt er að auka samvinnu sorpsamlaga á suðvesturhorninu til að nýta betur þau úrræði sem eru þegar til staðar og samræma betur meðhöndlun úrgangs frá öllu svæðinu.

Í nágrenni höfuðborgarinnar eru jarðhitavirkjanir sem hafa áhrif á umhverfi sitt. Síðustu ár hefur verið aukning á brennisteinsvetni í andrúmslofti á Íslandi vegna aukinnar nýtingar jarðhita. Nauðsynlegt er að samráð eigi sér stað milli sveitarfélaga um áhrif núverandi nýtingar og frekari nýtingar til framtíðar til þess að tryggja að búsetuskilyrði aðliggjandi byggðar sé ekki ógnað sökum hás gildis brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Er þetta í samræmi við reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti nr. 514/2010 með síðari breytingum.

Mikilvægt er að birtar séu upplýsingar um loftgæði á aðgengilegan og skiljanlegan hátt að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og tryggt sé að almenningur sé ætíð upplýstur um líklega útbreiðslu brennisteinsvetnis á áhrifasvæðum jarðhitavirkjana í samræmi við upplýsingaskyldu sbr. 6. grein reglugerðar 514/2010.

Við útfærslur sorpurðunar á höfuðborgarsvæðinu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.










KORT 6 – MEGIN GRUNNKERFI OG ATVINNUSVÆÐI Á SUÐVESTURHORNINU

Horfa þarf heildstætt á samspil höfuðborgarsvæðisins við suðvesturhornið.

Við útfærslur miðstöðvar innanlandsflugs* og hafna, svæða fyrir orkufrekan iðnað, háspennulína, sorpurðunar á höfuðborgarsvæðinu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

* Stefnt er að því að finna miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýri annan stað en skv. samkomulagi ríkis og Reykjavíkurborgar er innanlandsflugvelli í Vatnsmýri tryggður sess í skipulagi til ársins 2022. Aðalskipulag Reykjavíkur (AR 2010-2030) gerir ráð fyrir því að land Reykjavíkurflugvallar verði tekið undir byggð í áföngum. Unnið er að skoðun mismunandi staðsetningarkosta, þegar ákvörðun um framtíðarstaðsetningu liggur fyrir verður niðurstaðan bundin í svæðisskipulagi.

-  SORPMEDHÖNDLUN
-  FISKIHÖFN
-  ALPJÓÐAFLUGVÖLLUR
-  VÖRUFLOTNINGAHÖFN
-  ORKUFREKUR IÐNAÐUR
-  LANDBÚNAÐUR
-  RAFORKUVER
-  MIÐSTÖÐ ÞEKKINGAR OG NÝSKÖPUNAR
-  MIÐSTÖÐ INNANLANDSFLUGS*

-  RAFLÍNUR
-  RAFLÍNUR SEM LEGGJA Á NIÐUR
-  VEGIR
-  ÞÉTTBÝLI

Svo að markmið 3.2 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

3.2.1 SSH kalli eftir að stofnað verði til formlegs samráðs landshlutasamtaka á suðvesturhorni landsins, um þróun byggðar, samgöngur, sorpmál, efnisvinnslu, efnislosun og önnur sameiginleg hagsmunamál.

3.2.2 SSH safnar og miðlar lykiltölum um þróun byggðar og samgangna á suðvesturhorninu.

3.2.3 Svæðisskipulagsnefnd metur áhrif fyrirhugaðrar fólksfjölgunar á suðvesturhorninu við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar.

3.2.4 Sorpa bs. fylgir eftir tillögum og markmiðum sem sett eru fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í því samstarfi sem nú er í gildi milli sorpsamlaga á Suðvesturlandi.

3.2.5 Kanna til hlítar möguleika og hagkvæmni þess að tengja nýtt hágæðakerfi almenningsamgangna við Keflavíkurflugvöll.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

3.2.6 Sveitarfélögin tryggja rými í aðalskipulagsáætlunum fyrir öruggt og gott flæði bílaumferðar á meginstofnvegum sem tengja höfuðborgarsvæðið og aðliggjandi svæði. Sveitarfélögin taka frá rými í skipulagsáætlunum fyrir nýjar útfærslur meginstofnvega sbr. aðgerð 2.4.6.

3.2.7 Strætó bs., í samstarfi við landshlutasamtök á aðliggjandi svæðum, vinni að því að gott samræmi sé milli almenningsamgangna sem mynda stærra leiðanet.

Aðkoma og aðgerðir annarra

3.2.8 Ríkið, í samráði við svæðisskipulagsnefnd, taki skýrt á viðfangsefnum sem tengjast hlutverki höfuðborgarsvæðisins gagnvart öðrum landshlutum og tækifærum svæðisins ásamt nágrennabyggðum til að auka samkeppnishæfni landsins alls. Tryggja þarf að þessi viðfangsefni skili sér alltaf í landsskipulagsstefnu og byggðaaætlun.

3.2.9 Þátttaka landshlutasamtaka á suðvesturhorni landsins í uppbyggingu sameiginlegs gagnagrunns um þróun byggðar á suðvesturhorni landsins.

3.2.10 Ríkið taki skýrt á viðfangsefnum sem tengjast hlutverki höfuðborgarsvæðisins gagnvart öðrum landshlutum og tækifærum svæðisins ásamt nágrennabyggðum til að auka samkeppnishæfni landsins alls. Tryggja þarf að þessi viðfangsefni skili sér alltaf í landsskipulagsstefnu og byggðaaætlun.

3.2.11 Hafnir á höfuðborgarsvæðinu auki samvinnu með það að markmiði að auka hagkvæmni nýtingar hafnarmannvirkja og hafnsöguskipa og að tryggja nægt framboð af lóðum fyrir hafnsækna starfsemi.

3.2.12 Hafnir á höfuðborgarsvæðinu skoði áfram kosti fyrir framtíðar aðalinnflutningshöfn landsins sem gæti tekið við af Sundahöfn í lengri framtíð.

LEIÐARLJÓS 4




Heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf

Vefur útivistarsvæða gefur fólki kost á reglulegri hreyfingu í daglegum athöfnum og endurnæringu í frítíma. Grænir geirar draga fram sérkenni landslags og tengja blápráð strandlengjunnar og Grænan trefil í jaðri borgarbyggðar.

Hreint loft, ómengað drykkjarvatn, nálægð við útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi eru undirstaða þeirra lífsgæða sem felast í að búa á höfuðborgarsvæðinu og marka sérstöðu svæðisins umfram önnur borgarsvæði. Mikilvægt er að vernda óskert náttúrusvæði og tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi (Fylgirit 8).

Áhersla er lögð á að byggðin taki mið af sérkennum landslags sem vefur útivistarsvæða byggist á. Ár, lækir, hraunjaðrar og umhverfi þeirra mynda samhangandi svæði um dali og drög í landi og tryggja leiðir um byggðina frá fjöru til heiða. Strandlengja höfuðborgarsvæðisins verður eins og kostur er gerð aðgengileg. Um ströndina og önnur útivistarsvæði liggur net stíga sem gefur möguleika á umhverfisvænum og heilnæmum ferðamátum um samfelldar leiðir milli sveitarfélaga og borgarhluta. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að fjölbreyttum strandsvæðum og greiðfæra leið milli þeirra og Græna trefilsins (Fylgirit 8).



SKÝRINGARMYND 9: VEFUR ÚTIVISTARSVÆÐA INNI Í BYGGÐINNI OG Á JADRI HENNA.

Blápráður strandlengjunnar, grænir geirar og Græni trefillinn opna á samfelldar útivistarleiðir um byggðina sem eru öllum aðgengilegar.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeglar leiðarljós 4, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 4.1** Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra, félagslegra samskipta.
- 4.2** Náttúruverndarsvæði eins og fólkvangar, friðlýst svæði, náttúruvætti, hverfisverndarsvæði og svæði á náttúru-minjaskrá skapa höfuðborgarsvæðinu sérstöðu og gegna mikilvægu fræðslu- og útivistarhlutverki.
- 4.3** Tækifæri til útivistar og ferðaþjónustu innan fólkvanga og fjallahrings höfuðborgarsvæðisins verða nýtt frekar. Hugað verður að samræmdri yfirstjórn og aðgerðum til að tryggja að not ólíkra hópa geti farið saman.
- 4.4** Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð af hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.

MARKMIÐ 4.1

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra félagslegra samskipta.

Á höfuðborgarsvæðinu eru fjölbreytt náttúruleg svæði og mótuð útivistarsvæði sem nýta skal til útivistar, fræðslu, náttúruupplifana og endurnæringar fyrir íbúa. Vefur útivistar- og verndarsvæða er mótaður úr Blápræðinum um strandlengju höfuðborgarsvæðis, Græna treflinum um heiðar og fell ofan byggðar, grænum geirum milli strandar og heiða og bæjar- og borgargörðum innan byggðarinnar. Nánari greiningar á náttúru og umhverfi höfuðborgarsvæðisins er að finna í fylgiriti 8.


Blápráðurinn um strandlengju höfuðborgarsvæðisins býður upp á einstaka útivistarmöguleika. Fjölbreytt landslagið birtir nýjar myndir oft á dag í samspili við sibreytileika árstíðanna, veðráttunnar, sólargangsins, fuglalífsins og sjávarfallanna. Þar er endalaus uppspretta upplifunar, fróðleiks og hollrar útivistar. Fjölbreytileiki strandlengjunnar birtist í melgresisgrónum sandhólum, nesjum, víkum og vogum, hraunbreiðum í sjó fram, sjávartjörnum, malarfjörum, hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum. Búsetuminjar og fornar götur er þar að finna og minna á horfna lífshætti. Með Blápræðinum er skírskotað til þess að möguleiki á samfelldum strandstíg hangir á nokkrum stöðum á blápræði vegna landnotkunar, eignarhalds eða staðhátta. En Blápráðurinn táknað ekki síst hina hárfínu og sibreytilegu línu þar sem sjór mætir landi. Strandlengjan verði gerð eins aðgengileg og kostur er með samfelldum hjóla- og göngustígum, fjölbreytilegri útivistaraðstöðu og áningarstöðum. Hjáleiðir um nærliggjandi byggð verði skilgreindar þar sem landnotkun og eignarhald takmarkar aðgengi.

Græni trefillinn er sameiginlegt og samfelld útivistarsvæði við efri jaðar borgarbyggðarinnar. Trefillinn teygir sig frá Esjuhlíðum í norðri til Helgafells í suðri og tengist þannig fjallendi Esjunnar, Bláfjallafólkvangi og jarðvangi Reykjanesfólkvangs. Græni trefillinn fléttar saman skógarteiga, hraun, vötn og fell. Áhersla er lögð á verndun sérstæðs landslags og lífríkis. Þar er aðstaða til fjölbreyttrar útivistar svo sem athafnasvæði hestamanna og golfvellir sem og fjölbreytt náttúra,

hraunbreiður og votlendi, ræktaður skógur og náttúrulegt kjarr. Í treflinum skal skógrækt stunduð í sátt við sérkenni landslags og náttúrufars, til skjóls og yndisauka, til bættra útivistarskilyrða, til að hefta ösku- og jarðvegsfok og bindingar kolefnis og svifryks frá umferð. Græni stígurinn, samfelldur göngu- og hjólastígur, tengir öll sveitarfélögin saman og liggur eftir treflinum endilöngum og áfram til norðurs og suðurs. Lega stígsins og staðsetning mikilvægustu aðkomusvæða kvarðast í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Hesthúsahverfi skulu samtengd með reiðstígum milli sveitarfélaga. Unnið verður að frekari stefnumörkun, samræmdum aðgerðum og rekstri útivistaraðstöðu í Græna treflinum og Græna stígnum.

Grænir gearar liggja frá Græna treflinum eftir stórum landslagsdráttum s.s. um dali, meðfram hraunjöðrum, ám og lækjum, niður að strandlengjunni. Hér má nefna umhverfi Varmár og Korpu, Elliðaárdal, Fossvogsdal og umhverfi lækja og hraunjaðra í í Garðabæ og Hafnarfirði. Tryggja skal samfelli þessara svæða milli Blápráðarinnar og Græna trefilsins. Innihaldsríkir borgargarðar gegna mikilvægu hlutverki í þéttri byggð, stuðla að andlegri vellíðan og góðri lýðheilsu. Í borgargörðum er aðstaða til leikja, samkomuhalds og daglegrar endurnæringar. Tækifæri til ræktunar matjurta í almenningsrýmum verði aukin til muna, í formi skólagarða og almennra matjurtagarða. Laugardalur, Hljómskálagarður, Vatnsmýri, Klambatún, Öskjuhlíð, Kópavogsdalur, Víðistaðatún og Ullarnesbrekkur eru dæmi um garða með þetta hlutverk. Kirkjugarðar verða með tíð og tíma friðsælir og gróðurríkir almenningsgarðar og verða hluti af græna vef höfuðborgarsvæðisins.

Við útfærslur strandstígs, Græna trefilsins, Græna stígsins, grænna geira, borgargarða og kirkjugarða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.





KORT 7 – NÁTTÚRA OG ÚTIVIST






Náttúru- og útivistarsvæði sem hafa þýðingu fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Nánari afmörkun náttúru- og útivistarsvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Strandlengjan verður gerð eins aðgengileg og kostur er með samfelldum hjóla- og göngustígum. Skilgreina þarf skýrar

hjáleiðir um þar sem landnotkun og eignarhald takmarkar aðgengi.

Við útfærslur strandstígs, Græna trefilsins, Græna stígsins, grænna geira, borgargarða og kirkjugarða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

-  GRÆNIR GEIRAR
-  BORGARGARÐAR
-  KIRKJUGARÐAR
-  GRÆNI TREFILLINN
-  GRÆNI STÍGURINN

-  STRÖND
-  BORGARBYGGÐ (2012)
-  DREIFBÝLI
-  VAXTARMÖRK
-  VEGIR

Svo að markmið 4.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

4.1.1 Svæðisskipulagsnefnd setur fram leiðbeinandi viðmið um útfærslu sameiginlegra útivistarsvæða og stíga. Sérstök áhersla verði lögð á græna geira, græna stíginn og strandstíginn.

4.1.2 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur virkum kortagrunni og upplýsingaöflun um þróun Græna trefilsins og sameiginlegra útivistarstíga í útmörk og með ströndinni. Sérstök áhersla verði lögð á græna geira, græna stíginn og strandstíginn.

4.1.3 Svæðisskipulagsnefnd vinni fjögurra ára þróunar-áætlun, þar sem dregin verða fram áform um framkvæmdir á sameiginlegum útivistarsvæðum.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

4.1.4 Sveitarfélögin móti frekari stefnu og mögulegar aðgerðir til verndunar umhverfis og reksturs útivistaraðstöðu í Græna treflinum. Leitað verði samráðs og samstarfs við skógræktar-, náttúruverndar- og útivistarfélög.

4.1.5 Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagsáætlanir aðgerðarmarkmið 4.1 og geri sérstaklega grein fyrir útfærslu sameiginlegra útivistarsvæða s.s. Græna trefilsins og helstu aðkomu-svæða, græna stígsins, grænna geira og strandstígs.

4.1.6 Sveitarfélögin tryggji samræmt aðgengi að helstu útivistarsvæðum og net göngu-, hjóla- og reiðstíga sem tengja sveitarfélögin saman.

4.1.7 Sveitarfélögin koma á reglubundnum samstarfs-vettvangi umhverfis- og garðyrkjustjóra sveitarfélaganna sem hafi það að markmiði að samræma þróun sameiginlegra útivistarsvæða.

Aðkoma og aðgerðir annarra

4.1.8 Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Skógrækt ríkisins aðstoði SSH um viðhald upplýsinga um skóga í Græna treflinum.

4.1.9 Svæðisnefnd Landssambands hestamanna og Vega-gerðin aðstoði SSH um viðhald upplýsinga um reiðvegi.

MARKMIÐ 4.2

Verndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu verða styrkt og gerð aðgengilegri.

Mjög fjölbreytt náttúrufar er á höfuðborgarsvæðinu. Nálægð þess við eldvirka sprungukerfið á Reykjaneshryggnum skapar því sérstöðu meðal annarra borga. Mörg og víðáttumikil svæði hafa verið friðlýst undir ýmsum formerkjum eða njóta verndar á annan hátt s.s. með hverfisvernd (Fylgirit 8). Fylgja þarf verndun svæða eftir með miðlun upplýsinga til almennings um tilgang með friðun, umgengisreglum og aðgerðum til bættis aðgengis og að stýra umferð um viðkvæm svæði í ákveðna farvegi.

Mikilvægt er að lög um stjórn vatnamála séu höfð til grundvallar í skipulagsáætlun sveitarfélaga. Unnin verður stefna um flokkun og verndun vatnasviðs helstu áa á höfuðborgarsvæðinu: Elliðaáa og Hólmsár, Úlfarsár/Korpu og Varmár, Köldukvíslar og Leirvogssár, Blikdalsár og Laxár. Skoðað verður sérstaklega hvort slík vinna leiði til endurskoðunar á mörkum þeirra svæða sem eru á náttúruminjaskrá (Fylgirit 8).

Við útfærslur friðlýstra svæða og hverfisverndar í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svo að markmið 4.2 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

4.2.1 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur virkum kortagrunni og upplýsingaöflun um svæði sem njóta verndar.

4.2.2 Svæðisskipulagsnefnd vinnur fjögurra ára þróunaráætlun þar sem fram koma áform um frekari verndun svæða eða breytingar á mörkum þeirra.

4.2.3 SSH mótar, í samvinnu við sveitarfélög og heilbrigðis-
eftirlit, frekari stefnu og flokkar helstu vatnsföll á höfuðborgarsvæðinu m.t.t. laga um stjórn vatnamála.


Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

4.2.4 Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagi markmið 4.2 og samræmi sérstaklega mörkun og aðgerðir á þeim svæðum sem virða ekki lögsögumörk s.s. stærri verndarsvæðum, ám og vatnasviðum.

4.2.5 Sveitarfélögin vinni að samræmdum umgengisreglum á verndarsvæðum.

Aðkoma og aðgerðir annarra

4.2.6 Umhverfisstofnun leggi til upplýsingar um friðlýst svæði og taki mið af fjögurra ára þróunaráætlun við gerð náttúruverndaráætlunar hverju sinni.



KORT 8 – VERNDARSVÆÐI

Á kortinu eru þau svæði sem njóta friðunar og/eða verndar árið 2014. Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 er að samræma aðgerðir sveitarfélaga á verndarsvæðum.

Við útfærslu friðlýstra svæða og hverfisverndar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af tölflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

- | | | | |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|------------------------|
|  | FRIDLÝST SVÆÐI |  | BORGARBYGGÐ (2012) |
|  | FÓLKVANGAR MEÐ STJÓRN |  | DREIFBÝLI |
|  | NÁTTÚRUMINJASKRÁ |  | MÖRK HÖFUÐBORGARSVÆÐIS |
|  | HVERFISVERND |  | VAXTARMÖRK |
| | |  | VEGIR |

MARKMIÐ 4.3

Tækifæri til útivistar og ferðapjónustu innan fólkvanga og fjallahrings höfuðborgarsvæðisins verða nýtt frekar.

Fjallendi Esjunnar og Reykjanesfjallgarðurinn eru vettvangur fjallamennsku, lengri útivistarleiða, ferðapjónustutækifæra og vetraríþróttar. Landbúnaðarnytjar í fjallendinu verði óskertar svo fremi sem beitarþol og samkomulag um verndun gefur tilefni til. Að teknu tilliti til beitarnota í Esjunni verði hugað sérstaklega að þeim tækifærum sem felast í útivist og ferðapjónustu, þ.m.t. heilsársnýtingu gistiskála á skíðasvæðum

og jafnvel stofnun Esjuvangs með tilheyrandi landvörslu, umhverfisfræðslu og miðlun upplýsinga. Skoðaðir verði möguleikar á tengingu ferðamannaleiða milli Kjósar og Krýsuvíkur um Mosfellsheiði, Bláfjallaveg og Kleifarvatn sem opna myndi nýjar og spennandi hringleiðir um suðvesturhorn landsins (Fylgirit 8).

Svo að markmið 4.3 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

4.3.1 Svæðisskipulagsnefnd aflar upplýsinga um ferðamennsku á jaðri höfuðborgarsvæðisins og skoðar möguleika á þeim tækifærum sem felast í að nýta fjallahringinn í auknum mæli til ferðamennsku þannig að aðstöðuuppbygging fái aukin not.

4.3.2 Svæðisskipulagsnefnd leitast við, í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög, að komið verði á samræmdri stjórn yfir fjallendi Esjunnar með það að leiðarljósi að tryggja að ólíkir hagsmunahópar geti nýtt svæðið í sátt og samræmi sé í uppbyggingu og viðhaldi á stígum, girðingum og annarri aðstöðu.

4.3.3 Svæðisskipulagsnefnd vinnur fjögurra ára þróunaráætlun þar sem fram koma áform um uppbyggingu ferðamannaadstöðu og ferðamannaleiða.


Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

4.3.4 Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagsáætlanir markmið 4.3 og samræmi sérstaklega mörkun og aðgerðir innan fjallendis.

4.3.5 Sveitarfélögin leitist við að samræma umgengnisreglur á svæðum þar sem líkur eru á árekstrum milli ólíkra hagsmuna.

Aðkoma og aðgerðir annarra

4.3.6 Mikilvægt er að eiga samstarf við Vegagerðina um þróun ferðamannavegar milli Kjósar og Krýsuvíkur.



KORT 9 – FJALLAHRINGIR

Mögulegar útivistarleiðir um fjallahring höfuðborgarsvæðisins. Fjallað er nánar um Bláþráðinn og Græna stíginn í markmiði 4.1.

- BLÁÞRÁÐUR
- - - - GRÆNI STÍGURINN
- - - - ÚTIVISTARLEIÐ UM HEIÐAR
- - - - ÚTIVISTARLEIÐ UM FJALLENDI

- - - - MÖRK HÖFUÐBORGARSVÆÐIS
- VAXTARMÖRK
- VEGIR



MARKMIÐ 4.4

Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð að hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.

Stuðla verður að hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Með því verður tryggt að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi alltaf þau lífsgæði að geta gengið að hreinu ómeðhöndluðu neysluvatni vísu. Neysluvatnsauðlindin er sameiginleg fyrir mest allt höfuðborgarsvæðið. Mikilvægt er að auka samstarf um nýtingu auðlindarinnar og vinna að aðgerðum sem stuðla að auknu öryggi neytenda (Fylgirit 2).

Sameiginleg vernd er á neysluvatnsbólum sem þjóna borgarbyggðinni og birtist hún í heilbrigðissamþykkt (Fylgirit 2). Sveitarfélögin verða að innleiða mörk vatnsverndarsvæða og reglu samþykktarinnar í sínar aðalskipulagsáætlanir. Áhrifsvæði vatnsbóla ná út fyrir lögsögumörk höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að eiga samráð við sveitarfélagið Ölfus og Grindavíkurbæ um möguleg áhrif landnýtingar og framkvæmda innan skilgreindra svæða á neysluvatn höfuðborgarsvæðisins.

Ýmis mannvirki eru á vatnsverndarsvæðum, þar er m.a. einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins, Suðurlandsvegur. Þar er einnig Bláfjallavegur sem liggur að stærsta skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins og ferðamannasvæði við Þríhnúka. Huga þarf að mengunarvörnum við hönnun og endurgerð vega innan vatnsverndarsvæða til að draga úr líkum á olíumengun vegna umferðar. Einnig þarf að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða þar sem hætta er á útafakstri (Fylgirit 2).

Nær brunnsvæðum á megin vatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins eru vegir sem liggja m.a. að skipulögðum útivistarsvæðum, skógræktarsvæðum, frístundabyggð og brunnsvæðum. Einnig eru á vatnsverndarsvæðum háspennulínur

og áform uppi um að endurnýja þær. Skilgreint verður mannvirkjabelti um vatnsverndarsvæðin með það að markmiði að öll umfangsmikil mannvirki sem fela í sér hættu á mengun séu innan þess. Með því er stuðlað að mótvægisáðgerðum og viðbrögð við mengunaróhöppum verði markvissari.

Huga þarf að mengunarvörnum við hönnun og endurgerð vega innan vatnsverndarsvæða til að draga úr líkum á olíumengun vegna umferðar. Einnig þarf að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða þar sem hætta er á útafakstri. Stefnt er að því að háspennulínur innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.

Skipulagsáætlanir sveitarfélaga verða að taka mið af ákvæðum vatnsverndar um viðhald og frágang vega, vegrið ofan brunnsvæða og fjarlægð bilastæða frá brunnsvæðum.

Öryggissvæði eru nýr flokkur vatnsverndarsvæða og eru þau út frá greiningu gagnvart yfirborðsvatni annars vegar og grunnvatni hins vegar. Þau eru skilgreind á svæðum þar sem mengun er talin mögulega geta borist af yfirborði með írennsli til grunnvatns og dreifst með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla. Mikilvægt er að gæta sérstakrar varúðar við skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðabyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða. Nánar er gerð grein fyrir verndarsvæðum í fylgiriti 2.

Við útfærslur vatnsverndarsvæða og mannvirkjabeltis í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svo að markmið 4.4 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

4.4.1 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur, í samvinnu við framkvæmdastjórn vatnsverndar, kortagrunni yfir samþykkt vatnsverndarsvæði og önnur áhrifsvæði vatnsbóla.

4.4.2 Svæðisskipulagsnefnd upplýsir vatnsveitur um breytingar á mannfjöldaspám við gerð fjögurra ára þróunar-áætlunar og leitar eftir sameiginlegu mati á bestu nýtingu auðlindarinnar.

4.4.3 SSH leitar leiða til að auka samvinnu vatnsveitna við að tryggja að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eigi alltaf kost á ómeðhöndluðu vatni jafnvel þótt óhapp verði í einhverju vatnsbóli.

4.4.4 SSH vinnur með framkvæmdastjórn vatnsverndar að aukinni samræmingu eftirlits og viðbragðsáætlana á vatnsverndarsvæðum. Skilgreina þarf vegi og samgöngur um vatnsverndarsvæði sérstaklega m.t.t. hættumats.

4.4.5 Svæðisskipulagsnefnd vinnur með sveitarfélögum og framkvæmdastjórn vatnsverndar að skilgreiningu á mannvirkjabelti um vatnsverndarsvæðin. Stefna ber að því að öll umfangsmikil mannvirki sem fela í sér hættu á mengun séu inni á skilgreindu mannvirkjabelti til að stuðla að markvissari mótvægisáðgerðum og viðbrögðum við mengunaróhöppum. Lega mannvirkjabeltis skal bundin í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins þegar hún liggur fyrir.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

4.4.6 Sveitarfélögin innleiða mörk vatnsverndarsvæða og reglur heilbrigðissamþykktarinnar í sínar skipulagsáætlanir og vinna að því að markmiðum vatnsverndar verði ekki ógnað með landnotkun eða starfsemi innan vatnsverndarsvæða.

4.4.7 Sveitarfélögin taki mið af skilgreindu mannvirkjabelti á vatnsverndarsvæðum í sínum skipulagsáætlunum og við veitingu framkvæmdaleyfa.

4.4.8 Vatnsveitur sveitarfélaganna leiti leiða til að koma á hringtengingu í neysluvatnskerfinu þannig að hægt sé að veita vatni frá mismunandi vatnsbólum til einstakra staða í dreifikerfinu.


4.4.9 Sveitarfélög, vatnsveitur og framkvæmdastjórn vatnsverndar vinna áætlun um viðhald rennislíkans með það að markmiði að ákvarða með kerfisbundnum hætti hvar helst skuli bera niður við mælingar og aðra upplýsingaöflun til að treysta frekar stöðir við skipulag vatnsverndar til framtíðar.

4.4.10 Sveitarfélögin og framkvæmdastjórn vatnsverndar meti þörf fyrir ákvæði um staðsetningu bílastæða á Heiðmerkursvæðinu og lokun vega sé þeim ekki viðhaldið þar sem akstur um þá skapi of mikla hættu vegna verndunar vatnsgæða auk annarra takmarkana á umferð.

Aðkoma og aðgerðir annarra

4.4.11 Vegagerðin vinni í samvinnu við sveitarfélögin að mótvægisáðgerðum og reglubundinni vöktun á mengun frá vegum innan vatnsverndarsvæða. Sérstaka áherslu þarf að leggja á mótvægisáðgerðir á Suðurlandsvegi og Bláfjallavegi.

4.4.12 Landsnet taki mið af skilgreindu mannvirkjabelti við hönnun og lagningu háspennulína. Unnið verði að því að núverandi háspennulínur flytjist á mannvirkjabeltið þegar kemur að eðlilegri endurnýjun.





KORT 10 – VATNSVERNDARSVÆÐI

Afmörkun vatnsverndar er bindandi sbr. samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015. Nákvæm mörk eru í kortagrundi svæðis- skipulagsins.

Sveitarfélögin innleiða vatnsverndarsvæðin í sitt aðalskipulag. Gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal verði þremur árum eftir staðfestingu og Mosfellsbæ verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm

til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar.

Við útfærslu vatnsverndarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af tölflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.



LEIÐARLJÓS 5



Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar


Markviss uppbygging þjónustukjarna og nútíma almennings-samgöngukerfis eykur gæði nærumhverfis og bætir þjónustustig í almennri borgarbyggð. Góð almenningsrými hvetja íbúa til aukinnar útiveru og stuðla að bættri lýðheilsu. Fjölbreyttur húsnæðismarkaður stuðlar að félagslegri fjölbreytni.

Fjölbreytileiki höfuðborgarsvæðisins er mikils virði og æskilegt er að sveitarfélögin skapi sér mismunandi hlutverk til að styrkja heildarmynd höfuðborgarsvæðisins. Undanfarin ár hefur dregið úr þjónustu í þeim hluta borgarbyggðar sem er í úthverfum, fjarri kjörnum. Mikilvægt er að tryggja að allir íbúar geti gengið að ákveðnum gæðum vísam í sínu nærumhverfi. Þau gæði geta þó aldrei verið þau sömu alls staðar, enda er eðli borgarbyggðar að bjóða upp á margbreytilegt umhverfi sem höfðar til ólíkra þarfa íbúa (Fylgirit 7).

Megináhersla í Höfuðborgarsvæðinu 2040 er að stuðla að markvissri uppbyggingu þjónustukjarna sem tengdir eru saman með nútíma almennings-samgöngukerfi. Þessi áhersla leiðir einnig til betra aðgengis þeirra sem búa í dreifðri byggð í úthverfum að þjónustu í hverfiseiningum. Höfuðborgarsvæðið er á norðlægri breiddargráðu þar sem sól er lágt á lofti og sterkir vindar blása. Mikilvægt er að þróun byggðar og almenningsrýma dragi úr neikvæðum veðuráhrifum og stuðli að góðu aðgengi að sólríkum og skjólsælum svæðum (Fylgirit 7).

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir miklum breytingum í aldurssamsetningu og fjölskylduformi íbúa. Fjölgun í eldri aldurshópnum verður mjög mikil og heimilum með börn mun fækka. Þessar breytingar munu hafa áhrif á byggðarþróun og auka eftirspurn eftir minna og hentugra húsnæði fyrir eldri

borgara og þá sem hyggjast hefja búskap. Þannig mun framboð af sérbyli og stærri eignum aukast að einhverju leyti sjálfkrafa (Fylgirit 7).



SKÝRINGARMYND 10: GOTT NÆRUMHVERFI EYKUR GÆÐI BORGARBYGGÐARINNAR

Höfuðborgarsvæðið er samansett úr ólíkum einingum sem tengjast saman innbyrðis og mynda sterkari heild. Innan þeirra geta íbúar sótt viðeigandi húsnæði, gæði og þjónustu. Hryggjarstykki svæðisins er samgöngu- og þróunars.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeгла leiðarljós 5, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 5.1** Borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins. Byggð og umhverfi verður mótað út frá mannlegum þörfum og mælikvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.
- 5.2** Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa. Hugað verður sérstaklega að framboði á húsnæði á viðráðanlegu verði.

MARKMIÐ 5.1

Borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins. Byggð og umhverfi verður mótað út frá mannlegum þörfum og mælikvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.

Í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 er lögð sérstök áhersla á tuttugu mínútna hverfi. Sterkt hverfi er eitt lyklatríðið til að vel takist til að samþætta byggðarmynstur og vaxandi notkun almenningsgangna. Það er gert með því að styrkja nær-umhverfið þannig að íbúar geti sinnt sínum daglegu athöfnum í nálægð við heimili sitt. Í kjarna hverfisins er þétt byggð með fjölbreyttri starfsemi og miðstöð almenningsgangna. Þar er borgargata hverfisins, með umhverfi sem ýtir undir iðandi mannlíf. Um kjarnann liggur Borgarlínan og/eða strætóleið með háu þjónustustigi. Leggja þarf áherslu á göngu- og hjólavænt umhverfi frá kjarna og út í hverfið.

Önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði innan hverfisins geta myndast við stoppistöðvar almenningsgangna. Mikilvægt er að með útfærslu skipulags og umhverfis sé lögð áhersla á atriði sem hvetja til gangandi og hjólandi umferðar. Með blöndun byggðar verði stuðlað að þjónustu og atvinnutækifærum. Blöndun byggðar snýr ekki einungis að breytilegri starfsemi, heldur einnig því að húsnæði sé fjölbreytilegt og ýti undir félagslega blöndun og fjölbreytni innan hverfa. Vel útfærð, skjólgóð og sólrík almenningsrými hvetja íbúa til útiveru og gera þeim fært að sinna helstu erindum gangandi eða hjólandi.

Með aukinni nærþjónustu, betri almenningsrymum og fleiri íbúum sem sinna sínum daglegu erindum innan hverfis verður iðandi mannlíf og umhverfið líflegra (Fylgirit 7).

Miðað verður við að íbúar eigi ekki lengra að sækja í kjarna en sem nemur tuttugu mínútna göngu. Nærþjónusta dreifist víðar svo íbúar eigi kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótta- og tómsundastarfsemi og matvöruverslun innan 5–10 mínútna göngufjarlægðar.

Lögð verði áhersla á að byggð verði felld vel að umhverfi og þétting taki mið af aðstæðum. Þétting byggðar getur bætt aðstæður, aukið skjól og gæði útivistarsvæða og styrkt rýmismyndun í þegar byggðum hverfum. Þó skal við þéttingu gæta þess að vernda staðbundin einkenni og byggingararf og halda í séreinkenni sveitarfélaganna. Með þéttari byggð er brýnt að tryggja gæði byggðar og ytra umhverfis. Leik- og dvalarsvæði og göngu- og hjólaleiðir verði í nánnum tengslum við heimili. Æskilegt er að innan hverfis verði garðlönd til að stuðla að sjálfbærri ræktun.

Við útfærslur tuttugu mínútna hverfisins í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.


Svo að markmið 5.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

5.1.1 Svæðisskipulagsnefnd mótar leiðbeiningar um ákjósanlegar útfærslur byggðarmynsturs sem stuðli að gæðum byggðar og sjálfstæðum hverfiseiningum.

5.1.2 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur upplýsingum um dreifingu þjónustu s.s. verslunarhúsnæðis sbr. aðgerð 6.1.2.

5.1.3 Svæðisskipulagsnefnd vinnur fjögurra ára þróunaráætlun í samvinnu við sveitarfélögin þar sem dregin verði fram áform um uppbyggingu þjónustu.



SKÝRINGARMYND 11: 20 MÍNÚTNA HVERFIÐ

Innan 20 mínútna hverfisins verður gott framboð af fjölbreyttum húsakosti og öll helsta þjónusta. Miðað verður við að íbúar eigi ekki lengra að sækja í kjarna en sem nemur tuttugu mínútna göngu. Nærbjónusta dreifist víðar svo íbúar eigi kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og tómstundastarfsemi og matvöruverslun innan 5–10 mínútna göngufjarlægðar.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

5.1.4 Við útfærslu markmiðs 5.1 verða sveitarfélög að gæta að verndun byggingararfs og umhverfis. Metið verði hvort fyrirhuguð byggð kalli á húsakönnun og/eða umhverfisgreiningu. Sérstök áhersla verði lögð á vel heppnaðar útfærslur við þéttingu eldri byggðar.

5.1.5 Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagsáætlunum markmið um lýðheilsu og geri grein fyrir nánari útfærslu hjóla- og göngustíga sem stuðli að daglegri hreyfingu.

Aðkoma og aðgerðir annarra

5.1.6 Skipulagsstofnun aðstoði við mótun leiðbeininga um útfærslur og viðmið sjálfstæðra hverfiseininga.

5.1.7 Minjastofnun Íslands veiti aðgang að upplýsingum um húsnæði sem nýtur friðunar.

MARKMIÐ 5.2

Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa. Hugað verður sérstaklega að framboði á húsnæði á viðráðanlegu verði.

Lögð verði áhersla á að fjölga valkostum um íbúðagerðir og eignarform á nýjum uppbyggingarsvæðum. Gera verður ráð fyrir aukinni spurn eftir minni íbúðum vegna fjölgunar eldri borgara og minnkandi fjölskyldustærðar (Fylgirit 7).

Sveitarfélög útfæra húsnæðisstefnur sínar þannig að framboð húsnæðis á viðráðanlegu verði verði tryggt svo að allir íbúar

hafi tök á að útvega sér húsnæði á almennum markaði. Með aukinni samþættingu byggðapróunar við almenningssamgöngur með hátt þjónustustig má lækka rekstrarkostnað heimila (Fylgirit 7).

Við útfærslur húsnæðisstefnu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svo að markmið 5.2 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

5.2.1 Svæðisskipulagsnefnd mótar, í samvinnu við sveitarfélögin, heildstæða húsnæðisstefnu með sérstaka áherslu á framboð húsnæðis á viðráðanlegu verði.

5.2.2 SSH viðheldur gagnagrunni með upplýsingum um þróun fólksfjölda, aldurssamsetningu og fjölskyldugerð með reglulegum hætti og setur í samhengi við svæðisskipulagið og framfylgd þess.

5.2.3 SSH viðheldur upplýsingum um þróun húsnæðismarkaðar og hlutfall húsnæðis á viðráðanlegu verði hverju sinni.

5.2.4 Svæðisskipulagsnefnd vinnur, í samvinnu við sveitarfélögin, fjögurra ára þróunaráætlun, þar sem fram kemur áætlun um uppbyggingu íbúða flokkaðar eftir tegund, eignarhaldi og hvort þær falli undir viðmið um húsnæði á viðráðanlegu verði.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

5.2.5 Sveitarfélögin útfæri nánar húsnæðisstefnu í sínum áætlunum.

5.3.6 Sveitarfélögin leggi reglulega til upplýsingar um þróun húsnæðismarkaðar.

5.3.7 Sveitarfélögin í samvinnu við ríkið leiti leiða til að auka hlutdeild húsnæðis á viðráðanlegu verði.

Aðkoma og aðgerðir annarra


5.2.8 Hagstofan og Þjóðskrá veiti upplýsingar um þróun lýðfræði og húsnæðismarkaðar.

5.2.9 Velferðarráðuneytið vinni með sveitarfélögum að raunhæfum úrlausnum á húsnæði á viðráðanlegu verði.

5.2.10 Ríkisskattstjóri leiti leiða til að ná utan um fjölda og staðsetningu leiguíbúða í gegnum skattframtöl.

5.2.11 Skipulagsstofnun og Mannvirkjastofnun veiti leiðbeiningar varðandi vel heppnaðar útfærslur á blönduðum hverfum og litlum ódýrum íbúðum.




















Landnotkun – meginðrættir

Meginþættir landnotkunarstefnu svæðisskipulagsins og stefnu um grunngerð eru hér dregnir saman á eitt þemakort til að sýna samspil þeirra og gefa heildarmynd. Um þessa meginþætti gildir eftirfarandi en málsmeðferð vegna þessara þátta er nánar lýst í töflu 3 í 4. kafla:

- Afmörkun vatnsverndar er bindandi, sbr. samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015. Nákvæm mörk eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Sjá markmið 4.4, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi og skal lega markanna skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Sjá markmið 1.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Þar sem vaxtarmörk mæta takmörkunum á landnotkun, t.d. vatnsvernd eða friðlýstum svæðum, skal taka mið af þeim takmarkandi mörkum við skilgreiningu á legu markanna í aðalskipulagi. Sjá markmið 1.1 og 4.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Lega og stigskipting kjarna er bindandi (sbr. staðarlýsingu í töflu 2) en nánari afmörkun þeirra skal útfærð í aðalskipulagi. Sjá markmið 1.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Svæðisskipulagstillagan tekur til hafna sem eru í grunnneti samkvæmt samgönguáætlun á hverjum tíma. Sjá markmið 3.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Staðsetning orkufreks iðnaðar sem tengist flutningskerfi landsnets er bindandi en afmörkun svæðanna er nánar útfærð í aðalskipulagi. Sjá markmið 3.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Afmörkun annarrar landnotkunar sem sýnd er á kortinu, þ.e. einstakra þéttbýlisreita innan vaxtarmarka, dreifbýlis og svæða náttúru og útivistar, fer fram í aðalskipulagi út frá viðeigandi markmiðum þessa svæðisskipulags. Sjá t.d. markmið 1.1, 1.3, 3.1, 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 5.1, 5.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.
- Lega núverandi stofnvega (meginstofnvega og stofngatna) er bindandi. Sjá markmið 2.3 og 2.4 og tilheyrandi texta. Þessir stofnvegir og nýir sem skilgreindir verða sem hluti af grunnneti samgangna í samgönguáætlun aðalskipulags kalla á sérstaka málsmeðferð, sjá töflu 3 í 4. kafla.

KORT 11 – LANDNOTKUN MEGINDRÆTTIR

| | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  LANDSKJARNI |  FISKIHÖFN |  ÞÉTTBÝLI |
|  SVÆDISKJARNI |  ALÞJÓÐAFLUGVÖLLUR |  DREIFBÝLI |
|  BÆJARKJARNI |  VÖRUFLOTNINGAHÖFN |  NÁTTÚRA OG ÚTIVIST |
|  VAXTARMÖRK |  STÓRIÐJA |  VATNSVERND |
|  VEGIR |  MIÐSTÖÐ ÞEKINGAR OG NÝSKÖPUNAR |  MÖRK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS |



1

HVAÐ ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

Inngangur
Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi
Túlkun og framfylgd
Sögulegt og landfræðilegt samhengi
Lykilhugtök

2

HELSTU ÁSKORANIR

Áframhaldandi vöxtur
Breyttar húsnæðisþarfir
Veikleikar í stjórnkerfinu
Alþjóðleg samkeppnishæfni
Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð
Lýðheilsa

3

STEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

LEIÐARLJÓÐ 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins
LEIÐARLJÓÐ 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi
LEIÐARLJÓÐ 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni
LEIÐARLJÓÐ 4: Heilnæmt umhverfi
LEIÐARLJÓÐ 5: Gott nærumhverfi
Landnotkun – megindrættir

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

LEIÐARLJÓÐ 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins
Innleiðing í skipulagsáætlanir
Endurskoðun
Árangursmæling

5

UMHVERFISMAT

Samantekt umhverfisskýrslu
Áfangaskipting
Niðurstaða matsvinnu
Tengsl við aðrar áætlanir
Vöktun og eftirfylgni

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

Í 4. kafla koma fram atriði er varða innleiðingu stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040, samræmingu aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna, meðferð breytinga og endurskoðun á stefnu. Höfuðborgarsvæðið 2040 er stefnumótunarskjal og stýritæki til að ná fram sameiginlegri sýn sveitarfélaganna um hagkvæman vöxt svæðisins. Stefnan er almennur leiðarvísir við mótun og þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu sem þarf að útfæra í skipulagsákvörðunum sveitarfélaga.

Forsenda þess að stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nái fram að ganga er sú að leiðarljós, markmið og aðgerðir séu innleidd og mælikvarðar séu til staðar til að meta árangur hverju sinni. Framfylgd á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 er í höndum svæðisskipulagsnefndar, skrifstofu SSH, sveitarfélaga og byggðasamlaga.

Til að fylgja eftir stefnu svæðisskipulagsins verða lagðar fram fjögurra ára þróunaráætlanir þar sem koma fram samræmdar áætlanir sveitarfélaganna í uppbyggingu og aðgerðir til að

ná fram þeim markmiðum sem birtast í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040. Í þróunaráætlunum koma einnig fram aðgerðir um skipulagsþætti, með mikið svæðisbundið gildi, sem þarf að festa í svæðisskipulagi þegar niðurstaða um þær liggur fyrir; til dæmis innanlandsflugvöllur og lega samgöngu- og þróunaráss, Borgarlínu. Aðgerðirnar eru dregnar saman í töflu 3.

Mikilvægt er að um þau atriði sem hafa mikið svæðisbundið gildi verði ávallt náð samstarf á samvinnuvettvangi sveitarfélaganna. Þau sem snerta almenna stefnu og staðbundna landnotkun er vísað til útfærslu í aðalskipulagsáætlun sveitarfélaga.

Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 tekur einnig til samstarfs sveitarfélaganna og birtist sem sérstakt leiðarljós.



LEIÐARLJÓS 6



Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin eiga í nánu samstarfi og styðja við framfylgd á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 til að tryggja sjálfbæran vöxt og hagkvæma byggðapróun.

Stefnumótun um árangursríkt samstarf skapar umgjörð fyrir nánara samstarf sveitarfélaganna sem leiðir til aukinnar hagkvæmni, betri samgangna, sjálfbærni í byggðapróun og styður betri ákvörðunartöku við úrlausn sameiginlegra hagsmunamála íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Með auknu samstarfi eykst þörfin á virkum samstarfsvettvangi og öflugu utanumhaldi. Skrifstofa SSH verður svæðisskipulagsnefnd til halds og trausts með framfylgd Höfuðborgarsvæðisins 2040 og viðhaldi reglulega lykiltólum um byggðapróun, aðstoði sveitarfélögin við mótun styttri þróunaráætlana, sameiginlegra leiðbeininga og annist eftirfylgni á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeгла leiðarljós 6, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 6.1** Skrifstofa SSH verður vettvangur virks samstarfs um þróun höfuðborgarsvæðisins.
- 6.2** Metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið liggir fyrir á hverjum tíma þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra byggðaþróun.

MARKMIÐ 6.1

Skrifstofa SSH verður vettvangur virks samstarfs um þróun höfuðborgarsvæðisins.

Samvinna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um svæðisskipulagið verður á vettvangi SSH sem aðstoðar við samræmingu aðalskipulagsáætlana við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 (Fylgirit 12).

Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirumsjón með umsýslu svæðisskipulagsins. Skrifstofa SSH annast stjórnsluhluta svæðisskipulagsins, reglulega uppfærslu upplýsinga, tölfræðilega úrvinnslu, framfylgd skipulagsins, miðlun upplýsinga og samstarf við skipulagsyfirkvöld í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og aðliggjandi sveitarfélögum. Skrifstofa SSH skal fylgjast með framþróun skipulagsins og gera tillögur að leiðrættandi hegðun eða breytingum á því ef þarf (Fylgirit 12). Lykilatriðið í framfylgd svæðisskipulagsins er gerð fjögurra ára þróunaráætlunar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Með henni er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, samgöngu-framkvæmdir auk annarra aðgerða. Í þróunaráætlunum munu einnig koma aðgerðir um þá skipulagsþætti sem hafa mikið svæðisbundið gildi en niðurstaða liggur ekki fyrir við samþykkt Höfuðborgarsvæðisins 2040. Þar er um að ræða skipulagsþætti á borð við staðsetningu innanlandsflugvallar, legu samgöngu- og þróunaráss ásamt Borgarlínu og mannvirkjabelti á vatnsverndarsvæðum.

Ferli við vinnslu fjögurra ára þróunaráætlunar birtist í skýringarmynd bls. 86 og skal áætlunin liggja fyrir samhliða gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna að loknum kosningum. Mikilvægt verður að skapa og viðhalda öflugum gagna- og upplýsingagrunni til að fylgjast með þróun höfuðborgarsvæðisins og tryggja að bestu upplýsingar hverju sinni styðji við skipulagsákvæðanatöku.

Svo að markmið 6.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

6.1.1 Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirumsjón með svæðisskipulaginu. Skrifstofa SSH hefur umsjón með rekstri svæðisskipulagsnefndar með skilvísri stjórnslu.

6.1.2 SSH viðheldur, í samvinnu við sveitarfélögin, lifandi kortagrunni með tilvísun til samkomulags sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar að lútandi.

6.1.3 SSH viðheldur gagnagrunni svæðisskipulags, þar sem lykiltölur um þróun byggðar eru uppfærðar reglulega, í það minnsta árlega.

6.1.4 SSH aðstoðar svæðisskipulagsnefnd við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar í samvinnu við sveitarfélögin sem taka mið af uppfærðum mannfjöldaspám. Markmið þróunaráætlana er að stuðla að markvissri uppbyggingu höfuðborgarsvæðisins sem styður við markmið Höfuðborgarsvæðisins 2040. Þróunaráætlanir verða unnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Sveitarfélög og byggðarsamlög


6.1.5 Sveitarfélögin standa að starfi skrifstofu SSH og svæðisskipulagsnefndar og fela henni aukið stefnumótandi hlutverk í góðu samstarfi við skipulagsnefndir þeirra og önnur stjórnvöld m.a. við:

- Gerð fjögurra ára þróunaráætlana fyrir höfuðborgarsvæðið að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Samráð við gerð aðalskipulags aðildarsveitarfélaga.
- Samráð við ríkisvaldið um gerð og framfylgd landskipulagsstefnu.

6.1.6 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur kortagrunni svæðisskipulags. Sveitarfélögin skuldbinda sig til að skila inn gögnum með markvissum og öruggum hætti, í það minnsta árlega.

Aðkoma og aðgerðir annarra

6.1.7 Samráð verði haft við viðeigandi stofnanir um gögn sem snerta lykiltölur um þróun byggðar: Hagstofu, Þjóðskrá, Vegagerðina, Byggingastofnun, RSK og Landmælingar Íslands.



SKÝRINGARMYND 12: FERLI FJÖGURRA ÁRA ÞRÓUNARÁÆTLUNAR

Lykilatriðið í framfylgd nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er gerð fjögurra ára þróunaráætlunar. Með henni er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis, samgönguframkvæmdir, auk annarra aðgerða til að ná fram þeim markmiðum svæðisskipulags um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040.

MARKMIÐ 6.2

Metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið liggja fyrir á hverjum tíma þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra byggðaðróun.

Höfuðborgarsvæðið 2040 er virk skipulagsáætlun og tekur mið af gildandi landsskipulagsstefnu. Einnig munu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu beita sér fyrir að landskipulagsstefna og aðrar áætlanir ríkisins taki mið af framtíðarstefnumörkun höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulagið er einn af lykilorðum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins og er viðvarandi verkefni, unnið í samráði við ríkið.

Sveitarfélögin ætla að tryggja að ávallt liggja fyrir metnaðarfullt svæðisskipulag þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun, sem meðal annars felst í sameiginlegri sýn fyrir íbúaðróun og þjónustuframboð, skilgreina landnotkun og samgöngur með áherslu á virka og vistvæna ferðamáta, og vinna sameiginlega að þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu með tengingu við næstu nágretta (Fylgirit 12).

Við samþykkt Höfuðborgarsvæðisins 2040 skuldbinda sveitarfélögin sig til að endurskoða aðalskipulagsáætlanir sínar og tryggja samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Eins og fram hefur komið er stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 ekki sett fram á skipulagsuppdrætti. Áherslur og efnisatriði verður engu að síður að útfæra í aðalskipulögum sveitarfélaga og fá þar skipulagslega bindingu á uppdrætti. Skipulagsþættir hafa verið flokkaðir niður og fer málsmeðferð þeirra eftir svæðisbundnu mikilvægi. Þegar sveitarfélög útfæra skipulagsþætti sem hafa mikið svæðisbundið gildi þarf málsmeðferð að vera eins og um svæðisskipulagsbreytingu sé að ræða. Svæðisskipulagsnefnd fjallar um þær útfærslur og þurfa allar sveitarstjórnir að afgreiða samþykktir nefndarinnar. Þegar sveitarfélög útfæra skipulagsþætti sem hafa lítið svæðisbundið gildi er það gert í aðalskipulagi með umsögn svæðisskipulagsnefndar. Aðrir skipulagsþættir eru háðir mati svæðisskipulagsnefndar hverju sinni hvort þeir hafa mikið eða lítið svæðisbundið gildi. Flokkun skipulagsþátta og málsmeðferð er sýnd í töflu 3.

Svo að markmið 6.2 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

6.2.1 Svæðisskipulagsnefnd og Skrifstofa SSH fylgjast með framfylgd skipulagsins og benda sveitarfélögum á misræmi við aðalskipulagsáætlanir ef þörf er á.

6.2.2 Skrifstofa SSH hefur yfirumsjón með stjórnsýsluhluta svæðisskipulagsins, sér um reglulega uppfærslu upplýsinga, tölfræðilega úrvinnslu, framsetningu skipulagsins, miðlun upplýsinga og samstarf við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorninu. SSH hefur frumkvæði að því að leita til hagsmunaaðila og félagasamtaka við framfylgd stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 hverju sinni, til dæmis við mótun leiðbeininga.

6.2.3 Svæðisskipulagsnefnd skal eftir skipun hennar í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórnar leggja fram verk-, tíma- og kostnaðaráætlun. Ávallt skal meta hvort þörf sé á að endurskoða svæðisskipulagið.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

6.2.4 Sveitarfélögin skuldbinda sig til að umgangast staðfest svæðisskipulag af festu og virðingu og innleiða í gildandi aðalskipulagsáætlanir.

6.2.5 Við gerð aðalskipulags aðildarsveitarfélaganna og endurskoðun þeirra skal byggja á stefnumörkun svæðisskipulagsins.

Aðkoma og aðgerðir annarra

6.2.6 Skipulagsstofnun veitir leiðsögn um framfylgd, viðhald og endurskoðun svæðisskipulagsins ef þörf er á.

Innleiðing í skipulagsáætlanir Endurskoðun

Svæðisskipulag er réttþerra en aðalskipulagsáætlanir og skulu sveitarfélögin gæta að innra samræmi skipulagsáætlana og að aðalskipulagsáætlanir og aðrar áætlanir vinni ekki gegn stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040.

Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins skulu hafa innleitt stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 í aðalskipulagsáætlanir innan 18 mánaða frá samþykki þess.

Sveitarfélögin skulu leggja fram tillögu að innleiðingu til svæðisskipulagsnefndar og SSH, sem munu fjalla um tillögunu ásamt fagráði og framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar. Tillagan skal gera grein fyrir hvernig samræmi gildandi aðalskipulagsáætlunar er við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og hvort þörf sé á breytingum á aðalskipulagi. Sérstaklega skal gera grein fyrir og rökstyðja:

- Þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi sbr. töflu 3.
- Þeim skipulagsþáttum sem mörkuð er um almenna stefnu og nánari útfærslu vísað til aðalskipulags, til dæmis nánari útfærslu kjarna eða mörkun húsnæðisstefnu sbr. töflu 3.
- Sýn og hlutverki sveitarfélags við útfærslu samgöngu- og þróunarás samt borgarlínu.
- Hvernig uppbygging samræmist stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 með tilliti til viðmiða eins og þau birtast í töflu 1 og töflu 2.

Sama gildir þegar meta þarf samræmi breytinga á aðalskipulagi sveitarfélaga að heildarendurskoðun. Sveitarfélögin verða að eiga gott samráð við svæðisskipulagsnefnd um allar breytingar á aðalskipulagi. Nauðsynlegt er að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi við svæðisskipulag liggja alltaf fyrir áður en einstaka aðalskipulagsbreytingar eru staðfestar.

Endurskoðun á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 skal eiga sér stað samkvæmt málsmeðferð eins og hún kemur fram í skipulagslögum og skipulagsreglugerð og skal vera í höndum svæðisskipulagsnefndar og SSH.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins.

Enn fremur skal svæðisskipulagsnefnd taka tillit til þess hvort forsendur, þ.m.t. efnahagslegar, og samfélagsleg þróun hafi breyst og hvort framfylgd svæðisskipulagsins hafi gengið eftir eins og að var stefnt.

Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. Tilkynna þarf Skipulagsstofnun um niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar hvort endurskoða beri svæðisskipulag eða ekki.

Allar breytingar sem gerðar eru á svæðisskipulagi kalla á málsmeðferð skv. 22.–25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í töflu 3 er settur fram rammi um hvaða atriði kalla á breytingar á svæðisskipulagi og hvernig málsmeðferð er þá háttáð. Meginreglan er að eftir því sem efnisatriðin hafa meira svæðisbundið mikilvægi, því meiri þörf er á að málsmeðferð breytinga sé formlegt breytingarferli.

TAFLA 3 – MÁLSMEÐFERÐ EINSTAKRA ÞÁTTA SVÆÐISSKIPULAGSINS EFTIR SVÆÐISBUNDNU MIKILVÆGI

Taflan tilgreinir eingöngu þau efnisatriði sem mörkuð er stefna um í svæðisskipulaginu og útfæra þarf sérstaklega í aðalskipulögum aðildarsveitarfélaga.

Taflan lýsir málsmeðferð við viðhald svæðisskipulags og innleiðingu stefnunnar í aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Um þrenns konar málsmeðferðarstig er að ræða.

Undir 1. stig falla þeir skipulagsþættir sem svæðisskipulagið mótast stífa stefnu um. Þessi þættir eru festir í svæðisskipulagi og er nauðsynlegt að breyta svæðisskipulagi sé ætlunin að vika frá stefnu um þá.

Undir 2. stig falla þeir skipulagsþættir sem geta haft mikið svæðisbundið gildi en mörkuð er almenn stefna um í svæðisskipulagi en er útfærð nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga og geta haft mikið svæðisbundið gildi. Málsmeðferð þessara þátta er alltaf háð mati svæðisskipulagsnefndar um hvort þörf sé á að breyta svæðisskipulagi eða ekki.

Undir 3. stig falla þeir skipulagsþættir sem mörkuð er almenn stefna um í svæðisskipulagi en er útfærð nánar í aðalskipulagi. Umsögn svæðisskipulagsnefndar verður að liggja fyrir áður en þeir eru útfærðir í aðalskipulagi sveitarfélaga.

| VÆGI | STIG | MARKMIÐ | EFNISATRÍÐI | MÁLSMEÐFERÐ |
|-----------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mikið svæðisbundið gildi | 1. Skipulagsþættir, með mikið svæðisbundið gildi, sem sett er bindandi stefna um, í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040. Breytingar á stefnu um þessa skipulagsþætti kalla á breytingu á svæðisskipulagi. | 1.1 1.2 2.1 2.1 2.2 2.4 3.1 4.4 | Vaxtarmörk. Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna. Samgöngu- og þróunarás. Staðsetning miðstöðvar innanlandsflugs. Lega hágæðakerfis almenningsgangna, Borgarlínu. Meginstofnvegir, flokkun og útfærsla. Hafnir í grunnneti, staðsetning. Vatnsverndarsvæði. | Allar breytingar á þessum skipulagsþáttum skal fara með í samræmi við málsmeðferð um svæðisskipulagsáætlanir skv. 22.-25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. |
| Miðlungs svæðisbundið gildi | 2. Skipulagsþættir sem mörkuð er almenn stefna um í svæðisskipulagi en nánari útfærslu vísað til aðalskipulags. Hún varðar þætti sem kunna að hafa mikið svæðisbundið gildi. | 1.2 2.3 2.4 3.1 3.1 3.1 3.1 3.2 4.1 4.2 4.4 | Staðsetning og útfærsla á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum utan samgöngu og þróunaráss og þ.m.t. stoppistöðvum. Stofnleiðir göngu- og hjólreiða. Stofngötur, flokkun og útfærsla. Staðsetning miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar. Verslunarmiðstöðvar (e. mall) utan miðkjarna og verslunarsamstæður (e. big box). Staðsetning orkufreks iðnaðar sem tengist grunnneti flutningslína raforku. Háspennulínur. Sorpurðun. Græni trefillinn, græni gearar, græni stígurinn, strandstígur og kirkjugarðar. Friðlýst svæði, þ.m.t. fólkvangar með stjórn. Mannvirkjabelti. | Svæðisskipulagsnefnd metur, í hverju tilviki fyrir sig, hvort stefna er í samræmi við svæðisskipulag eða kallar á breytingu á því. Mat svæðisskipulagsnefndar byggist á rökstuðningi sveitarfélaga um samræmi tillögunnar við H2040 og mati á svæðisáhrifum. Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar segir til um hvort breytingin hefur mikið svæðisbundið gildi (1. stig) eða lítið svæðisbundið gildi (3. stig) og málsmeðferð verði skv. 1. eða 3. stigi. |
| Lítið svæðisbundið gildi | 3. Skipulagsþættir sem mörkuð er almenn stefna um í svæðisskipulagi en eru útfærðir í aðalskipulagi. | 1.1 1.3 4.1 4.2 5.1 5.2 | Þróun byggðar m.t.t. veðurfars og loftslagsbreytinga. Landbúnaðarsvæði. Borgargarðar. Hverfisvernd. Stefna um áherslu á 20 mínútna hverfi. Húsnæðisstefna. | Allar breytingar á þessum atriðum skal fara með í samræmi við málsmeðferð um aðalskipulagsáætlanir skv. 30.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð er krafa um að umsögn svæðisskipulagsnefndar liggja alltaf fyrir áður en Skipulagsstofnun staðfestir aðalskipulag sveitarfélaga. |

Árangursmæling

Til þess að aðstoða við framfylgd á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 mun SSH hafa umsjón með upplýsinga- og mælaborði með lykilskipulagstölum og annast útgáfu yfirlits um stöðu þróunar skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu.



LEIÐARLJÓS 1 Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

- 1.1** Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka borgarbyggðar.
- Fylgst verði með því hvort vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins verði virt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.
 - Þróun á þéttleika byggðar, íbúar/hektara, miðað við útmörk borgarbyggðar hverju sinni.
 - Hlutfall byggðar yfir 100 m y.s.
 - Setning lágmarkskvóta á strandsvæðum í aðalskipulagi sveitarfélaga.
 - Uppfæra mannfjöldaspár á fjögurra ára fresti.
- 1.2** Meginþunga vaxtar er beint að miðkjörnum og á samgöngumiðuð þróunarsvæði, hlutfall þeirra vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni.
- Árleg úttekt á hlutfalli íbúða og atvinnuhúsnæðis innan miðkjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða.
 - Árleg úttekt á dreifingu uppbyggingar. Fjöldi, gerð, þéttleiki og vöxtur íbúa/ íbúða, starfa og atvinnuhúsnæðis á miðkjörnum, samgöngumiðuðum þróunarsvæðum, öðru þéttbýli og dreifbýli.
 - Árleg úttekt á uppbyggingu miðað við áætlaða þörf (fjögurra ára þróunaráætlun).
- 1.3** Gott landbúnaðarland verði nýtt undir matvælaframleiðslu og náttúruríkt umhverfi verður varðveitt.
- Árleg skráning á góðu landbúnaðarlandi.
 - Árleg skráning á náttúruríku umhverfi skv. lögum um náttúruvernd.
 - Árleg skráning á hvort í gildi séu samningar milli sveitarfélaga og UST um friðlýst svæði.



LEIÐARLJÓÐ 2 Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi.

- 2.1** Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.
- Könnun á ferðavenjum, hlutfall ferða með bifreiðum, almenningssamgöngum, gangandi og hjólandi, hlutdeild og breytingar milli ára.
 - Vegin meðal vegalengd frá heimili til vinnu eftir ferðamátum.
- 2.2** Hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 12%.
- Þróun á hlutdeild almenningssamgangna eftir flokkum.
 - Árleg samantekt á farþegafjölda með almenningssamgöngum eftir flokkum.
 - Fjöldi íbúða í innan við 400 metra fjarlægð frá biðstöð almenningssamgangna.
 - Miðlungs aðgengi, biðstöðvar með aðgengi að 6–10 ferðum á klukkustund fyrir annað hvort strætó eða lest.
 - Gott aðgengi, biðstöðvar með aðgengi að fleiri en 10 ferðum á klukkustund fyrir annað hvort strætó eða lest.
 - Mjög gott aðgengi, biðstöðvar með aðgengi að meira en 10 ferðum á klukkustund fyrir bæði strætó og lest.
 - Hlutfall nýrra íbúða og fasteigna fyrir atvinnurekstur, byggðar árið 2015 og síðar með gott aðgengi að almenningssamgöngum.
- 2.3** Hlutdeild göngu og hjólræiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%.
- Árleg hlutdeild almenningssamgangna.
 - Árleg samantekt á fjölda þeirra sem hjóla.
 - Árleg þróun á heildarlengd stofnstígakerfis eftir flokkun.
- 2.4** Meginstofnvegir tryggja greiða umferð fólks og vöru.
- Árleg samantekt á fjölda skráðra fólksbifreiða á hvern íbúa.
 - Árleg samantekt á þróun umferðar á þjóðvegum.
 - Árlegt magn jarðefnaeldsneytis keypt á höfuðborgarsvæðinu.
 - Lengd stofnvegakerfis eftir flokkum.



LEIÐARLJÓÐ 3 Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

- 3.1** Alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.
- Fjöldi og vöxtur starfa og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu eftir svæðum sbr. töflu 1.
 - Fjöldi og hlutfall starfandi og í virkri atvinnuleit.
 - Fjöldi ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu.
 - Fjöldi sprotafyrirtækja og fjöldi starfa.
 - Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í hagkerfi Íslands.
 - Fjöldi fyrirtækja í vísinda- og tæknigarði og fjöldi starfa.
- 3.2** Samstarf um byggðapróun á suðvesturhorni landsins verður eft.
- Fjöldi verkefna með öðrum landshlutasamtökum.
 - Þróun umferðar og ferðamáta milli höfuðborgarsvæðisins og nágrannasveitarfélaga.
 - Magn úrgangs, endurvinnsla og förgun á höfuðborgarsvæðinu.



LEIÐARLJÓÐ 4 Heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf

- 4.1** Íbúar höfuðborgarsvæðisins eigi aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra félagslegra samskipta.
- Lengd sameiginlegra útivistarstíga.
 - Þróun Græna trefilsins.
 - Aðgengi að útivistarsvæðum – hve stór hluti íbúa hefur aðgengi að útivistarsvæðum innan 300 m frá heimili.
- 4.2** Náttúruverndarsvæði eins og fólkvangar, friðlýst svæði, náttúruvætti, hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjasrá skapa höfuðborgarsvæðinu sérstöðu og gegna miklu fræðslu- og útivistarhlutverki í nálægð þéttbýlisins.
- Fjöldi og stærð náttúruverndarsvæða.
 - Fjöldi samninga við UST um friðlýst svæði.
 - Breytingar á flokkun vatnasviða.
- 4.3** Tækifæri til útivistar og ferðaþjónustu innan fólkvanga og fjallahrings höfuðborgarsvæðisins verða nýtt frekar. Hugað verður að samræmdri yfirstjórn og aðgerðum til að tryggja að not ólíkra hópa geti farið saman.
- Samræmd stjórn yfir fjalllendi Esjunnar.

- 4.4** Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð af hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.
- Vinnsla neysluvatns.
 - Fjöldi samtengdra vatnsveitna.
 - Viðhald rennislíkans.
 - Mannvirkjabelti.
 - Fylgst verður með hvort viðbragðsáætlanir verði samræmdar fyrir vatnsverndarsvæðin og eftirlit samræmt.
 - Fylgst verður með niðurstöðum loftgæðamælinga.
 - Fylgst verður með því að unnin verði greining á almannahættu vegna náttúruvár á höfuðborgarsvæðinu og rýmingaráætlun í samvinnu við Almannavarnir og þeim viðhaldið.



LEIÐARLJÓÐ 5 Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar

- 5.1** Borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins. Byggð og umhverfi verður mótað út frá mannlegum þörfum og mælikvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.
- Dreifing þjónustu og verslunarhúsnæðis.
 - Þróun blandaðrar byggðar.
 - Kortlagt hversu stór hluti íbúa hefur aðgang að grunnþjónustu, svo sem til íþrótt- og tómstundaiðkunar, leikskóla, grunnskóla og matvöruverslun innan áætlaðrar 400 metra (5 mínútna) göngufjarlægðar frá heimili sínu.
- 5.2** Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa. Hugað verður sérstaklega að framboði á húsnæði á viðráðanlegu verði.
- Skilgreina húsnæði á viðráðanlegu verði.
 - Þróun húsnæðis á viðráðanlegu verði.
 - Húsnæðisstefna.
 - Þróun fjölskyldugerðar.



LEIÐARLJÓS 6 Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

- 6.1** Skrifstofa SSH er eflað og starfsemi hennar sem vettvangur frekara samstarfs á sviði stefnumótunar og skipulagsmála er fest í sessi.
- Fjöldi funda á skrifstofu SSH.
 - Fjöldi funda svæðisskipulagsnefndar.
 - Fjöldi og staða verkefna.
- 6.2** Metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið liggja fyrir á hverjum tíma þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun.
- Fjöldi tilvika sem reynir á endurskoðun og breytingu á svæðisskipulagi.
 - Staða aðalskipulags sveitarfélaga.
 - Fjöldi útgefinna leiðbeininga.



5

1

HVAÐ ER HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040?

Inngangur

Höfuðborgarsvæðið 2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi

Túlkun og framfylgd

Sögulegt og landfræðilegt samhengi

Lykilhugtök

2

HELSTU ÁSKORANIR

Áframhaldandi vöxtur

Breyttar húsnæðisþarfir

Veikleikar í stjórnkerfinu

Alþjóðleg samkeppnishæfni

Breytingar í umhverfi – loft, lögur og láð

Lýðheilsa

3

STEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

LEIÐARLJÓÐ 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

LEIÐARLJÓÐ 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi

LEIÐARLJÓÐ 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

LEIÐARLJÓÐ 4: Heilnæmt umhverfi

LEIÐARLJÓÐ 5: Gott nærumhverfi

Landnotkun – megindrættir

4

INNLEIÐING OG ÁRANGURSMÆLING

LEIÐARLJÓÐ 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

Innleiðing í skipulagsáætlanir

Endurskoðun

Árangursmæling

UMHVERFISMAT

Samantekt umhverfisskýrslu

Áfangaskipting

Niðurstaða matsvinnu

Tengsl við aðrar áætlanir

Vöktun og eftirfylgni

UMHVERFISMAT

Samantekt umhverfisskýrslu

Forsendur

Höfuðborgarsvæðið hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og þess bíða fjölbreyttar áskoranir á næstu áratugum. Íbúum mun fjölga og þá mest í elsta aldurshópnum. Bregðast þarf við því að loftgæði hafa versnað sem má að stórum hluta rekja til aukinnar bílaumferðar og að útstreymi gróðurhúsa-lofttegunda hefur aukist mikið. Fólki þarf að geta farið á milli staða á hagkvæman hátt í sátt við umhverfið og án þess að of mikið landrými sé tekið undir samgöngumannvirki. Mjög hefur gengið á gott byggingarland undanfarin ár og jaðar þéttbýlisins teygst sig lengra inn til landsins. Alþjóðleg samkeppni milli borga hefur aukist og flæði fólks og fyrirtækja yfir landamæri er meira.

Við mótun stefnu nýs svæðisskipulags, sem kallað er Höfuðborgarsvæðið 2040, er tekist á við þessar áskoranir en tilgangur umhverfismatsins er að tryggja eftir föngum að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við mótun tillögunnar. Áhrif eru almennt metin með því að skoða breytingar frá núverandi stöðu og þróun, þ.m.t. frá gildandi stefnu eða með því að setja viðmið um æskilega þróun og meta hvort stefna svæðisskipulagsins vísar í þá átt. Við svæðisskipulagsvinnuna var síðari leiðin valin og sett fram viðmið um skipulag sem stuðlar að góðri lýðheilsu, sjálfbærri þróun og samkeppnishæfni.

Nálgun

Mat á stefnumiðum svæðisskipulagsins er byggt upp út frá þeim þáttum sem hafa áhrif á lýðheilsu og lífsgæði fólks, en þeir eru: lífsstíll, samfélag, efnahagur, athafnir dagslegs lífs, manngert umhverfi, náttúrulegt umhverfi og hnattrænir umhverfisþættir.

Skipulag getur haft margvísleg áhrif á þessa þætti sem aftur hafa áhrif á lýðheilsu og lífsgæði og því eru þeir kallaðir áhrifaþættir eða áhrifavaldar. Sem dæmi getur gott skipulag haft jákvæð áhrif á:

- Lífsstíll fólks með því að styðja við möguleika til að hreyfa sig dags daglega, t.d. til og frá vinnu eða á aðgengilegum íþrótta- og útivistarsvæðum.
- Samfélag með því að tryggja íbúðarsvæði fyrir fjölbreytt húsæði, blöndun húsagerða innan hverfa, almenningsrými sem veita möguleika á samveru og samskiptum ásamt góðu aðgengi að samgöngum og þjónustu.
- Efnahag með því að tryggja vel staðsett og vönduð svæði fyrir fyrirtæki í fjölbreyttum atvinnugreinum, einkum þeim sem helst má vænta vaxtar í eða stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni í atvinnulífi; og með því að tryggja hagkvæm samgöngu- og veitukerfi.



- Athafnir daglegs lífs með því að stuðla að góðu aðgengi að nærþjónustu, grænum svæðum og öðrum útivistarsvæðum og almenningsrýmum sem bjóða upp á margvíslega notkun.
- Manngert umhverfi með því að stuðla að sveigjanlegu íbúðar- og atvinnuhúsnæði sem stenst tímans tönn, aðlaðandi og fjölbreyttum almenningsrýmum, verndun byggingararfsins og góðum gæðum umhverfisins m.t.t. umferðaröryggis, loftgæða, hljóðvistar og birtustigs.
- Náttúrulegt umhverfi með því að haga landnotkun og grunnkerfum þannig að neikvæð áhrif á loftgæði, vatnsgæði, landslag og náttúrufar séu lágþörfuð og að skipuleggja byggð m.t.t. náttúruvár.
- Hnatræn umhverfismál með því að haga landnotkun og samgöngukerfum þannig að útblástur gróðurhúsalofttegunda verði sem minnstur og takmarka notkun auðlinda eins og jarðefnaeldsneytis og vinna þannig gegn loftslagsbreytingum sem m.a. geta valdið herra hitastigi og hækkun sjávarborðs. Skipulag sem stuðlar að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni er líka hnatrænt verkefni.

Viðmið um ákjósanlega þróun voru sett fram sem spurningar fyrir ofangreinda þætti og lögð áhersla á að þær næðu til eftirfarandi sjónarhorna:

1. Lýðheilsu og lífsgæða í borgum.
2. Sjálfbærni borga.
3. Alþjóðlegar samkeppnishæfni borga.
4. Stefnu íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og skipulagsmálum.

Þá var við nálgun umhverfismatsins tekið mið af áherslum í samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin á svæðinu samþykktu þann 24. ágúst 2012, en þar er m.a. sett markmið um hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun. Spurningum fyrir hvern matsþátt er svarað með því að gefa einkunn og tákna hana með lit. Nánari umfjöllun er í umhverfisskýrslu.

Áfangaskipting

Skipulagsvinnan og vinna við umhverfismatið skiptist í tvo megin áfanga. Í fyrri áfanganum voru mótaðar þrjár sviðsmyndir um mögulega byggðapróun og þær bornar saman m.t.t. viðmiða um lýðheilsu, sjálfbæra þróun og samkeppnishæfni. Í síðari áfanganum var mótuð stefna fyrir málaflokka svæðisskipulagsins og var þá samræmi einstakra stefnumiða við viðmiðin yfirfarið. Matið í heild sinni er sett fram í umhverfisskýrslu sem er fylgiskjal með svæðisskipulagsgreinargerð.

Matið í fyrri áfanga svæðisskipulagsvinnunnar fór þannig fram að ráðgjafateymi svæðisskipulagsvinnunnar ásamt svæðisskipulagsstjóra fóru sameiginlega yfir matsspurningar fyrir hverja sviðsmynd og mátu samræmi hennar við viðmið um lýðheilsu, sjálfbærni og samkeppnishæfni. Leitað var eftir sjónarmiðum íbúa á sérstökum íbúafundi þar sem sviðsmyndir og helstu niðurstöður mats voru kynntar. Íbúar ræddu kosti og galla hvernar sviðsmyndar og kusu að lokum á milli þeirra. Mikill meirihluti valdi sviðsmynd B (Fylgirit 10). Skýrsla úr þeim áfanga var lögð fyrir svæðisskipulagsnefnd sem tók ákvörðun um framhaldið á fundi sínum þann 17. janúar 2014. Niðurstaða mats á sviðsmyndum hafði þau áhrif á útfærslu tillögunnar að ákveðið var að beina uppbyggingu í auknum mæli inn á við en þó þannig að tekið væri tillit til fyrirliggjandi áætlana sveitarfélaga um uppbyggingu. Við mótun nýrrar svæðisskipulagstillögu yrðu dregin skýr ytri vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins og í þeirri vinnu væri mikilvægt að styrkja sveitarfélögin til að fóstira sín sérkenni um leið og unnið væri að heildstæðri tengingu þeirra með samgöngu- og þróunarás. Sviðsmynd B gerði ráð fyrir að ný byggð yrði

að mestu innan núverandi útmarka byggðarinnar en svigrúm yrði til nokkurrar uppbyggingar utan núverandi byggðar. Í sviðsmyndinni var miðað við stofnbrautakerfið eins og það er í dag með fyrri áfanga Sundabrautar og að auki gert ráð fyrir nokkru fjármagni í óstaðsettar framkvæmdir til að bæta umferðarflæði og öryggi. Sviðsmyndin fól í sér töluverðar fjárfestingar í hágæðakerfi fyrir almenningssamgöngur, annað hvort 15-20 km hraðvagnaleið (e. BRT eða Bus Rapid Transit) eða 15-20 km léttlest. Hefðbundið strætisvagnakerfi yrði rekið áfram.

Annar áfangi svæðisskipulagsvinnunnar snérist um að setja fram stefnu fyrir málaflokka og viðfangsefni svæðisskipulagsins. Þegar drög að stefnumiðum lágu fyrir voru þau borin saman við matsspurningar og gengið úr skugga um hvort samræmi eða ósamræmi væri milli stefnumiðana og matsspurninganna. Í umfjölluninni var leitast við að draga fram neikvæð og jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt og athugað hvort stefnumiðin næðu til allra matsþátta og matsspurninga þeim tengdum.

TAFLA 4 – YFIRLIT YFIR TENGL MATSPÁTTA Í UMHVERFISMATI OG MARKMÍÐA Í STEFNU SVÆÐISSKIPULAGSINS

| | 1. Hagkvæmur vöxtur | 2. Skilvirkar samgöngur | 3. Sókn og samkeppnishæfni | 4. Heilnæmt umhverfi | 5. Gott nærumhverfi |
|-----------------------|---------------------|-------------------------|----------------------------|----------------------|---------------------|
| Lífsstíll | 1.1 1.2 | 2.1 2.2 2.3 2.4 | | 4.1 4.2 4.3 | 5.1 5.2 |
| Samfélag | 1.1 1.2 | 2.1 2.2 2.4 | | 4.1 | 5.1 5.2 |
| Efnahagur | 1.1 1.2 | 2.1 2.2 2.3 2.4 | 3.1 3.2 | | 5.1 5.2 5.3 |
| Athafnir daglegs lífs | 1.1 1.2 | 2.1 | | 4.1 | 5.1 |
| Manngert umhverfi | 1.2 | 2.1 2.4 | | | 5.3 |
| Náttúrulegt umhverfi | 1.1 1.2 | 2.1 2.2 2.3 2.4 | | 4.4 | |
| Hnattræn áhrif | 1.1 1.2 | 2.1 2.2 2.3 2.4 | | | |

Niðurstaða matsvinnu

Stefnan hefur verið rýnd með tilliti til áhrifa á lýðheilsu og lífsgæði í borgum, sjálfbærni, samkeppnishæfni og samræmi stefnunnar við stefnu íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og skipulagsmálum. Almenn leiðir stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 til jákvæðra áhrifa á umhverfið. Þétting byggðar með samgöngu- og þróunarási hefur víðtæk jákvæð áhrif. Uppbygging í þéttri byggð styður við meira borgarlíf og aukna útiveru á sameiginlegum opinberum svæðum, s.s. torgum, grænum svæðum, gangstéttum, stígum og opnum svæðum og bætir alþjóðlega samkeppnishæfni svæðisins til búsetu.

Stefna um breyttar ferðavenjur þar sem hærra hlutfall gengur, hjólar og ferðast með almenningssamgöngum hefur jákvæð áhrif á alla matsþætti og bætir aðgengi fyrir alla.

Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 veitir möguleika á fjölbreyttum atvinnusvæðum. Þéttari byggð getur skapað aðstæður fyrir fjölbreyttari starfsemi og að auki verður framboð af svæðum fyrir landfreka starfsemi í útjaðri byggðarinnar.




Í þéttri byggð er líklegra að framboð verði af húsnæði í líflegu borgarumhverfi sem hefur góð áhrif á lífsgæði.

Stefna um gott aðgengi að grænum svæðum innan og utan þéttbýlisins hefur m.a. jákvæð áhrif á lífsstíl, samfélag og athafnir daglegs lífs. Í mörgum tilfellum dregur það úr jákvæðum áhrifum stefnu um þéttingu byggðar og breyttrar ferðavenja að ennþá er gert ráð fyrir rými fyrir nýja byggð/úthverfi innan vaxtarmarkanna sem getur orðið dreifð og óhagkvæmt og gengur á óhreyft land.

Stefnan getur haft neikvæð áhrif á votlendissvæði á Esjumelum sem er innan þéttbýlismarka og við aðal- og deiliskipulagsgerð þarf að leitast við að lágmarka þau áhrif. Að öðru leyti tekur stefnan tillit til ákvæða náttúruverndarlaga um líffræðilega fjölbreytni og verndarsvæði.

TAFLA 5 – SAMANTEKT; MATSÞÆTTIR OG MATSSPURNINGAR FYRIR MAT Á ÁHRIFUM BYGGÐARÞRÓUNAR Á LÝÐHEILSU OG LÍFSGÆÐI; SAMKEPPNISHÆFNI OG SJÁLFBÆRNI

Spurningum fyrir hvern þátt er svarað með því að gefa einkunn og tákna hana með lit, sem hér segir:

| | |
|------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|
| Líkur á verulega jákvæðum áhrifum |  |
| Líkur á jákvæðum áhrifum |  |
| Engin eða lítil áhrif |  |
| Líkur á neikvæðum áhrifum |  |
| Líkur á verulega neikvæðum áhrifum |  |
| Áhrif líkleg til að vera hlutlaus eða að jákvæð áhrif vegi neikvæð upp |  |

| MATSÞÁTTUR | | SPURNINGAR TIL AÐ META ÁHRIF STEFNU – LITUR SÝNIR SAMRÆMI STEFNU SVÆÐISSKIPULAGSTILLÖGU VIÐ MATSSPURNINGAR | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|
| Lífsstíll Umhverfi sem hvetur til hreyfingar og vellíðunar. | 1. | Styður stefnan við breyttar ferðavenjur þ.e. hærra hlutfall gangandi og hjólandi og farþega með almenningssamgöngum? | |
| | 2. | Styður stefnan möguleika til hreyfingar og útiveru á grænum svæðum innan hverfa? | |
| | 3. | Styður stefnan við möguleika til hreyfingar og útiveru í náttúrulegu umhverfi, þ.e. við strönd, á grónum svæðum á jaðri byggðarinnar og í Græna treffinum? | |
| Samfélag Félagsleg tengsl, jafnræði, samheldni og þátttaka í samfélaginu. | 1. | Mætir stefnan áætluðum húsnæðisþörfum, m.t.t. stærðar íbúða og staðsetningar íbúðarsvæða? | |
| | 2. | Styður stefnan við möguleika á að blanda félagsþópum í hverfum/borgarhlutum, t.d. með fjölbreyttri blöndun húsagerða? | |
| | 3. | Ýtir stefnan undir að fólk nýti sér almenningsrými og stuðlar hún þannig að samskiptum og samveru íbúa? Dæmi um almenningsrými: Götur, torg, gangstéttar, stígar, græn svæði. | |
| | 4. | Gerir stefnan öllum þjóðfélagshópum kleift að ferðast auðveldlega um, t.a.m. með almenningssamgöngum, bílum, gangandi, akandi að þjónustu, vinnustöðum o.fl.? | |
| Efnahagur Aðgengi að störfum og alþjóðleg samkeppnishæfni svæðisins. | 1. | Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem vænta má vaxtar í á svæðinu? | |
| | 2. | Veitir stefnan möguleika á eftirsóknarverðu búsetuumhverfi sem höfðar til fjölbreytts hóps fólks og stuðlar að alþjóðlegri samkeppishæfni búsetu? | |
| | 3. | Miðar stefnan að hagkvæmu samgöngukerfi? | |
| | 4. | Veitir stefnan möguleika á hagkvæmu grunnkerfi veitna og sorphirðu? | |
| Athafnir daglegs lífs Gott umhverfi fyrir daglegar athafnir. | 1. | Styður stefnan við gott framboð af nærþjónustu? | |
| | 2. | Stuðlar stefnan að styttri ferðatíma við daglegar athafnir? | |
| | 3. | Hefur stefnan áhrif á aðgengi að svæðum á jaðri byggðarinnar fyrir skógrækt, matjurtarækt, eða landbúnað? | |
| Manngert umhverfi Gæði manngerðs umhverfis. | 1. | Veitir stefnan möguleika á að atvinnu- og íbúðarsvæði bjóði upp á sveigjanlega notkun eftir því sem þarfir íbúa og atvinnustarfsemi breytast? | |
| | 2. | Styður stefnan við að til verði almenningsrými af góðum gæðum, m.t.t. efnisnotkunar, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika? | |
| | 3. | Styður stefnan við aukin gæði byggðarinnar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? | |
| | 4. | Styður stefnan við varðveislu byggingararfs og sérkenna hins byggða umhverfis höfuðborgarsvæðisins? | |
| Náttúrulegt umhverfi Virðing fyrir náttúru og viðhald vistkerfa. | 1. | Stuðlar stefnan að bættum loftgæðum? | |
| | 2. | Stendur stefnar vörð um vatnsverndarsvæði? | |
| | 3. | Heimilur stefnan að óraskað land sé tekið undir byggð? | |
| | 4. | Tekur stefnan tillit til náttúruvár við skipulag landnotkunar? | |
| Hnatræn umhverfismál Loftslagsbreytingar og líffræðileg fjölbreytni. | 1. | Hefur stefnan þau áhrif að það dragi úr útlosun gróðurhúsalofttegunda? | |
| | 2. | Stuðlar stefnan að minni notkun jarðefnaeldsneytis? | |
| | 3. | Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs? | |
| | 4. | Hefur stefnan áhrif á svæði sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um líffræðilega fjölbreytni? | |

Tengsl við aðrar áætlanir

Við mótun matsspurninga í umhverfismatinu var farið yfir viðeigandi íslensk stefnuskjöl á sviði umhverfis- og skipulagsmála og gengið úr skugga um að spurningarnar næðu til atriða í fyrirliggjandi stefnu stjórnvalda, innlendra áætlana, stefna, laga og rannsókna við mótun viðmiða. Almenn er svæðisskipulagstillagan í samræmi við áætlanir stjórnvalda og alþjóðlega samninga. Mögulega kann áætlunin að hafa áhrif á votlendi á Esjumelum sem er innan vaxtarmarka byggðarinnar.

Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 er í góðu samræmi við þau meginmarkmið sem sett voru fram í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 þótt leiðir og aðgerðir til að ná markmiðunum hafi breyst nokkuð. Báðar áætlanirnar eru settar fram í anda sjálfbærrar þróunar með markmiðum um að þetta byggð, blanda byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis, ekki verði gengið um of á græn svæði og auðlindir og að almenningssamgöngur verði bættar. Framtíðarsýn borgarinnar var þá og er nú að svæðið sé alþjóðlega samkeppnishæft með sjálfbæra þróun og aukin lífsgæði að leiðarljósi.

Þróun síðustu ára hefur um margt ekki verið að fullu í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og skipulagsmálum. Jarðmyndunum s.s. hraunum hefur verið raskað, dregið hefur úr nærþjónustu, húsnæðisþörfum hefur ekki verið mætt, útblástur gróðurhúsalofttegunda hefur aukist, hljóð- og loftmengun aukist og breytingar á ferðavenjum ganga hægt þó eitthvað miði. Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 hefur alla burði til að snúa þessum þáttum til betri vegar.

Vöktun og eftirfylgni

Til að fylgja eftir stefnu svæðisskipulagstillögunnar og vakta áhrif hennar á umhverfi og samfélag eru lagðir til umhverfisvísar/mælikvarðar. Sumir þeirra eru nú þegar vaktaðir sbr. upplýsingar þar um en fyrir aðra þurfa sveitarfélögin í sameiningu að koma upp reglulegri vöktun. Allir umhverfisvísarnir hafa verið teknir upp í svæðisskipulagsgreinargerð og þar skilgreindir ábyrgðaraðilar.

FYLGIRIT SVÆÐISSKIPULAGS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Við endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins hafa verið gerðar margvíslegar forsendugreiningar sem hjálpa til að skilgreina áskoranir, móta framtíðarsýn og setja markmið og lista upp þær aðgerðir sem vinna þarf áfram á skipulagstímanum.

Forsendugreiningar voru unnar sem sjálfstæð verkefni, liður að sóknar-áætlun höfuðborgarsvæðisins eða sérverkefni undir hatti svæðisskipulagsnefndar. Allar greiningar voru unnar í samráði við hagsmunaaðila og kemur fram í fylgiritunum hvernig því samráði var háttað.

Einnig var unnið sérstakt umhverfismat tillögunnar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006. Umhverfismatið var unnið samhliða stefnumótuninni. Viðmið matsþátta hafði mótandi áhrif á tillögugerðina.

Hin eiginlega stefna svæðisskipulagsins birtist í greinargerðinni Höfuðborgarsvæðið 2040. Fylgiritin sem gerð er grein fyrir hér að neðan er ætlað að hjálpa til við að dýpka skilning á stefnu svæðisskipulagsins og áhrifum hennar. Fylgiritin munu einnig nýttast svæðisskipulagsnefnd, sveitarfélögunum og öðrum aðilum við að hrinda stefnu svæðisskipulagsins í framkvæmd.

- | | |
|-------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fylgirit 1A | Umhverfisskýrsla. Unnin af ráðgjafafyrirtækinu Alta, september 2014. |
| Fylgirit 1B | Mat á sviðsmyndum um þróun nýrrar byggðar. Greinargerð ráðgjafafyrirtækisins Alta, janúar 2014. |
| Fylgirit 2 | Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð verkfræðistofunnar Vatnaskila um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, júlí 2014. |
| Fylgirit 3 | Þróun og framreikningur íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð Ingunnar S. Þorsteinsdóttur og Sigurðar Snævars Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, júní 2014. |
| Fylgirit 4 | Höfuðborgarsvæðið og hagkerfið. Greinargerð Sigurðar Snævars og Vilborgar H. Júlíusdóttur. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, júní 2014. |
| Fylgirit 5 | Mat á samgöngusviðmyndum. Greinargerð verkfræðistofunnar Mannvits. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013. Janúar 2014. |
| Fylgirit 6 | Næstu skref í þróun samgöngukerfa. Greinargerð verkfræðistofunnar Mannvits, september 2014. |
| Fylgirit 7 | Byggðarþróun. Greinargerð arkitektastofunnar Hús og skipulag, september 2014. |
| Fylgirit 8 | Náttúra og útivist. Greinargerð landslagsarkitektastofunnar Landslags, október 2014. |
| Fylgirit 9 | Umferðarspá. Greinargerð verkfræðistofunnar VSÓ, október 2014. |
| Fylgirit 10 | Íbúafundur um framtíðarþróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Greinargerð Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, nóvember 2013. |
| Fylgirit 11 | Umsagnir og athugasemdir á kynningarstigi. |
| Fylgirit 12 | Samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, ágúst 2012. |

VIÐAUKI

Matsþættir og matsspurningar fyrir mat á áhrifum byggðarþróunar á lýðheilsu og lífsgæði.

| MATSPÁTTUR | VIÐFANGSEFNI Í SKIPULAGI | SPURNINGAR TIL AÐ META ÁHRIF STEFNU Á MATSPÁTTINN | STEFNUSKJÖL SEM BYGGT ER Á |
|--------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Lífsstíll Umhverfi sem hvetur til hreyfingar og vellíðunar. | <ul style="list-style-type: none"> Aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Aðstæður fyrir hreyfingu og útiveru. Aðgengi að stærri grænum / náttúrulegum svæðum. | <ol style="list-style-type: none"> Styður stefnan við breyttar ferðavenjur þ.e. hærra hlutfall gangandi og hjólandi og farþega með almenningsamgöngum? Styður stefnan möguleika til hreyfingar og útiveru á grænum svæðum innan hverfa? Styður stefnan við möguleika til hreyfingar og útiveru í náttúrulegu umhverfi, þ.e. við strönd, á grónum svæðum á jaðri byggðarinnar og í græna treflinum? | Samgönguáætlun 2011-2022, Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, Orkustefna fyrir Íslands, Velferð til framtíðar. |
| Samfélag Félagssleg tengsl, jafnræði, samheldni og þátttaka í samfélaginu. | <ul style="list-style-type: none"> Framboð á svæðum fyrir íbúðarhúsnæði sem svarar eftirsóknir á húsnæðismarkaði. Blöndun húsaerða innan hverfa eða borgarluta. Almenningsrými sem veita möguleika á samveru og samskiptum. Aðgengi að almenningsamgöngum. | <ol style="list-style-type: none"> Mætir stefnan áætluðum húsnæðisþörfum, m.t.t. stærðar íbúða og staðsetningar íbúðarsvæða? Styður stefnan við möguleika á að blanda félagshópum í hverfum/borgarlutum, t.d. með fjölbreyttri blöndun húsaerða? Ytir stefnan undir að fólk nýti sér almenningsrými og stuðlar hún þannig að samskiptum og samveru íbúa? Dæmi um almenningsrými: Götur, torg, gangstéttir, stígar, græn svæði. Gerir stefnan öllum þjóðfélagshópum kleift að ferðast auðveldlega um t.a.m. með almenningsamgöngum, bílum, gangandi, akandi að þjónustu, vinnustöðum o.fl.? | Samgönguáætlun 2011-2022, Húsnæðisstefna. |
| Efnahagur Aðgengi að störfum og alþjóðleg samkeppnishæfni svæðisins. | <ul style="list-style-type: none"> Staðsetning og útfærsla svæða fyrir fyrirtæki í fjölbreyttum atvinnugreinum, einkum þeim sem helst má vænta vaxtar í og/eða stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni í atvinnulífi. Staðsetning og útfærsla íbúðarsvæða og mótun búsetu-umhverfis sem höfðar til fjölbreytts hóps fólks, einkum starfsfólks í þeim atvinnugreinum sem helst má vænta vaxtar í og/eða stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni til búsetu. Aðgengi atvinnusvæða að stofnæðum og samgöngukerfinu almennt. | <ol style="list-style-type: none"> Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem vænta má vaxtar á svæðinu? Veitir stefnan möguleika á eftirsóknarverðu búsetuumhverfi sem höfðar til fjölbreytts hóps fólks og stuðlar að alþjóðlegri samkeppnishæfni búsetu? Miðar stefnan að hagkvæmu samgöngukerfi? Veitir sviðsmyndin möguleika á hagkvæmu grunnkerfi veitna og sorphirðu? | Ísland 2020 – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda, Byggsáætlun 2010-2013, Samgönguáætlun 2011-2022 |
| Athafnir daglegs lífs Gott umhverfi fyrir daglegar athafnir. | <ul style="list-style-type: none"> Aðgengi að nærbjónustu, sem m.a. hefur áhrif á daglegan ferðatíma. Aðgengi að grænum svæðum og öðrum útivistarsvæðum og almenningsrýmum sem bjóða upp á margvíslega notkun, þ.m.t. ræktun. | <ol style="list-style-type: none"> Styður stefnan við gott framboð af nærbjónustu? Stuðlar stefnan að styttri ferðatíma við daglegar athafnir? Hefur stefnan áhrif á aðgengi að svæðum á jaðri byggðarinnar fyrir skógrækt, matjurtarækt, eða landbúnað? | Húsnæðisstefna, Samgönguáætlun 2011-2022. |
| Manngert umhverfi Gæði manngerðs umhverfis. | <ul style="list-style-type: none"> Gæði og staðsetning bygginga, einkum m.t.t. möguleika á breytingum á húsnæðinu eftir því sem þarfir íbúa og atvinnustarfsemi breytast. Í samhengi stefnu um byggðarþróun snýst málið fyrst og fremst um hvort byggingar geta nýst ýmist til búsetu eða fyrir atvinnustarfsemi. Gæði almenningsrýma, þ.m.t. gatna og opinna svæða, t.d. m.t.t. efnisnotkunar, gróðurs og nýtingarmöguleika. Umhverfissgæði, s.s. umferðaröryggi, loftgæði, hljóðvist og birtustig. Sérkenni byggðar og byggingararfs. | <ol style="list-style-type: none"> Veitir stefnan möguleika á að atvinnu- og íbúðarsvæði bjóði upp á sveigjanlega notkun eftir því sem þarfir íbúa og atvinnustarfsemi breytast? Styður stefnan við að til verði almenningsrými af góðum gæðum, m.t.t. efnisnotkunar, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika? Hvaða stefna kemur best út m.t.t. gæða byggðarinnar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? Styður stefnan við varðveislu byggingararfs og sérkenna hins byggða umhverfis höfuðborgarsvæðisins? | Samgönguáætlun 2011-2022, Menningarstefna í mannvirkjagerð. |
| Náttúrulegt umhverfi Virðing fyrir náttúru og viðhald vistkerfa. | <ul style="list-style-type: none"> Fyrirkomulag landnotkunar og grunnkerfa getur haft áhrif á loftgæði og vatnsgæði. Fyrirkomulag landnotkunar og grunnkerfa getur haft áhrif á landslag og náttúrufar. Staðsetning og fyrirkomulag byggðar getur haft áhrif á öryggi m.t.t. náttúruvör. | <ol style="list-style-type: none"> Stuðlar stefnan að bættum loftgæði? Lágmarkar stefnan áhrif á neysluvatn? Lágmarkar stefnan röskun á óhreyfðu landi? Lágmarkar stefnan hættu vegna náttúruvör? | Velferð til framtíðar, Samgönguáætlun 2011-2022, Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. |
| Hnattræn umhverfismál Loftslagsbreytingar og líffræðileg fjölbreytni. | <ul style="list-style-type: none"> Fyrirkomulag landnotkunar og grunnkerfa getur haft áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda. Fyrirkomulag landnotkunar og grunnkerfa getur haft áhrif á notkun takmarkaðra auðlinda eins og jarðefnaeldsneytis, t.d. með því að stuðla að mikilli notkun bifreiða. Fyrirkomulag landnotkunar og grunnkerfa getur aukið líkur á skaða vegna sjávarflóða. | <ol style="list-style-type: none"> Hefur stefnan þau áhrif að það dragi úr útlosun gróðurhúsalofttegunda? Stuðlar stefnan að minni notkun jarðefnaeldsneytis? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs? Hefur stefnan áhrif á svæði sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um líffræðilega fjölbreytni? | Stefnumörkun í loftslagsmálum, Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, Ísland 2020 – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda, Samgönguáætlun 2011-2022, Velferð til framtíðar. Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni, Náttúruverndarlög. |





Höfuðborgarsvæðið er eina borgarsvæði landsins og sem slíkt gegnir það veigamiklu hlutverki sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og menningar fyrir landið allt. Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífelld meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lykilatriði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem líf skjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir.

Skrifstofa SSH hafði umsjón með gerð nýs svæðisskipulags í samvinnu við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins. Margir hafa komið að verkefninu. Þverfaglegt ráðgjafateymi, stutt lykilstarfsmönnum sveitarfélaga, mótaði verkefnið í samráði við lykilstofnanir ríkisins.

Nýtt svæðisskipulag — **Höfuðborgarsvæðið 2040**
er sameiginleg áætlun sveitarfélaganna um uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu til næstu 25 ára.



SSH
2015